


Menntastefna Reykjavíkur til 2030

Helstu vörður innleiðingar 2022-2023



júní 2023



Efnisyfirlit

Inngangur og samantekt	3
1. Kynningar á Menntastefnunni og tengsl við önnur verkefni	5
1.1. Menntastefna, Betri borg fyrir börn og farsældarlögin	5
1.2. Menntastefnuvefurinn	8
1.3. Hlaðvarpið Rásin	9
2. Starfsáætlanir	10
Leikskólar	10
Frístundastarf	13
Grunnskólar	14
3. Almennar aðgerðir	16
3.1. Loftslagsmál og umhverfi	17
3.2. Markviss menntun fyrir öll börn	19
3.3. Sjálfsefning, félagsfærni og lýðræði	21
3.4. Menningarlegur margbreytileiki	24
3.5. Læsi í víðu samhengi	25
3.6. Heilbrigði og vellíðan	26
3.7. Nýsköpun og framsækni í námi og leik	30
3.8. Hagnýting stafrænnar tækni	32
3.9. Faglegt samstarf og starfsþróun	34
3.10. Húsnæði og búnaður	42
4. Mælikvarðar og hugmyndafræðin á bakvið þróun þeirra	44
Yfirlit yfir fylgiskjöl:	46
Fylgiskjal 1 - Öll í sama liði	47
Fylgiskjal 2 - Dagskrá Öskudagsráðstefnu 2022 - Framtíðin er okkar	50
Fylgiskjal 3 - Dagskrá Öskudagsráðstefnu 2023 – Hvað viltu læra	51
Fylgiskjal 4 - Upplýsingar um verkefni í A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs	52
Fylgiskjal 5 - Yfirlit yfir B- hluta styrki skólaárið 2022-2023	54
Fylgiskjal 6 - Niðurstöður könnunar um Leiðtogi framtíðarinnar er Teymið	56
Fylgiskjal 7 - Yfirlit yfir framkvæmdir	81

Inngangur og samantekt

Í þessari stöðuskýrslu er lagt fram yfirlit yfir helstu verkefni vegna innleiðingar menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ árið 2022 og þar til í júní 2023. Á fyrstu mánuðum ársins 2022 var skóla- og frístundastarf í Reykjavíkurborg enn undir áhrifum frá heimsfaraldri Covid-19 en þeirra áhrifa gætti fram eftir ári. Í janúar 2022 hófst innleiðing verkefnisins Betri borg fyrir börn í öllum borgarhlutum eftir að verkefnið hafði verið tilraunaverkefni í þjónustumiðstöð Breiðholts í tvö ár. Samhliða því urðu breytingar á umgjörð innleiðingar menntastefnu og þeim fulltrúum sem sitja í innleiðingarhópnum. Þessir tveir stóru áhrifaþættir, Covid-19 og BBB höfðu það í för með sér að framkvæmdastjórn SFS tók ákvörðun um að hægja á innleiðingu almennra aðgerða og fresta stöðutöku þeirra frá júní 2022 þangað til í janúar 2023. Þessi skýrsla tekur því til lengri tíma en fyrri skýrslur en jafnframt er búið að lengja tímalínu [núverandi aðgerðaráætlunar til 31. desember 2024](#).

Nokkrar lykiltölur 2022-2023

- 3020 börn og starfsfólk SFS tóku þátt í starfsemi MÚÚ
- 95% grunnskóla eru með fulltrúa nemenda í skólaráði
- 96% félagsmiðstöðva eru með unglingaráð
- 1300 unglingar greiddu atkvæði um fræðslu í Viku6
- 40% starfsstaða SFS hafa fengið Regnbogavottun
- Allir nemendur í 5.-10. bekk eru komnir með eigið námstæki
- Fjöldgun námstækja í grunnskólum um 7500
- 160 fræðsluviðburðir um stafræna tækni
- 800 þátttakendur í 33 Sumarsmiðjunámskeiðum
- 400 þátttakendur í lærdómssamfélögum
- 264.577mkr. hafa fengist í styrki til alþjóðaverkefna frá árinu 2019
- 20 starfsstaðir grunnskóla og frístundaheimila hafa lokið innleiðingu Réttindaskólaverkefnis UNICEF og 19 starfsstaðir eru í ferli.

Þær breytingar urðu á Nýsköpunarmiðju Menntamála, sem heldur utan um innleiðingu menntastefnu, að sá hluti sem tengist stafrænni vegferð og skapandi tækni í skóla- og frístundastarfi varð að sérstakri deild, Mixtúru 1. janúar 2022. Í mars 2022 flutti starfsemi Mixtúru á Menntavísindasvið Háskóla Íslands í Stakkahlíð og innsiglar þannig enn betur samstarfið við Menntavísindasvið sem hefur verið ein af almennu aðgerðunum og stoð við innleiðingu stefnunnar frá upphafi. Vorið 2022 var endurnýjaður gagnvirkur samningur við Menntavísindasvið til ársins 2024 en hluti þess samnings felur í sér stofnun Nýsköpunarstofu menntunar í samstarfi Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Fjallað verður nánar um þessi samstarfsverkefni í kafla 3.9. um faglegt samstarf og starfsþróun.

Breytingar urðu á fjárhagslegum forsendum SFS fyrir árið 2023 sem kröfðust hagræðingar og höfðu áhrif á að ekki var úthlutað úr þróunar- og nýsköpunarsjóði vorið 2023 eða kallað eftir umsóknum frá starfsstöðum fyrir skólaárið 2023-2024. Þessi aðgerð hafði ekki áhrif á B-hluta verkefni skólaársins 2022-2023 en A-hluta verkefni sem hófust í upphafi skólaársins fengu lægri seinni greiðslu fyrir fjárhagsárið 2023. Mikil ánægja er með sjóðinn meðal stjórnenda í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi en samkvæmt niðurstöðum könnunar til stjórnenda telja langflestir þeirra að þróunar- og nýsköpunarsjóðurinn hafi haft frekar eða mjög jákvæð áhrif á starf þeirra.

Markmiðið með innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur til ársins 2030 er fjölbætt og snertir alla fleti dagslegs starfs í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi borgarinnar. Rík áhersla er lögð á að fagfólk

á vettvangi í skóla- og frístundastarfi útfæri stefnuna miðað við aðstæður á hverjum stað, í náinni samvinnu sín á milli, í samstarfi við aðra fagaðila og síðast en ekki síst með virkri þátttöku barna og unglinga. Segja má að birtingarmyndir innleiðingar stefnunnar í skóla- og frístundastarfinu á vettvangi komi sterkast fram í þeim fjölbreyttu þróunar- og nýsköpunarverkefnum sem stofnað hefur verið til og allir starfsstaðir borgarinnar hafa unnið að. Almennar aðgerðir fela síðan í sér þann stuðning sem Reykjavíkurborg og skóla- og frístundasvið hafa skuldbundið sig til að veita starfsstöðum við innleiðingu stefnunnar og eru hryggjarstykkið í starfsáætlun sviðsins. Stuðningur við innleiðingu stefnunnar felur meðal annars í sér framsækna skóla- og frístundaþjónustu við starfsstaði, umfangsmikla starfsþróun og stuðning við þróun- og nýsköpun á grundvelli innlendra og erlendra styrkja.

Þegar litið er til almennra aðgerða 2022-2024 er ljóst að flest verkefni hafa farið af stað, sum eru komin vel á veg og öðrum er lokið. Meðal stærstu áskoranna sem blasa við í skóla- og frístundastarfi eru samfélagslegar breytingar, umhverfismál og stafræn vegferð. Börnum með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn hefur fjölgað jafnt og þétt og þrátt fyrir að fjölmörg verkefni miði að því að styðja starfsstaði við að sinna þeim stækkandi hópi er enn að mörgu að hyggja. Bakslag hefur orðið í hinsegin og kynsegin málefnum og brýnt að efla fræðslu, ráðgjöf og stuðning við börn, ungmenni og fullorðna þegar kemur að þeim málum. Hægt hefur gengið að koma af stað verkefnum sem tengjast loftslagsmálum og umhverfi en mörg þeirra verkefna kröfðust viðbótarfjármagns sem ekki hefur tekist að afla. Að mörgu leiti hefur gengið vel að efla stafræna grósku í skólastarfi og eru nú allir nemendur í 5.-10. bekk komin með eigin námstæki. Á sama tíma hefur hægt mikið á innleiðingu nýrra stafrænna lausna vegna úttektar Persónuverndar og niðurstöðu stofnunarinnar í Sesaw málinu þar sem borgin hlaut fjársektir. Hér hefur verið tæpt stuttlega á helstu viðfangsefnum í innleiðingu menntastefnunnar en með þessari skýrslu er leitast við að skapa yfirsýn yfir þau verkefni og þær aðgerðir sem unnið hefur verið að frá því að síðasta skýrsla kom út og þar til í júní 2023. Hægt er að nálgast fyrri skýrslur á vef menntastefnunnar <https://menntastefna.is/um-menntastefnu/>

Innleiðingarhópur menntastefnu frá hausti 2022:

- Atli Steinn Árnason framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Brúin, fulltrúi Austurmiðstöðvar
- Dröfn Rafnsdóttir, Miðju máls og læsis
- Elísabet Helga Pálmadóttir fagstjóri leikskóla, fulltrúi Suðurmiðstöðvar
- Fjóra Þorvaldsdóttir leikskólahluta fagskrifstofu
- Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstýra Nýsköpunarmiðju menntamála - formaður
- Guðmundur Guðbjörnsson, fjármála- og rekstrarþjónustu
- Guðný Reynisdóttir, mannauðsþjónustu
- Guðrún Kaldal framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Tjörnin, fulltrúi Vesturmiðstöðvar
- Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, skrifstofu sviðsstjóra
- Hjörtur Ágústsson verkefnastjóri Nýsköpunarmiðju menntamála
- Jóhanna H. Marteinsdóttir, mannauðsþjónustu
- Sigrún Sveinbjörnsdóttir, frístundahluta fagskrifstofu
- Sigrún Harpa Magnúsdóttir, skrifstofu sviðsstjóra
- Soffía Vagnsdóttir, grunnskólahluta fagskrifstofu
- Valborg Hlín Guðlaugsdóttir fagstjóri leikskóla, fulltrúi Norðurmiðstöðvar
- Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, Mixtúru

1. Kynningar á Menntastefnunni og tengsl við önnur verkefni.

Haldið var áfram að kynna menntastefnuna og verkefni tengd henni innan sem utan borgarinnar, á starfsstöðum SFS, í öðrum sveitarfélögum og á ráðstefnum innanlands og erlendis. Stefnan og innleiðing hennar var sérstaklega kynnt fyrir starfsfólki í Austurmiðstöð og Vesturmiðstöð, innleiðingarhóp Velferðarstefnu á Velferðarsviði, nýjum stjórnendum hjá SFS, ársfundi skólastjórafélags Reykjavíkur, Menntavísindasviði HÍ og á [Rásinni, hlaðvarpi SFS](#). Eftir að samkomutakmörkunum vegna heimsfaraldurs létti hafa heimsóknir erlendra gesta aukist mikið sem og ferðir starfsfólks í skóla- og frístundastarfi til samstarfslanda. Í þessum heimsóknum er menntastefnan jafnan kynnt og vekur athygli fyrir metnaðarfull markmið, áherslu á formlegt og óformlegt nám og þann stuðning sem veittur er við innleiðingu.

1.1. Menntastefna, Betri borg fyrir börn og farsældarlögin


Ný lög um [sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#) tóku gildi 1. janúar 2022. Í sama mánuði hófst innleiðing verkefnisins [Betri borg fyrir börn](#) (BBB) í öllum borgarhlutum en áður hafði verið unnið tilraunaverkefni í þjónustumiðstöð Breiðholts – nú Suðurmiðstöð. Í gegnum BBB verkefnið er unnið að því að samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og styðja markvisst við skóla- og frístundastarfi borgarhlutunum. Eins og kemur fram lögnum er þjónustu í þágu farsældar skipt í þrjú stig þar sem fyrsta stigið tilheyrir grunnþjónustu sem er aðgengileg öllum börnum. Mikilvægur þáttur í að vinna að aukinni farsæld barna er að efla markvisst samstarf á milli þjónustustiga en einnig menntun og velferð barna innan fyrsta stigsins en með farsældarlögnum er boðuð áherslubreyting í menntun, bæði í leik- og grunnskóla sem og starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

Í ljósi þessa tók framkvæmdastjórn SFS ákvörðun um að koma af stað vinnusmiðjum með fulltrúum af vettvangi leikskóla-, grunnskóla-, frístunda- og velferðarstarfs. Þátttakendur voru starfsfólk og stjórnendur í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, hvort skólástig og frístundastarfið í aðskildum hópum, starfsfólk verkefnisins Betri borg fyrir börn (BBB), framkvæmdastjórar miðstöðva úr hverjum borgarhluta og fulltrúar miðlægrar skóla- og frístundaþjónustu. Smiðjurnar voru haldnar í hverjum borgarhluta fyrir þá fulltrúa sem tengdust leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi á hverjum stað. Hver hópur sótti þrjár smiðjur sem taldi fjórar klukkustundir, alls tólf klukkustundir fyrir hvern hóp. Á tímabilinu 23. janúar til 30 mars voru haldnar 36 smiðjur með um 500 þátttakendum. Sviðsstjóri SFS og deildarstýra Nýsköpunarmiðju á SFS undirbjuggu og leiddu smiðjurnar í nánú samstarfi við fagstjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva í borgarhlutunum fjórum og skrifstofustjóra skrifstofu SFS. Markmið vinnusmiðjanna var að skapa sameiginlegan skilning um menntastefnuna, BBB og farsældarlögin á starfsstöðvum SFS ásamt því að gefa stjórnendum veganesti til að taka samtalið innan sinna starfsstöðva með þátttöku starfsmanna, barna og foreldra.



Smiðjurnar byggðu á aðferðarfræði samfélagslegrar nýsköpunar þar sem þátttakendur unnu saman að því að skapa saman nýja mynd af viðfangsefninu og sameinast um næstu skref. Aðferðarfræðin er sótt í smiðju samstarfsfélaga frá Alberta í Kanada þeirra Dr. Jean Stiles og Dr. JC Couture sem héldu

[tilraunasmiðja um samfélagslega nýsköpun í Gerðubergi 2019](#) og í námskeiðinu „[Forysta á nýjum tímum, Ný og breytt viðfangsefni, áskoranir og kreppur](#)“ sem haldið var á menntavísindasviði í nóvember 2022. Viðfangsefnið að skapa sameiginlegan skilning á því hvernig Menntastefna, BBB og farsældarlög þræða saman og hafa áhrif á menntun til framtíðar, felur í sér flókna áskorun sem enn er ekki fullur skilningur á og ekki allir sammála um hvað er réttast eða best til að ná sem mestum árangri. Hugmyndafræði samfélagslegrar nýsköpunar byggir á þrenns konar nálgun, að hugsa heildrænt og kerfislegt (e. systems thinking), hönnunarhugsun (e. design thinking) og framtíðarhugsun (e. future thinking). Áherslur samfélagslegrar nýsköpunar fela í sér að vinna með hugmyndir og lausnir við **flóknum áskorunum** eða verkefnum þar sem jafnvægis er gætt milli hins nýja og gamla og allir hafa rödd.



Á fyrsta degi var rætt um hverjar væru helstu áskoranir að mati þátttakenda og hvaða breytingar þyrfti að gera til að mæta þeim. Á öðrum degi var rætt um stigskiptingu þjónustu og þátttakendur unnu að því að greina og flokka þjónustu og úrræði/lausnir eftir því hverjar tilheyra fyrsta, öðru og þriðja stigi. Í þriðju og síðustu lotunni unnu þátttakendur saman í hópum út frá hverjum starfsstað, greindu

helstu áskoranir í þeirra umhverfi og fóru í hugmyndavinnu. Afurðin úr þessari lotu urðu fjölmörg áhugaverð verkefni sem starfsstaðir sáu fyrir sér að gætu stuðlað að því að auka farsæld barna innan leikskólans, grunnskólans eða frístundastarfsins.

Í lok hverrar smiðju var sest í hring og þátttakendur deildu upplifun sinni. Almennt ríkti ánægja með smiðjurnar, fyrirkomulag þeirra, umræðurnar og tengslin sem urðu á milli þátttakenda. Mörg lýstu yfir áhuga á að halda áfram með samskonar vinnu á sínum starfsstöðum og dæmi voru um að þátttakendur prófuðu strax með sínu fólki. Meðal þess sem kom fram í ummælum þátttakenda var:

- Hef fengið feikimargar og mikilvægar upplýsingar. Ótrúlega spennt að takast á við verkefnið.
- Rosalega gott að komast aðeins út og geta horft á skólann „inn um gluggann“, hefur líka styrkt tengsl. Aukið skilning okkar saman á því að við erum öll í þessu saman.
- Datt ekki hug að verið væri að safna fólki saman í 12 klukkustundir! En kom skemmtilega á óvart. Manni finnst alltaf erfitt að fara, en svo sannarlega þess virði.
- Gaman að stíga út fyrir hið daglega amstur og geta rætt allt þetta faglega.
- Efst í huga er þakklæti að fá að vera hér og vinna að farsæld barna.
- Finnst frábært að hafa að náð betri fókusi, þetta er ekki komið, en þetta hefur verið alveg frábært, oftast svona.
- Finn fyrir djúpu þakklæti fyrir að fá að taka þátt í samtali um skóla og faglegt starf og skólapróun. Líður eins og að taka þátt í fegurðarsamkeppni, trúi ekki að þetta sé búið!
- Ekkert er skemmtilegra en að upplifa fagfólkið. Formið á vinnusmiðjunum var frábært. Að brjóta upp „fundar“formið. Það er svo mikil gerjun, maður fann það svo, nemendamiðuð nemendahugsun.
- Formið var mjög gott. Rosalega gaman að brjóta upp. Eftir því sem á leið, bættist ofan á. Það er svo gaman að vera að vinna í skóla í dag, svo margt skemmtilega og áhugavert í gangi.



Dr. Jón Torfi Jónasson tók þátt í níu lotum í einum borgarhluta með leikskóla, grunnskóla- og frístundahópnum og vann gagnrýna ígrundun á verkefninu. Að hans mati er fjölþættur ávinningur af smiðjunum og þeirri umgjörð sem sköpuð var en hún felst meðal annars í aðferðarfræðinni, miðlun upplýsinga og þverfaglegri þátttöku starfsfólks og stjórnenda, bæði frá miðlægu sviði sem og á vettvangi miðstöðva og starfsstaða í hverjum borgarhluta. Jón Torfi skiptir ávinningnum upp í nokkra þætti sem stuttlega er fjallað um hér að neðan:

- **Fræðsla/inntak og ávinningur í formi starfsþróunar**
 - Starfsþróun og menntun í formi **lærdómssamfélags/námssamfélags**
 - **Unnið var með núverandi menntastefnu borgarinnar** og orðræða hennar greind út frá áherslum menntunar annarsvegar og velferðar hinsvegar
 - **Þátttakendur lærðu um kerfislega uppbyggingu hjá borginni** og ólík hlutverk allt frá barninu/nemandanum í skóla- og frístundastarfinu og hvernig kennarar og starfsfólk unnu með þeim til samþættar þjónustu Betri borgar fyrir börn og til miðlægrar skrifstofu sviðsins
 - **Unnið var með farsældarlögin** og áherslur þeirra
 - **Þátttaka leiðtoga/stjórnenda af vettvangi** í smiðjunum eykur líkurnar á því að unnið verði áfram með viðfangsefnið á vettvangi skóla- og frístundastarfsins í borginni
- **Lýðræðislegur ávinningur**
 - **Allar raddir eru jafnar**
 - Hópastærð, 5-6 í hóp **ýtti undir þátttöku** allra
 - Áhersla á **jafnræði var staðfest** með þátttöku þeirra sem leiddu smiðjurnar og því hvernig þau tóku þátt í umræðum um raunverulegar áskoranir og upplifanir þátttakenda
 - Hvert viðfangsefni smiðjanna fól í sér **samræður**
 - **Hver rödd var virkjuð** til þátttöku og hlustað var á allar raddir
 - **Lýðræðislegt val** á hugmyndum til kynninga
- **Samfélagslegur ávinningur**
 - Í fyrstu og annarri lotu er gerð krafa um að **þátttakendur dreifist á borð** og sitji ekki með öðrum frá sínum skóla eða stofnun
 - Einstaklingar í tengdum stofnunum innan hverfa **kynnast þvert á stofnanir**
 - Þátttakendur fá tækifæri til að **kynnast stjórnendum ólíkra laga** í stofnunum borgarinnar á jafnræðisgrundvelli
 - Þessi samræðumiðaði **jafnræðisvettvangur** býður upp á **afslappað** andrúmsloft og umgjörð sem einkennist af ákveðnu **trausti** þar sem hægt er að ræða alvarleg og erfið mál án þess að stilla einhverjum upp við vegg
- **Stofnanalegur ávinningur**

- Fulltrúar hinna **fjölbreyttu og stigskiptu laga** í stuðningsþjónustu við vettvang (miðlægt svið, borgarmiðstöðvar) voru til staðar og tóku þátt í raunverulegu samtali um áskoranir og lausnir
- Þessi **stigskipting var útskýrð** mjög vel og lögð áhersla á hlutverk hvers og eins í samþættingu þjónustu við vettvang
- **Jafnræði ríkti í þátttöku þeirra þriggja meginstoða menntunar** sem starfa með börnum í borginni, leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfinu en það er um leið mikilvæg stefnuyfirlýsing og felur í sér að hver stoð sé mikilvæg og skipti máli
- **Samfélagsleg nýsköpun var mjög sýnileg**
 - Samfélagslegi þátturinn var mjög sýnilegur, einkenndist af jafnræði, samræðum, samstarfi, **hugmyndavinnu og vali á hugmyndum**
 - **Nýsköpunarþátturinn var augljós**, hugmyndirnar sem hannaðar voru beindust allar að því að móta lausnir og hreyfa viðfangsefni í átt til framtíðar
 - Þrátt fyrir að það færi fram flokkun á hugmyndum frá öllum þátttakendum voru **mjög fjölbreyttar hugmyndir lagðar fram til frekari úrvinnslu**

Búið er að taka saman helstu afurðir smiðjanna og kynna þær fyrir fagstjórum og framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva í miðstöðvum, stjórnendum á miðlægri skrifstofu SFS og verkefnastjórum farsældar barna á velferðar- og skóla- og frístundasviði. Afurðirnar verða síðan nýttar í áframhaldandi vinnu og komið á framfæri með aðgengilegum hætti fyrir stjórnendur og starfsfólk á SFS og VEL, lausnarteymi, tengiliði farsældar, málstjóra og aðra þá sem koma að breyttu verklagi en ekki er enn ljóst með hvaða hætti það verður. Hér [má nálgast myndband frá smiðjunum](#) þar sem má heyra raddir nokkurra þátttakenda.



Í maí var síðan haldin smiðja með starfsfólki af miðlægum skrifstofum Velferðarsviðs, Skóla- og frístundasviðs og starfsfólks Austur, Vestur, Norður og Suðurlandssviðs sem koma að BBB. Þær smiðjur voru undirbúnar og leiddar af sviðsstjórum velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs, deildarstýru nýsköpunarmiðju og verkefnastjórum farsældar á sviðunum tveimur. Gestir á smiðjunum voru frá helstu stofnunum og ráðuneytum sem tengjast innleiðingu farsældarlaganna. Þær smiðjur voru mikilvægt skref í að efla samtal og samstarf sviðanna tveggja.

1.2. Menntastefnuvefurinn

Vefur menntastefnunnar www.menntastefna.is hefur verið í þróun og uppfærslu frá árinu 2019 en þar er nú að finna fjölmörg verkfæri og stuðningsefni sem nýta má í fagstarfi á vettvangi. Starfsfólk er [hvatt til að senda inn „verkfæri“](#) undir völdum áhersluþáttum menntastefnunnar og láta fylgja með

kennsluleiðbeiningar eða ítarefni ef þurfa þykir. Nú eru 654 verkfæri á vefnum en þessi mikli fjöldi þýðir að leit á vefnum hefur orðið þyngri og einnig er kominn tími á að yfirfara verkfæri og sía út það sem er orðið úrelt. Þá hefur orðið þróun í vefumhverfi borgarinnar og mikilvægt að endurskoða menntastefnuvefinn með hliðsjón af því.

Fleiri mikilvægar upplýsingar er að finna á vefnum sem gagnast starfsfólki vel og má þar helst nefna upplýsingar um:

- [Þróunar- og nýsköpunarsjóðinn, einstök verkefni, skýrslur og afurðir](#)
- [Starfsþróunartilboð, ráðgjöf og stuðning](#)
- [Hnappur til að koma á framfæri ábendingum um starfsþróun, þarfir, óskir, hugmyndir](#)
- [Tölfræði, gátlista mælikvarða og gæðamat í skóla- og frístundastarfi](#)
- [Menntastefnu, almennar aðgerðir, stefnuna sjálfa, eldri skýrslur og fleira](#)
- [Kynningarefni menntastefnu – byggt á nýjum hönnunarstaðli Reykjavíkurborgar](#)

Myndband um [menntastefnuna er hægt að nálgast hér](#):



1.3. Hlaðvarpið Rásin

Árið 2022 var gerð tilraun með að koma á laggirnar hlaðvarpinu *Rásin*. Hlaðvarpið er á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar en markmiðið er að veita innsýn í starfið í borginni og þau málefni sem þar eru efst á baugi hverju sinni og tengjast flestir þættirnir áherslum menntastefnu með einhverjum hætti. Tólf þættir hafa þegar verið sendir út þar sem meðal annars er fjallað um [störf brúarsmiða](#), [kynfræðslu í grunnskólum](#), [Barnamenningarhátíð](#), [smíðjur í Langholtsskóla](#), [Reykjavíkurráð ungmenna](#), [hinseginfélagsmiðstöð](#) og [Leiðsagnarnám](#). Hægt er að nálgast alla þættina sem þegar hafa verið unnir [hér á hlaðvarpi Rásarinnar](#).

2. Starfsáætlanir

Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs gera allir starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá í leik- og grunnskólum og starfsskrá í frístundastarfi. Í starfsáætlunum þarf að gera grein fyrir því með hvaða hætti byggt er á menntastefnu Reykjavíkur. Stjórnendur hafa í mörgum tilfellum nýtt [myndefni menntastefnunnar](#) í starfsáætlunum sínum eins og sjá má þegar þær eru skoðaðar.

Hér fyrir neðan eru gefin dæmi frá leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöð varðandi það hvernig menntastefnan fléttast inn í starfsáætlanir skólaárið 2022-2023.

Leikskólar

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunar- og nýsköpunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlunum leikskóla:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Hér fyrir neðan er dæmi um innra mat og umbótaáætlun sem mótuð var á grunni innra og ytra mats í [leikskólanum Stakkaborg í starfsáætlun 2022-2023](#). Í innra mati var meðal annars lögð áhersla á tvo grundvallarþætti menntastefnu, læsi og sköpun og við mótun skólanámskrár var m.a. byggt á [gátlistum menntastefnu](#). Í umbótaáætlun frá leikskólanum er hér lyft upp þeim þáttum sem tengjast mannauði, leikskólabrag, uppeldis- og menntaþættinum:

Úr innra mati Stakkaborgar 2021-2022

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Læsi	Læsissteymi fór yfir læsislista	Starfsmenn læsissteymis	Stefnum á að gera læsisáætlun leikskólans næsta vetur
Sköpun	Sköpunarteymi fór yfir ýmsa þætti í sköpun innan leikskólans Þemavinna – fór fram á eldri deildum.	Starfsmenn teymis sem og deildarstjórar og stjórnendur. Nemendur og kennarar á eldri deildum.	Sköpunarkassar útbúnir fyrir deildir vegna afmæliskóróna. Flokkað niður jóla verkefni fyrir ákveðin aldursskeið. Stefnum á að hafa sköpunarvikur næsta ár. Þemavinna – tekin inn næsta haust fyrir allar deildir
Skólanámskrá	Lagt lokahönd á skólanámskrá í vetur – byggðum þá vinnu á gátlistum menntastefnunnar.	Allir starfsmenn saman á skipulagsdögum – fórum yfir þá þætti menntastefnunnar sem við áttum eftir.	Við munum gef út nýja námskrá í upphafi næsta skólaárs 2022-2023 sem mun verða leiðarljós næsta skólaárs.
Fjölgun menntaðra starfsmanna	Bætast í hópinn fagmenntaðir		Höfum verið að gefa starfsmönnum tækifæri til náms og höfum náð að vekja áhuga starfsmanna á leikskólakennaranáminu

Úr umbótaáætlun Stakkaborgar 2022-2024.

Mannauður/ Leikskólabragur							
Teymisvinna	Með teyjum fáum við fleiri starfsmenn til að bera ábyrgð á verkefnum.	Halda áfram með teymi – virkja þau enn frekar. Gera rammann í kringum þau skýrari.	Leikskólastjóri	Haust 2022	Vor 2023	Hvert teymi endurmetur sína vinnu í lok vetrar og leggur mat á hvað þarf að bæta fyrir næsta vetur.	Að teymin starfi eftir fastri áætlun s.s. með fundartíma, standi fyrir viðburðum í tengslum við sitt teymi s.s. læsisvika, sköpunar- og vinavika
Sérkennslu teymi	Skipuleggja sérkennslu enn betur.	Sjáum fram á aukna sérkennslu sem kallar á fleiri stöðugildi í sérkennslu	Sérkennslustjóri og sérkennari. Höfum ráðið inn nýjan starfsmann í sérkennslu fyrir haustið til að efla þetta teymi enn frekar.	Haust 2022		Við endurmetum í lok skólaárs hvernig teymið hefur starfað og hvað þarf að bæta	Efla enn frekar snemmtæka íhlutun fyrir nemendur. Að vinna að markvissari kennslu tvítyngdra og barna með þroska frávik.
Sjálfbærni /Grænu skrefin	Byrja að fóta okkur í grænum skrefum	Tökum fyrstu grænu skrefin í haust. Kortleggja leikskólann og förum yfir stöðuna	Verkefnastjóri í Sjálfbærni, stjórnendur	Haust 2022	Vor 2024	Förum í gegnum grænu skref Reykjavíkurborgar	Við stefnum á að hafa sjálfbærara samfélag, huga betur að umhverfismennt með nemendum
Við stefnum á að kaupa gróðurhús til að sinna sjálfbærni og kennslu fyrir nemendur í tengslum við ræktun ýmissa tegunda – en við höfum nú þegar áhugasamt starfsfólk sem er að rækta tré og ávexti / grænmeti með nemendum							

Uppeldis- og menntastarf							
Læsisstefna	Efla læsi í leikskólanum	Setjum verkefnastjóra í læsi sem mun sjá um læsisteymi leikskólans	Verkefnastjóri læsis	Haust 2022	Vor 2023	Fara yfir stöðu læsis í leikskólanum og kortleggja hvað er gert á deildum.	Útbúa læsisstefnu sem allir starfsmenn verða kynntir fyrir og vinna að.
Fjölmening	Setja upp móttöku áætlun fyrir ný börn	Velkomin í hverfið – verkefni þjónustumiðstöðvar – taka betur á móti foreldrum og börnun í sameiningu í hverfinu	Aðstoðarleikskólastjóri	Haust 2022	Vor 2023	Hafa skýrari verkefni í tengslum við nýja nemendur sem ekki hafa íslensku sem móðurmál	Aukið samstarf í gegnum Velkomin í hverfið – verkefnið
Skólanámskrá	Að skólanámskráin verði leiðandi handbók um starf leikskólans	Við tökum inn nýja námskrá, starfsfólk verði þjálfað í að nýta sér hana	Deildarstjórar / leikskólastjóri	Haust 2022		Skólanámskrá verður lifandi plagg sem þarf að endurmeta reglulega – en grunnur skólustarfsins á að byggja á henni.	Allir kunna og vita fyrir hvað leikskólinn Stakkaborg stendur Að námskrá leikskólans sé grunnstoð starfsins

Frístundastarf

Frístundamiðstöðvar, sem hafa umsjón með frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum, vinna sínar starfsáætlanir út frá menntastefnunni, leggja mat á starfsemina meðal annars út frá gátlistum hennar og bregðast við því sem þar kemur fram að betur megi fara. Einnig eru áskoranir og tækifæri til umbóta rýnd út frá stefnu um frístundaþjónustu Reykjavíkur til 2025, viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs, niðurstöðum kannana og annars mats á starfinu. Í starfsáætlunum frístundamiðstöðva eru einnig tilgreind þau þróunarverkefni sem starfsstaðir þeirra vinna að á grunni menntastefnu ásamt öðrum áherslum starfsins. Þá er í starfsáætlunum einnig gerð grein fyrir jafnréttisáætlunum frístundamiðstöðvanna. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar vinna í kjölfarið aðgerðaráætlanir út frá starfsáætlunum sinna frístundamiðstöðva. Hér fyrir neðan er dæmi úr starfsáætlun Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar um tengingu við menntastefnu:

Í starfsáætlun Tjarnarinnar bls. 6-7 segir:

Ásamt því að innleiða ný lög um farsæld barna verður helsta áherslan áfram á að vinna eftir aðgerðaráætlun menntastefnu Reykjavíkurborgar. Margs konar framsækin og skemmtileg verkefni urðu til í gegnum A-hluta styrki þróunarsjóðs menntastefnunnar og allar starfseiningar Tjarnarinnar tóku þátt og innleiddu hæfnipætti menntastefnunnar á síðasta starfsári.

Tjörnin hefur lagt áherslu á hæfnipætti menntastefnunnar er snúa að félags- og tilfinningahæfni og notað til þess aðferðir jákvæðrar sálfræði með fræðilega tengingu og vísun í rannsóknir. Haustið 2019 fékk starfsfólk góða þjálfun í gegnum verkefnið Vaxandi og hafa því öðlast betri trú á sér sem fagfólki og fengið skýrari verkfæri við að innleiða menntastefnunna. Markmiðið er að þjálfa starfsfólk í því að vinna með félags- og tilfinningahæfni barna og unglinga, aðstoða börn og unglinga við sjálfsefningu, þjálfa þrautseigju, aðstoða þau við að takast á við kvíða og álag ásamt því að minnka álag á starfsmannahópnum, og tryggja markvissa ráðgjöf og leiðsögn í starfi. Að leggja inn fræðilegan grunn til að allir stjórnendur geti leitt sína starfsstaði og starfsmenn í því að vinna með félags- og tilfinningahæfni barna og unglinga þannig að velferð þeirra og líðan verði betri. Markmiðið er einnig að vera með langvarandi markvissar aðgerðir



sem munu festast í sessi og verða hluti af fagmennskumenningu Tjarnarinnar. Verkefnið Vaxandi fékk B-hlutastyrk úr þróunarsjóði menntastefnunnar og nú hefur verið lokið við gerð handbókar þar sem hægt er að finna æfingar og þjálfunaráætlun. Við munum klára að kynna handbókina á starfsárinu fyrir öllu starfsfólki sem mun fá þjálfun í að vinna eftir hugmyndafræðinni á starfsárinu.

[Starfsáætlun Tjarnarinnar](#) er birt myndræn á heimasíðu þeirra sem gefur lifandi yfirsýn yfir áherslur þeirra í starfinu.

Grunnskólar

Samkvæmt lögum um grunnskóla skal hver grunnskóli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir þeirri vinnu og skulu þær unnar í samvinnu við kennara. Starfsáætlunin breytist árlega en þar er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, starfsáætlun nemenda, mati og umbótum á skólastarfi, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Í starfsáætlunum grunnskóla er ætlast til þess að sérstök grein sé gerð fyrir með hvaða hætti unnið er að leiðarljósum og markmiðum menntastefnu Reykjavíkur. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um þau þróunar- og/eða samstarfsverkefni sem skólinn er þátttakandi í vegna innleiðingar menntastefnunnar. Hér fyrir neðan eru nokkur dæmi um það hvernig tengt er við Menntastefnuna í starfsáætlunum [Fellaskóla](#) og [Vesturbæjarskóla](#).

Áherslur menntastefnu í starfsáætlun Fellaskóla

Á bls. 7 í [starfsáætlun Fellaskóla](#) er fjallað um stefnu skólans en þar segir að skólinn starfi eftir áherslum menntastefnu og ákvörðun Skóla- og frístundasviðs, um að allt skuli gert til að bæta árangur nemenda Fellaskóla svo draumar þeirra geti ræst undir heitinu Draumaskólinn Fellaskóli. Menntastefna Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ myndar grunninn að áherslum í Draumaskólanum Fellaskóla:

- Það er mikilvægt verkefni að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og færni.
- Virkni barna og lýðræðisleg þátttaka í leik og starfi eru mikilvæg leiðarljós.
- Veita þarf börnum viðeigandi stuðning og byggja á styrkleikum þeirra og bakgrunni svo að þau geti haft áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi.

Draumaskólinn Fellaskóli er grunnskóli sem byggir á virðingu fyrir menningu allra nemenda og lítur á fjölmenningu sem tækifæri frekar en hindrun. Allt skólastarfið miðar að því að nemendur hans öðlist tækifæri til að láta drauma sína rætast. Markmiðið er að bæta námsárangur og efla líðan og sjálfsmynd nemenda. Jafnframt vill skólinn stuðla að aukinni fagmennsku og starfsánægju meðal starfsfólks og stuðla að jákvæðari ímynd skólans. Stuðningur við verkefnið er bæði í formi fjármagns og mannaúts. Skipuð hafa verið þróunarteymi og gæðateymi til að fylgja eftir mótun, þróun og framkvæmd innleiðingar. Teymin eru skipuð fulltrúum frá skólanum, skóla- og frístundadeild Breiðholts, skrifstofu skóla- og frístundasviðs og Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Sérstökum fjárveitingum er veitt í eftirfarandi:

- Viðbótarfjármagn vegna ráðningar deildarstjóra verkefna (leiðarljós).
- Verkefnið „Betri borg fyrir börn“ stuðningur í nærumhverfi barna og skóla.
- Sérstök fjárveiting vegna talmeinafræðings.
- Vilji til að styðja skólann vegna aðbúnaðar og starfsþróunar.
- Stuðningur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Til þess að ná markmiðum skólans eru þrjár megináherslur í starfinu og frá því að verkefnið fór af stað hafa þrjár deildarstjórar haldið utan um þessar þrjár áherslur:

- Málþroski og læsi sem er grunnur og undirstaða árangurs í námi og eflir sjálfsmynd og jákvæða líðan nemenda.
- Leiðsagnarnám sem undirstaða og rammi utan um skipulag náms og kennslu. Leiðsagnarnám er viðurkennd sem árangursrík leið til að skipuleggja kennslu og stuðlar að þátttöku og ábyrgð nemenda á námi. Teymiskennsla og samvinna kennara og starfsfólks er mikilvægur þáttur leiðsagnarnáms.

- Tónlist og skapandi skólastarf sem styður við málproska og læsi, eykur fjölbreytni í skólastarfinu og eflir sjálfsmynd og jákvæða líðan nemenda.

Áherslur menntastefnu í starfsáætlun Vesturbæjarskóla

Í starfsáætlun [Vesturbæjarskóla](#) bls. 33, er lögð áhersla á að fagmennska, sérfræði og menntastefna endurspeglar í störfum og skipulagi kennara. Námseiningar og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda er vel nýttur. Leitast er við að samþætta námsgreinar þar sem við á. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og þörfum nemenda. Nemendur fást við fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni sem stuðla að virkri þátttöku og rökhugsun nemenda. Námsumhverfi er vel nýtt innanhúss og utan með tengslum við samfélagið þegar við á.

- Barnið sem virkur þátttakandi. Með innleiðingu skólans að því að verða Réttindaskóli UNICEF byggjum við upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglar í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annarra starfsmanna (bls. 34).
- Fagmennska og samstarf í öndvegi. Í Vesturbæjarskóla er leitast við að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda með því að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti og námsefni. Lögð er áhersla á samvinnu nemenda og kennara með teymiskennslu. Teymiskennsla gefur kennurum tækifæri til að vinna saman að verkefnum í daglegu starfi. Fagleg teymi gefa kennurum tækifæri til að þróa og læra í starfi. Skólaþróun snýst um að gera skólana að betri stað til náms og þroska fyrir nemendur og styrkja skólasamfélagið til að takast á við breytingar (bls. 34).

Sérstaklega er fjallað um áherslur skólans varðandi innleiðingu [hvers grundvallarþáttar menntastefnunnar á bls. 34-37 í starfsáætlun skólans](#).

Þróunarverkefni skólans tengt menntastefnu hefur falist í þróun sköpunarsmiðja. Hugmyndin um sköpunarsmiðju byggir á eflingu sköpunar og hæfni 21. aldarinnar. Í sköpunarsmiðju hafa kennara og nemendur aðgang að margskonar efniviði og kennslugögnum sem auðveldar skólunum að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp með nýjum og skapandi leiðum. Í sköpunarsmiðju fá nemendur tækifæri til að uppgötva og nýta hæfileika sína betur í fjölbreyttum viðfangsefnum sem eykur færni þeirra og þjálfar í sjálfstæðri verkefnavinnu og lausnaleit (bl.s 37). [Hér](#) má lesa nánar um verkefnið.



3. Almennar aðgerðir

Almennar aðgerðir menntastefnu móta hryggjarstykkið í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs á ári hverju og ber framkvæmdastjórn SFS ábyrgð á innleiðingu þeirra. Almennar aðgerðir eru samþykktar af skóla- og frístundaráði og síðan borgarráði og gilda í þrjú ár í senn. Almennar aðgerðir menntastefnu Reykjavíkur 2022-2024 voru samþykktar í nóvember 2021 og í kjölfarið unnin viðamikil aðgerðaráætlun sem tók gildi vorið 2022. Flestar aðgerðir fela í sér 6-10 aðgerðar- eða verkþætti. Stór hluti þeirra rúmast innan fjárhagsramma eða verkefna sem þegar eru í gangi. Hluti verkþáttanna felur í sér kostnaðarauka og bera framkvæmdastjórn og fjármálastjóri ábyrgð á að þær aðgerðir séu teknar til meðferðar í fjárhagsáætlanagerð fyrir árin 2023 og 2024.

Ábyrgð á framkvæmd einstakra aðgerða og verkefna í aðgerðaráætluninni bera ýmist stoðeildir sviðsins eða teymi fagskrifstofu sem hverfast um grundvallarþætti menntastefnunnar. Markmiðið er að í janúar og júní ár hvert sé tekin staðan á innleiðingu aðgerðaráætlunarinnar. Vegna álags í starfsemi skóla- og frístundasviðs í kjölfar heimsfaraldurs og við umfangsmiklar skipulagsbreytingar vegna innleiðingar á verkefninu Betri borg fyrir börn sem hófst í öllum borgarhlutum í janúar 2022, var ákveðið að fresta stöðutöku á aðgerðaráætlun um hálf t. Samhliða var óskað eftir því við skóla- og frístundaráð að gildistími aðgerðanna yrði framlengdur til áramóta 2024/2025 í stað júní 2024. Aðgerðaráætlunin er sett upp sem vinnuskjal fyrir ábyrgðaraðila en í þessari stöðuskýrslu er gerð grein fyrir helstu verkefnum og byggt á stöðu innleiðingar í janúar og júní 2023. Sjá sýnishorn af aðgerðaráætlun hér fyrir neðan.

Almenn aðgerð	Titill aðgerðar	Lýsing	Tímasetning / tímabil	Mælanleiki (ef við á)	Ábyrgðaraðili	Samstarfsaðilar	Fjármögnun aðgerða
Njísköpun og framsækni í námi og leik		hverju hausti menningartengili í sínum skóla.		með spurningunni: Er menningartengili í þínum skóla.			
Njísköpun og framsækni í námi og leik	Lærdómssamfélag um list og sköpun	Setja af stað lærdómssamfélag um list og sköpun með þátttöku kennara og starfsfólks í skipandi starfi og listkennslu í leikskólum, yngstu bekkjum grunnskóla og frístundaraðgjafa á frístundaheimilum ásamt fulltruum tónlistarskóla, skólahjónsveita og hverfiskóra.	2022-2024		Listteymi		Rúmast innan fjárheimilda. Fjármagnað í gegnum samstarfssamning við MVS
Njísköpun og framsækni í námi og leik	Hverfiskórar	Stofnaðir verði hverfiskórar í samstarfi við skólahjónsveitir. Áhersla lögð á skipandi kórastarf. Áhersla á samstarf við hjónsveitina. Átt. tveir sameiginlegir viðburðir á ári.	2022-2024	Að kórar verði til í öllum fjórum hverfunum.	Listteymi	Fagstjórar og framkvæmdastjórar BBB	Búið að fjármagna allt stöðugt
Njísköpun og framsækni	Menningarnámskrá Reykjavíkurborgar	Unnin verði menningarnámskrá Reykjavíkurborgar þar sem sett verða fram víðmið um menningar- og listþátttöku barna í skóla- og frístundastarfi og helstu vörður um þau menningartilboð sem boðið	Haust 2022-2023		Listteymi		Rúmast innan fjárheimilda.

Tímasetning / tímabil	Mælanleiki (ef við á)	Ábyrgðaraðili	Samstarfsaðilar	Fjármögnun aðgerða	Staða í janúar 2023 - ekki hæfið, hæfið, í vinnslu, lokið, "Sí-aðgerð"	Staða í júní 2023
	með spurningunni: Er menningartengili í þínum skóla.				Í vinnslu. Búið að leggja fyrir kámanir um ýmslegt sem tengist listkennslu. Búið að funda með Dr. Kristínu Valsdóttur deildarstjóra listkennslu í LH og Eiru Lílu Gísladóttur hjá List fyrir alla um hugleiðingar varðandi menningartengila og menningarnámskrá. Framundan er fundur með þeim í síðan hluta janúar 2023 til að halda áfram hugleiðingum um útfærslu að vinnunni. Listteymi á fund í byjun mars með verlaunahöfum í Laugarnesskóla um menningaráð og menningartengila	Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri til eins árs. Harpa Þorvaldsdóttir tónmenntakennari mun innleiða verkefnið Syngjandi skóli og byggja undir að til verði menningartenglar í öllum skólum. Byggt á verkefni í Laugarnesskóla.
2022-2024		Listteymi		Rúmast innan fjárheimilda. Fjármagnað í gegnum samstarfssamning við MVS	Í vinnslu. Verið að undirbúa lærdómssamfélag undir Vesturmiðstöð. Hefst í upphafi árs 2023. Elin Oddný mun halda utan um það með aðkomu háskólans. Hugsað fyrir alla sem sinna tónlist í leik-grun- og frí í hverfinu.	Náðist ekki að koma af stað lærdómssamfélagi í vor. Verður reynt aftur í haust.
2022-2024	Að kórar verði til í öllum fjórum hverfunum.	Listteymi	Fagstjórar og framkvæmdastjórar BBB	Búið að fjármagna allt stöðugt	Tókst ekki á árinu 2022. Verið að vinna í að byrja samstarfi við eina skólahjónsveit, í Breiðholti. Verið að skoða möguleika á samstarfi við Miðstöðina til að útfæra þessa hugmynd.	Kóraverkefni var frestað um eitt ár. Fjármagn nýtt í verkefnið Syngjandi skóli.
Haust 2022-2023		Listteymi		Rúmast innan fjárheimilda.	Í vinnslu. Framundan eru fundir með Listaháskóla og verkefnisstjóra List fyrir alla þar sem óskað verður eftir samstarfi um gerð menningaraðgangsráð og	Nýr verkefnisstjóri mun vinna þetta verkefni í samstarfi við verkefnisstjóra barnamenningar og

Græna planið er heildarstefna Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn. Nánari upplýsingar um græna planið er að finna [hér](#). Með áherslu á umhverfi, efnahag og samfélag heldur Græna planið utan um fimmtán lykiláherslur sem virka sem sameiginlegt leiðarljós þvert á svið Reykjavíkurborgar. Menntastefna Reykjavíkur fellur að stórum hluta undir samfélagslega þáttinn, „borg fyrir fólk“ og er aðgerðaráætlun menntastefnunnar beintengd við áherslur græna plansins undir áherslunni „[Látum draumana rætast](#)“.

[Almennar aðgerðir](#) til stuðnings innleiðingu menntastefnu 2022-2024 eru eftirfarandi og verður fjallað um helstu verkefni í innleiðingu þeirra í eftirfarandi köflum:

- 3.1. Loftslagsmál og umhverfi
- 3.2. Markviss menntun fyrir öll börn
- 3.3. Sjálfsefning, félagsfærni og lýðræði
- 3.4. Menningarlegur margbreytileiki
- 3.5. Læsi í víðu samhengi
- 3.6. Heilbrigði og vellíðan
- 3.7. Nýsköpun og framsækni í námi og leik
- 3.8. Faglegt samstarf og starfsþróun
- 3.9. Hagnýting stafrænnar tækni
- 3.10. Húsnæði og búnaður



3.1. Loftslagsmál og umhverfi

Í almennum aðgerðum um loftslagsmál og umhverfi er lögð áhersla á allsherjar vitundarvakningu um loftslagsmál og sjálfbærni, innleiðingu Grænna skrefa, vistvænar samgöngur og bætt framboð á vistvænum mat. Miðstöð útivistar og útináms (MÚÚ) gegnir lykilhlutverki í stuðningi við starfsstaði SFS þegar kemur að þessum þætti og heldur utan um þær almennu aðgerðir sem tengjast málaflokknum. MÚÚ sinnir fræðslu fyrir starfsfólk SFS ásamt því að halda utan um fjölbreytt útinámsverkefni ætluð börnum. Meðal þeirra eru skólaheimsóknir í [Perluna](#), sérstaklega ætlað 6. og 9. bekk, í [Fjölskyldu og húsdýragarðinn](#), sérstaklega fyrir 3. bekk, þó að öll börn á leik- og grunnskólaaldri séu velkomin í garðinn. Verkefnið [Skíðaþáttur á skólatíma](#) er í boði fyrir öll börn í öðrum bekk grunnskóla og fræðandi útinámsdagskrá undir heitinu [Úti er ævintýri](#) eru fjölbreyttir dagskrárliðir sem miða að leikskóla, frístundastarfi, yngsta- mið- og unglíngastigi í grunnskóla.

390 starfsmenn SFS
fengu fræðslu frá MÚÚ.

3020 börn tóku þátt í
starfssemi MÚÚ.

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir þátttöku starfsfólks og barna í fræðslu og verkefnum MÚÚ fyrir skóla- og frístundastarf 2022-2023:

- **Fræðsla til starfsmanna – Út vil ek og Út með oss.** Annars vegar voru haldin 17 tveggja til þriggja tíma námskeið sem öll hafa tengingu í útivist eða útinám. Hins vegar var fræðsla fyrir starfsmannahópa, annað hvort á viðkomandi starfsstað eða hjá MÚÚ. Oft var þessi fræðsla í tengslum við starfsdag í skólum. Í fræðslunni er farið í útinám og útikennslu með fyrirlestri og verklegum æfingum eða kennslu ásamt hópefli. Rúmlega 390 starfsmenn fengu fræðslu.
- **Úti er ævintýri er útinámsdagskrá** sem hefur það að markmiði að gefa kennurum (og nemendum) jákvæða upplifun af útinámi, ýta undir áhuga þeirra til að nýta sér útinám og útivist í skóla- og frístundastarfi og mynda tengsl starfsmanna MÚÚ við kennara og leiðbeinendur. Boðið var upp á fjórar ólíkar dagskrár en hver og ein höfðaði til mismunandi aldurstigs. Tekið var á móti 68 hópum af 88 mögulegum eða 1594 börnum auk starfsfólks. Þess ber að geta að mikil aðsókn var í haust, vetrar og jóladagskrá og komust mun færri að en vildu. Mjög langir biðlistar mynduðust eftir jóladagskrá og augljóst að eftirspurn er þar langt umfram getu.
- **Lundurinn útikennslustofa** hefur það að markmiði að gefa kennurum (og nemendum) möguleika á að nýta frábæra aðstöðu til útináms þar sem er yfirbyggt skýli, náttúrulegir bekkir, eldstæði, upphitað tjald og klósettaðstaða. Með þessari aðstöðu er auðvelt að stíga fyrstu

skrefin í útikennslu í öllum námsgreinum þar sem kennarar geta komið með verkefni eða nýtt verkefnabanka MÚÚ. Tekið var á móti 20 hópum eða 520 börnum auk starfsfólks.

- **Perlan Museum og Náttúruminjasafnið** er fyrir 6. og 9. bekk og hefur MÚÚ undanfarin ár haft umsjón með samstarfinu, samskiptum við skóla og séð um bókunarkerfið fyrir þjónustuna. Framkvæmd heimsóknna var með verulega breyttu sniði þetta árið. Augljóst var að breytingarnar komu illa niður á þjónustuþegum. Aðeins 31% nemenda í 6. bekk og 12% nemenda í 9. bekk sóttu Perluna heim sl. skólaár. Fækkun nemenda í 6. bekk var 54% og fækkun nemenda 9. bekkjar var 76 % milli árána 2022-2023. Ljóst var eftir stöðufund í júní 2023 með framkvæmdarstjóra Perlunnar að ekki er vilji af hálfu Perlunnar til áframhaldandi samstarfs við Náttúrumyndasafnið og skóla – og frístundasvið.
- **Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn.** Íslensku húsdýrin er fræðsluheimsókn fyrir 3. bekk sem MÚÚ hefur undanfarin ár haft umsjón með og skipulagt. 17 hópar úr 14 skólum sóttu FHG heim, alls 624 nemendur auk kennara.
- **Birta stoðeild og MÚÚ** héldu áfram samstarfi sínu. Verkefnið snýst um að gefa börnum umsækjenda um alþjóðlega vernd tækifæri á að upplifa íslenska náttúru á jákvæðan hátt og opna augu þeirra fyrir útivist á Íslandi. Einn 15 barna hópur kom á haustönn í útiðun í Gufunesbæinn og lokahátíð Birtu og MÚÚ var haldin í þriðja sinn í Furulundi Heiðmörk. Um 30 börn ásamt starfsfólki mættu í þriggja stöðva hringekju, fjársjóðsleit og samverugleði í kringum opinn eld. Miklar breytingar og óstöðuleiki var hjá Birtu stoðeild þetta skólaárið svo ekki tókst að halda úti reglulegri útidagskrá síðastliðið skólaár. Hins vegar hafa drög verið gerð að vikulegu samstarfi fyrir næstkomandi skólaár.
- **Efnisveitan – Skógartengt útinám** hefur lengi verið á dagskrá MÚÚ. Tilgangur Efnisveitunnar er að nýta og útvega kennurum og leiðbeinendum alls konar skógarefni sem fellur til við grisjun hjá Reykjavíkurborg. Verkefnið er unnið í samstarfi við Umhverfis og skipulagssvið – USK. Efnisveitan er staðsett í Gufunesbæ þar sem hægt er að fá bæði ferskt og þurrkað skógarefni af ýmsum stærðum og gerðum. Yfir 40 aðilar og stofnanir innan SFS hafa nýtt sér þjónustu Efnisveitunnar á starfsárinu.
- **Skíðaþátt á skólatíma verkefnið** gengur út á að taka á móti nemendum í 2. bekk við skíðalyfturnar í borginni og kenna þeim á skíði og lyftur. Verkefnið hefur náð athygli grunnskólanna. Tuttugu skólar skráðu sig til leiks. Tekið var á móti sjö skólum, samanlagt 11 hópum. Veður, aðstæður í brekkum (snjóleysi), frídagar og möguleiki skóla til að bregðast við með skömmum fyrirvara komu í veg fyrir að hægt væri að taka á móti fleiri hópum. Bæði kennarar og börn voru mjög ánægð með heimsóknina. Meirihluti barna var að fara á skíði í fyrsta sinn.
- **Hjólaþátt á skólatíma** er tilraunaverkefni sem fór af stað á vorönn í samstarfi við tvo grunnskóla. Verkefnið snýst um að auka notkun hjólreiða í skólastarfi, en einnig að auka hjólreiðar í og úr skólastarfi. Tveir bekkir á miðstigi tóku þátt í verkefninu og alls voru fimm skipti á hvorn bekk. Æfð var hjólaþáttur, farið yfir helstu öryggisþætti og umferðarreglur og verkefnið samtvinnuð við útikennslu af hálfu kennara bekkjanna. Óhætt er að segja að árangur verkefnis og ánægja nemenda og foreldra hafi farið fram úr vonum. Ljóst þykir að mikilvægt sé að innleiða hjól á skólatíma og í öðru skipulögðu skólastarfi en vinna þarf að því að verkefnið standi öllum til boða. Verkefnið er undir almennri aðgerð um heilbrigði og vellíðan og unnið í samstarfi við lýðheilsu- og forvarnarteymi, sjá nánar í kafla 3.6.

	Fjöldi skóla	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda
Tóku þátt	7	11	197
Á biðlista	13	33	640
Samtals	20	44	837

- **Á heimasíðu MÚÚ** er að finna fjölbreytt viðfangsefni sem tengjast loftslagsmálum, sjálfbærni og útinámi. Í [verkefnakistu skóla- á grænni](#) grein sem unnin er af Landvernd, er að finna fjölbreytt verkefni sem kennarar geta nýtt í starfi með börnum og tengjast þessum áherslum.

Staða einstakra verkefna á grunni almennra aðgerða um loftslagsmál og umhverfi:

- **Stofnaður var starfshópur** sem hafði m.a. það hlutverk að vinna að gerð fræðslu- og starfsþróunaráætlana fyrir kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Hópurinn kom á samtali við Landvernd um samstarf og útfærslu á allsherjar starfsþróun kennara í loftslagsmálum í öllum grunnskólum sem og starfsþróun fyrir starfsfólk leikskóla og frístundastar. Jafnframt var búið að leggja drög að því að aðgangur að þessari fræðslu yrði tryggður í gegnum Torgið – fræðslukerfi og með fræðslu í tengslum við verkefnið *Grænskjáir*, sjá nánar í næstu liðum. Vegna hagræðingar í fjármálum hjá SFS hefur ekki tekist að undirrita samninga við Landvernd og klára gerð starfsþróunaráætlunar fyrir allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Það felur í sér að þrátt fyrir að metnaðarfull námskeið og fræðsla sé í boði hjá MÚÚ er ekki hægt að ná til allra kennara og starfsfólks á öllum skólastigum með jafn markvissum hætti og ráðgert var í tengslum við loftslagsmál og sjálfbærni.
- **Haldið var loftslagsþing fyrir nemendur og kennara í grunnskólum borgarinnar** í febrúar 2022. Um tvö hundruð nemendur í grunnskólum borgarinnar tóku þátt í þinginu sem hafði það m.a. að markmiði að ræða hvernig gera mætti skólana sjálfbærari. Þingið var liður í aukinni vitundarvakningu um loftslagsmál og tengdist innleiðingu á samstarfsverkefninu *Grænskjáir*, sjálfbærri hugbúnaðarlausn frá fyrirtækinu Klappir og innleiðingu þeirra í grunnskóla borgarinnar.
- **Grænskjáir í skólum.** Búið er að opna kerfið fyrir starfsfólki Reykjavíkurborgar og hægt að fá aðgang að hrágögnum og upplýsingum um kolefnisspor hvers skóla. Ekki var farið í að vinna sérstakt viðmót fyrir skólana og hætt við að setja upp *Grænskjáir* í hverjum skóla en í stað þess hægt að nýta spjaldtölvur til að nálgast gögn. Ekki hefur verið farið í markvissa innleiðingu á verkefninu þar sem ekki hefur fengist í það viðbótarfjármagn til að hanna viðmót og sinna fræðslu til starfsfólks.

3.2. Markviss menntun fyrir öll börn

Með innleiðingu á verkefninu Betri borg fyrir börn í öllum borgarhlutum og nýjum lögum um farsæld barna verður unnið að samþættingu þjónustu í nærumhverfi barna. Unnið verður að aukinni farsæld barna í þverfaglegu samstarfi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs Reykjavíkur. Leitað verður fjölbreyttra og skapandi lausna til að koma til móts við ólíkar þarfir barna í skóla- og frístundastarfi með árangur þeirra og framfarir að leiðarljósi. Í aðgerðinni er lögð áhersla á að gæta að kynjasamþættingu, jafnrétti og jöfnuði í öllu skóla- og frístundastarfi. Lögð er áhersla á að efla fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf og unnið að aukinni þátttöku fjöltyngdra barna og foreldra þeirra í skóla- og frístundastarfi.

- **Verkefnið Betri borg fyrir börn** er í fullum gangi í öllum borgahlutum. Á árinu var unnið að því að þetta samstarf með verkefnastjórnnum á hverri miðstöð og unnið að kynningu á ferlum og samstarfi á 1. og 2. þjónustustigi.
 - Haldnir voru fjórir fundir vorið 2022 einn í hverjum borgarhluta og m.a. kynntur nýr bæklingur [fyrir grunnskólagöngu](#) og [nýtt skráningarkerfi](#), brúum bilið, mikilvægi skólaskila og menntun fyrir alla.
 - Innleiðing verklags innan grunnskólanna hófst í janúar 2023 með sérstakri áherslu á þróun lausnarteyma. Miðstöðvar í hverjum borgarhluta undirbúa þá vinnu í samvinnu við grunnskóla en sérstakur verkefnastjóri var ráðinn til verkefnisins. Sjá nánar [hlutverk og verlag lausnarteyma](#).

- Haldnar voru vinnusmiðjur með öllum stjórnendum og starfsfólki í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi ásamt miðstöðvum og miðlægri skrifstofu í febrúar og mars og í maí fyrir starfsfólk velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs, sjá nánar kafla 1.1.
- Hægt er að skyggjast inn í verkefnið Betri borg fyrir börn [hér í hlaðvarpi Rásarinnar](#).
- Nýtt yfirlitsskjal yfir öll þau úrræði og lausnir sem eru í boði í þjónustu á fyrsta, öðru og þriðja stigi liggur fyrir en hluti þess er afrakstur vinnusmiðja um menntastefnu, farsældarlög og BBB sem haldnar voru í vor.
- Samtal hefur átt sér stað milli verkefnastjóra BBB og heilsugæslunnar sem hefur aukið til muna hlutverk sitt í þessum málum og innleitt tvö ný námskeið ætluð foreldrum. Þau námskeið eru skilgreind í úrræðaskjali borgarinnar.
- **Unnið var að úttekt á starfi Klettaskóla, Guluhlíðar og Öskju** með það að markmiði að stuðla að samhæfðari starfsemi, aukinni samnýtingu á húsnæði og mannauði út frá heildtækri þjónustuþörf barnanna. [Úttekt var lokið 2022](#) og starfshópur um framtíðarsýn fyrir skólustarf í Klettaskóla lauk störfum vorið 2023.
- **Unnið var að úttekt á starfi Brúarskóla** með það að markmiði að sníða starf skólans og eininga sem undir hann heyra að áherslum og verkefnum BBB og farsældarlögunum. Úttekt var í gangi út skólaárið 2022-2023.
- **Verklagi og viðmiðum vegna úthlutunar fjármagns til sérkennslu og annars stuðnings í grunnskólum** hefur verið breytt. Gengið er út frá því að gerð sé aðgerðaráætlun sem mæti þörfum nemenda í hverjum grunnskóla og byggi á EDDU, nýju reiknilíkani um fjármögnun skóla. Búið er skilgreina þetta vel í nýju úthlutunarlíkani fyrir grunnskóla. Innritunarreglur fyrir sérdeildir eru í endurskoðun og verið er að sækja um fjármagn fyrir nýja sérdeild í Vesturbæjarskóla, sem verður þá fyrsta sérdeildin í vesturhluta borgarinnar.
- **Í nýjum reiknilíkönum fyrir grunn- og leikskóla** hefur verið fallið frá pottum og nú horft á fötlunarflokk barns (A,B,C,D) og fylgir misjafnlega stórt stöðugildi hverjum flokki. Við gerð frístundalíkans verður sömu aðferðarfræði beitt.
- **Skólaskil barna með sértækar stuðningsþarfir hefur verið endurskoðað** ásamt handbókum fyrir deildarstjóra stoðþjónustu í grunnskólum, sérkennslustjóra í leikskólum og forstöðumenn frístundaheimila. Í handbókum er meðal annars vel skilgreint með hvaða hætti fyrirkomulag skal vera við skólaskil. Handbækurnar hafa þegar verið vel kynntar fyrir sérkennslustjórum/deildarstjórum stoðþjónustu/ráðgjafaproskajálfum í skóla- og frístundastarfi og verið er að vinna vefsíðu undir Fróða, innri vef borgarinnar til að hýsa þær allar rafrænt með sama hætti. Á meðan er hægt nálgast [rafræna útgáfu fyrir frístundastarfið hér](#).
- **Nýting frístundakortsins.** Í Breiðholti er í gangi tilraunaverkefni sem hefur það að markmiði að auka þátttöku barna í frístundastarfi í samræmi við Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar. Verið er að skoða möguleika á að innleiða verkefnið í fleiri borgarhluta og greina kostnað við það. Kynningar hafa farið fram á verkefnum í Breiðholti, fyrir framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva og deildarstjóra barna- og unglingastarfs. Hvatt er til þess að nota sambærilegar aðferðir í öðrum hverfum.
- **Verið er að undirbúa samning við Móðurmálssamtökin** um kennslu í móðurmáli nemendum að kostnaðarlausu. Samningurinn felur ennfremur í sér að unnið verði að því að unnt verði að meta námið sem hluta af grunnskólanámi.
- **Lokið hefur verið við að koma upp íslenskuverum** í öllum fjórum borgarhlutum en þau eru staðsett í Austurbæjarskóla, Breiðholtsskóla, Ingunnarskóla og Vogaskóla. Í undirbúningi er úttekt á starfsemi þeirra en meta þarf hvernig til hefur tekist og hvort fyrirkomulag verði áfram með svipuðum hætti eða hvort fjölga þurfi íslenskuverum.

- **Vorið 2022 var sett á laggirnar fjölskyldumiðstöð fyrir flóttafólk frá Úkraínu.** Miðstöðin var einkum ætluð börnum á leik- og grunnskólaaldri ásamt foreldrum þeirra. Markmiðið var að kenna íslenskan grunnorðaforða, fræða um íslenskt skóla- og frístundastarf, íslenska menningu og samfélag. Þátttakan var mjög góð en á milli 30-40 börn og foreldrar mættu í miðstöðina daglega. Mikil ánægja var með verkefnið en hægt er að hlusta á [hlaðvarp Rásarinnar um aðgerðir SFS](#) í tengslum við móttöku flóttafólks frá Úkraínu 2022.
- **Stoðdeild Birtu**, sem sérstaklega er ætluð börnum sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd, færðist frá Álftamýrarskóla til Seljaskóla vorið 2022 og nýtt starfsfólk var ráðið til starfa. Verkefnið sem hófst 2019 var tilraunaverkefni til þriggja ára og því lauk að hausti 2022. Vegna þessara flutninga var tekin ákvörðun um að endurskoðun á starfinu skyldi fara fram á vorönn 2023. Starfsemi deildarinnar gekk mjög vel þrátt fyrir að húsnæðið væri orðið of lítið miðað við fjölgun nemenda. Mikil áhersla var á að tengja nemendur við þátttöku í almennum bekkjum þar sem því var komið við út frá námslegri stöðu hvers og eins. Starfsmannahópurinn var fjölbreyttur og með ólíkan bakgrunn sem kom sér vel í námi og starfi. Á vorönn 2023 var ráðist í úttekt á starfsemi Birtu og lagðar fram tillögur um framtíð starfseminnar.
- **Leiðsagnarnám og gæði kennslu í grunnskóla.** Verkefnið um innleiðingu leiðsagnarmats er í fullum gangi og fylgt eftir af grunnskólaskrifstofu en nú vinna langflestir grunnskólar í Reykjavík á grunni þess. Hér er hægt að hlusta á [hlaðvarp Rásarinnar um leiðsagnarnám](#). Þá hefur mikið þróunarstarf verið í gangi í tengslum við innra mat grunnskólanna. Haldnar voru fjórar málstofur fyrir skólastjórnendur sl. vetur þar sem fengnir voru ýmsir utanaðkomandi sérfræðingar í bland við fagfólk úr skólum borgarinnar. Umfjöllunarefnið snérist m.a. um mikilvægi innra mats, hvernig hægt væri að virkja allt starfsfólk í innra mati, gæði kennslustunda og gerð og eftirfylgni umbótaáætlana. Áformað er að halda áfram með slíkar málstofur næsta vetur. Samhliða þessu hafa allir grunnskólarnir í Austurhverfi borgarinnar, 15 talsins, tekið þátt í þróunarverkefni um innra mat „[Saman komumst við lengra](#)“ sem styrkt er af þróunar- og nýsköpunarsjóði menntastefnu. Skipaður var stýrihópur í verkefninu sem leiddur er af verkefnastjórum á skrifstofu sviðsstjóra og grunnskólaskrifstofu en hópurinn naut faglegrar leiðsagnar frá Menntamálastofnun og um tæknilegu hliðina sér fulltrúi frá kerfinu [BravoLesson](#) sem skólarnir hafa allir innleitt til að halda utan um matið. Mikill áhugi er á verkefninu og stofnuð hafa verið sérstök fagmenntu- eða þróunarteymi í hverjum skóla. Vel hefur gengið að virkja starfsfólk skólanna í að meta skólastarfið og ljóst að töluverð og jákvæð breyting hefur orðið með tilliti til þessa þáttar í skólastarfinu. Fagleg lærdómssamfélög um innra mat hafa bæði sprottið upp innan hvers skóla og svo þvert á skólana í gegnum samstarfið í þróunarverkefninu. Skólarnir í Austri munu halda ótrauðir áfram næsta vetur og óhætt er að segja að mikil tilhlökkun sé í hópnum fyrir þessu mikilvæga verkefni. Þá hafa grunnskólar í Breiðholti í samvinnu við Suðurmíðstöð unnið þétt saman að innleiðingu á starfsháttum „gagnvirka samstarfslíkansins“ (e. Collaborative Response) í gegnum [B-hluta styrk þróunar- og nýsköpunarsjóðs](#).
- **Undirbúningur að gerð námskrár fyrir nemendur með brotna skólagöngu** er hafin í samstarfi borgarinnar, Mennta- og barnamálaráðuneytis, Reykjanesbæjar og Hafnarfjarðar. Reiknað með að verkefnið verði klárað á næsta skólaári.

3.3. Sjálfsefning, félagsfærni og lýðræði

Undir þessari almennu aðgerð er lögð áhersla á félagsfærni og sjálfsefningu allra barna meðal annars með innleiðingu réttindaskólaverkefnisins og með virku barna- og unglíngalýðræði þar sem öll börn hafa rödd í lýðræðislegu ákvörðunarferli, ekki síst þau þau börn sem tilheyra minnihlutahópum. Markviss vinna til að efla samskiptafærni, félagsfærni og tilfinningagreind þarf að fara fram í formlegu sem óformlegu námi og í samstarfi skóla- og frístundastarfs meðal barna og fullorðinna þar sem samkennd og félagslegt réttlæti er haft að leiðarljósi.

- **Raddir barna.** Stuðlað verði að því að öll börn hafi rödd í lýðræðislegu ákvörðunarferli en liður í því er framkvæmd lýðræðisverkefni í Breiðholti sem var keyrt sem tilraunaverkefni fyrir aðra borgarhluta. Haldnar voru fjórar vinnusmiðjur fyrir fulltrúa í skólaráðum, nemendaráðum og unglingaráðum. Á smiðjunum var rætt um lýðræði, samvinnu og samskipti og fjallað um mikilvægi þess að auka meðvitund um forréttindi og fjölbreyttar aðstæður hjá börnum og unglingum og hvernig hægt væri að standa að vali í ráðin. Þá var fjallað um réttindi barna og leiðir til áhrifa, hönnunarhugsun og skapandi nálgun m.a. í skipulagningu viðburða. Hægt er að nálgast fræðslufni, glærur, myndbönd og annað [stuðningsefni í verkfærakistu á vef menntastefnu](#).
- **Unnið hefur verið að því að kynna betur ungmenna- og nemendaráð** fyrir unglingum og starfsfólki grunnskóla og barnaráð í frístundastarfi fyrir börnum og starfsfólki. Þetta er liður í að valdefla börn með virku barna- og unglingalýðræði og auknum stuðningi við nemendafélög og ungmennaráð. Stuðningsefni er þegar komið í verkfærakistu menntastefnu og gerð hafa verið myndbönd til að kynna [unglingaráð](#) og nemendaráð. Unnin hafa verið [viðmið um val fulltrúa í ráð og nefndir](#) þar sem meðal annars er lögð áhersla mikilvægi þess að ráð og nefndir endurspegli sem best barna- og unglingahópinn meðal annars með tilliti til aldurs, kyns og bakgrunns. Það getur haft í för með sér að ákveðnir hópar þurfi sérstaka hvatningu til að bjóða sig fram. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um virkni nemenda í ráðum og hlutfall þeirra sem vinna markvisst með nemendalýðræði:

- 95% grunnskóla eru með fulltrúa nemenda í skólaráði
- 62% grunnskóla eru með virk nemendaráð
- 13% grunnskóla halda nemendaþing
- 51% frístundaheimila eru með barnaráð
- 96% félagsmiðstöðva með unglingaráð



- **Áhersla á sjálfseflingu- og félagsfærni í formlegu og óformlegu námi** er brýnt viðfangsefni sem huga þarf stöðugt að með fjölbreyttum hætti. Allir starfsstaðir SFS geta sótt og nýtt [gátlista menntastefnunnar um sjálfseflingu og félagsfærni](#) og eru þeir m.a. notaðir til endurmats og umbóta í skóla- og frístundastarfi eins og kemur fram í starfsáætlunum starfsstaða. Þá lúta um 17% verkefna í A-hluta skólaárið 2022-2023 að verkefnum sem styrkja félagsfærni og 16% verkefna að sjálfseflingu. 16% verkefna snúast um virkni barna og þátttöku en lýðræðisþátturinn er hluti af þeim verkefnum.
- **Réttindi barna í leikskólum** er verkefni sem nokkrir leikskólar í Reykjavík ásamt verkefnastjóra Barnasáttmála á skóla- og frístundasviði hófu 2021. Árið 2022 hlaut [verkefnið styrk úr B-hluta þróunar- nýsköpunarsjóðs](#) en sex leikskólar taka þátt ásamt Menntavísindasviði Háskóla Íslands, skóla- og frístundasviði Reykjavíkur og UNICEF á Íslandi. Leikskólarnir eru; Ævintýraborgir Eggertsgötu og við Nauthólsveg, Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni og leikskólarnir Gullborg, Laugasól og Vinagerði. Markmið verkefnisins er að innleiða ákvæði Barnasáttmálans á markvissan hátt í starfshætti þátttökuleikskólanna. Tilgangurinn með því er að valdefla börnin, hlusta á hugmyndir þeirra og sjónarmið og stuðla að því að þau verði raunverulegir áhrifavaldar í leikskólanum. Allir leikskólarnir byggja starf sitt á markmiðum og hugmyndafræði Barnasáttmálans og stigu mörg skref til að laga starfshætti sína að hugmyndum sáttmálans í verkefninu. Um er að ræða þriggja ára verkefni sem felst í a) kynningu á réttindum barna, þátttöku og áhrifamætti, b) innleiðingu á ákvæðum Barnasáttmálans í daglegt starf og b) mati

á innleiðingunni og hvernig hægt er að festa verkefnið í sessi í leikskólunum. Hægt er að nálgast [áfangaskýrslu eftir fyrsta hluta verkefnisins á síðu verkefnisins undir vef menntastefnunnar.](#)

- **Innleiðing Réttindaskóla og Réttindafrístundar** hófst í fimm grunnskólum haustið 2022, Breiðagerðisskóla, Fossvogsskóla, Hvassaleitisskóla, Réttarholtsskóla og Víkurskóla. Frístundaheimilunum Sólbúum, Neðstalandi og Krakkakoti og í félagsmiðstöðunum Bústöðum og Tónabæ. Innleiðing fer fram með stuðningi UNICEF og aðkomu fagskrifstofu SFS. Vorið 2023 hafa 20 starfsstaðir lokið innleiðingu verkefnisins frá upphafi og 19 starfsstaðir eru í ferli. Búið er að taka ákvörðun um að innleiðing hefjist næst í fjórum skólum, fjórum frístundaheimilum og tveimur félagsmiðstöðvum í Grafarvogi.
- **Unnið er að því að fjölga stöðugildum tómstunda- og félagsmálafræðinga** til að styðja við markvisst og faglegt starf varðandi félagsfærni og sjálfsefningu á frístundaheimilum og í félagsmiðstöðum. Viðfangsefnið krefst viðbótarfjármagns sem sótt hefur verið um en ekki fengist.
- **Raddir barna og virk þátttaka.** Dæmi um verkefni þar sem markmiðið er að efla virka þátttöku barna, hugmyndir þeirra og sýn um leið og stuðlað er að aukinni félagsfærni og sjálfsefningu, eru meðal annars Vika6, Barnamenningarhátíð, Skrekkur og vinnusmiðjur með börnum og unglingum vegna framtíðarsýnar þeirra á fyrirkomulagi skóla- og frístundastarfs í hverfum borgarinnar en í öllum þessum verkefnum hafa börn og unglingar mikil áhrif á verkefni og birtingarmynd þeirra.

- **Vika6 – Raddir unga fólksins.** Á hverju ári kjósa unglingar um þema Viku6. Þemun eru

sett fram út frá áherslum alhliða kynfræðslu. Unglingum býðst að kjósa nafnlaust í gegnum vefsíðuna Menti.com og þemað sem fær flest atkvæði er valið hverju sinni. Í undirbúningi fyrir Viku6 haustið 2022 bárust rúmlega 1300 atkvæði frá unglingum í borginni. Í kjölfarið var öllum



skólum boðið að senda 2-3 fulltrúa unglunga á fund þar sem þeim gafst tækifæri til að segja hvað þeir vilja fræðast betur um, leggja fram tillögur að drauma Viku6, ákveða hvernig myndböndin ættu að vera auk þess sem þeir lögðu fram ýmsar góðar hugmyndir að útfærslu kennslu og fræðslu. Ítrekað kom fram ósk um almennt meiri, fjölbreyttari og markvissari kynfræðslu og að foreldrar fengju fræðslu og þjálfun í að ræða umkynlíf við börnin sín.

- **Skrekkur** er árleg hæfileikakeppni fyrir grunnskólanemendur í Reykjavík og geta grunnskólar með unglingadeild sent eitt atriði í keppnina. Nemendurnir sjálfir semja, undirbúa, stýra og flytja atriðin sem valin eru frá hverjum skóla en um 600 unglingar taka að jafnaði þátt í viðburðinum.
- **Börn og starfsfólk frá flestum starfsstöðum SFS taka þátt í Barnamenningarhátíð ár hvert.** Um sjöhundruð leikskólabörn taka að jafnaði þátt í opunardegi hátíðarinnar ásamt kennurum sínum, nemendum og kennurum frá Tónskóla Sigursveins. Allir nemendur í fjórða bekk grunnskóla taka þátt í opunarhátíð Barnamenningarhátíðar eða um þrettánhundruð nemendur. Í undanfara hátíðarinnar taka þau þátt í að semja lag hátíðarinnar út frá ákveðnu þema sem stjórn ákveður hverju sinni þar sem þau velta fyrir sér spurningunum um það hvernig viðfangsefnið hverju sinni snertir þau sjálf, aðra

í kringum þau og heiminn allan. Árið 2022 var þemað gleði og var lag þess árs [Priggja tíma brúðkaup](#) unnið með tónlistarmönnunum Jóa Pé og Króla. Árið 2023 var þemað friður og var lagið [Kæri heimur](#) samið af Vigdís Hafliðadóttur og Ragnhildi Veigarsdóttur í hljómsveitinni Flott, í samvinnu við börnin. Hægt er að hlusta á umfjöllun um [Barnameningarhátíð í hlaðvarpinu Rásin](#).

- **Stofnað var til stórfunda og samráðs við börn og unglunga um framtíðarskipulag** á skóla- og frístundastarfi í hverfum borgarinnar. Haldnir voru fundir og leitað eftir röddum og hugmyndum barna í Miðborg og Hlíðum, Laugardal og Grafarholti/Úlfarsárdal.
- **Haldnir voru hverfafundir undir nafninu *Öll í sama liði*** í öllum hverfum borgarinnar. Fundaröðin var samstarfsverkefni SFS, ÍTR og íþróttabandalags Reykjavíkur. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna í [fylgiskjali 1](#).

3.4. Menningarlegur margbreytileiki

Undir þessa aðgerð falla verkefni sem tengjast auknu menningarnæmi, menningarläsi og getu barna og fullorðinna til að bregðast við sífellt vaxandi menningarlegum fjölbreytileika í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Lögð er áhersla á að sérstaklega verði spornað við fordómum og hugað að þeim börnum sem á einhvern hátt eiga á hættu að vera jaðarsett, s.s. vegna þroska, kynhneigðar, kyns, uppruna, félagslegrar stöðu eða annars.

- **Regnbogavottun.** Unnið er að því að allir starfsstaðir skóla- og frístundasviðs fái Regnbogavottun í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Sextíu og fimm starfsstaðir SFS hafa fengið Regnbogavottun í júní 2023 eða tæp 40%. Markmiðið er að allir starfsstaðir hafi fengið Regnbogavottun fyrir 31. desember 2024. Nánari upplýsingar um Regnbogavottun og starfsstaði sem hafa hlotið vottun er að finna hér <https://reykjavik.is/regnbogavottun-reykjavikur/starfsstadir>
- **Hinsegin félagsmiðstöð** er starfsrækt undir frístundamiðstöðinni Tjörnin en unnið er að framtíðarfyrirkomulagi á frístundastarfi fyrir hinsegin börn og unglunga í borginni til að bregðast við vaxandi fjölbreytileika. Stýrihópur hefur ekki verið settur af stað, en fjármagn er komið inn frá ríkinu (einkisfjármagn) til að efla þetta starf og um leið auka samstarf við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sem hafa sum hver boðið upp á starf fyrir hópinn. Þá eru opnanir hafnar í öðrum hverfum borgarinnar. Hægt er að hlusta á umfjöllun um [hinsegin félagsmiðstöð 78 í hlaðvarpi Rásarinnar](#).
- **Jafnréttis- og mannréttindamál.** Unnið hefur verið að því að auka verulega við fræðslu, þjálfun og þekkingu starfsfólks SFS í [jafnréttis- og mannréttindamálum](#) með stækkun Jafnréttisskólans. Umfang verkefna á vegum skólans hefur aukist jafnt og þétt á liðnum árum ekki síst vegna aukins álags í málum sem tengjast kynferðislegu ofbeldi og áreiti þar á meðal stafrænu kynferðisofbeldi. Vorið 2023 var tekin ákvörðun um að ráða í viðbótar stöðugildi við Jafnréttisskólann til þess að sjá sérstaklega um fræðslu, þjálfun og að auka þekkingu starfsfólks.
- **Aðgerðir gegn rasisma.** Lögð hefur verið fram aðgerðaráætlun gegn rasisma en á grundvelli hennar er unnið að skipulagningu námskeiða sem fela í sér fræðslu og þjálfun fyrir starfsfólk SFS og fyrir nemendur á mið- og unglíngastigi. Stefnt er að því að námskeiðin verði í boði skólaárið 2023-2024 og verður byrjað á stjórnendahópum í öllum borgarhlutum.
- **Í samstarfi við RÚV voru unnir sex þættir undir heitinu Móður mál** en í þáttunum var lögð áhersla á að kynnast fjölbreytingum nemendum í grunnskólum borgarinnar sem öll höfðu hlotið nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs.

3.5. Læsi í víðu samhengi

Markvisst er unnið að því að efla málþroska, læsi og lesskilning barna með fjölbreyttum aðferðum á vettvangi alls skóla- og frístundastarfs á grundvelli aðgerðar um læsi og áherslu menntastefnu. [Miðja máls og læsis](#) gegnir þar lykilhlutverki með stuðningi við skóla- og frístundaskrifstofur í hverfum og alla starfsstaði í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Áhersla er lögð á fræðslu til foreldra bæði með ráðgjöf, námskeiðum og með því að koma á framfæri [gagnlegu upplýsingaefni um málþroska og læsi](#).

Boðið hefur verið upp á fjölbreytt námskeið, fræðslu, handleiðslu og stuðning við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Áhersla er á fjölbreytta nálgun sem byggir á kennslu- og vinnuaðferðum sem sýnt hefur verið með rannsóknum að skili árangri í vinnu með málþroska og læsi. Sérstök áhersla er lögð á fræðslu til ófaglærðra og starfsfólks af erlendum uppruna.

Dæmi um skipulögð námskeið og fræðsla MML 2022-2023

- Nýliðnámskeið fyrir leikskóla, aðferðir sem stýðja við málþroska og læsis í daglegu starfi
- Námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga í ung- og smábarnavernd um málþroska og fjölyngi í samvinnu við Heyrnar- og talmelnastöð
- Nýir lestrarættarar
- Læsisfimmán, Daily five
- Námskeið Hagnýtar aðferðir til að efla orðaforða þvert á námsgreinar
- Gagnvirkur lestur
- Byrjendalæsismiðjur
- Námskeið um stöðumat
- Míllí mála námskeið
- Brú míllí landa
- Árangursrík kennsla og velfarnaður í margbreytilegum bekk
- Fjármálalæsi

Hvert námskeið felur í sér nokkur skipti
Mörg námskeið keyrð oft en einu sinni á árinu

Í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ hefur Miðja máls og læsis komið að undirbúningi og kennslu námskeiða, bæði einingabærra og námskeiða undir hatti Menntafléttunnar. Dæmi um slík námskeið er 10 eininga námskeiðið *Gleðin í málinu: Árangursríkt leik- og grunnskólustarf* og Menntafléttunámskeiðin; *Talaðu við mig: Gæðamálörvun í leikskóla* og *Byggjum á forvitni og áhuga nemenda: Aukin tækifæri til virkrar málnotkunar*.

MENNTAVÍSINDI

Gleðin í málinu: Árangursríkt leik- og grunnskólustarf

Hvernig má stuðla að hvetjandi málumhverfi barna og nýta samveru- og lestrarstundir til eflingar orðaforða og samræðna þannig að öll börn taki þátt?

Tilgangur námskeiðsins er að þjáttakendur efla þekkingu sína á málvægi málöfnunar í leik og starfi með leik- og grunnskólabörnum. Því farið að bæta árangursríkum aðferðum sem byggja á gleði og sköpun, stýðja við aðsinn málþroska og hvetja til virkrar málnotkunar barna.

Námskeiðið er vettvangs- og samstarfsmiðað og er gert ráð fyrir að þjáttakendur myndi lærdóms-samtölg. Í því felir að þjáttakendur sinna sama skóla eða míllí skóla sína sameiginlega að álöndnum málmennum sem þeir setja sér og viðhalda eftir að námskeiði lýkur. Þjáttakendur til tækifæri til að fara saman og stýlja hver annan í að þróa starfsfærni með börnum. Grunnhugmyndin er að þjáttakendur líti á það sem sameiginlegt verkefni að stýlja börn og hvetja til virkrar málnotkunar.

MARKHÖFUÐ
Kennarar og heilbrigðisstarfsmenn vinna með börnum á aldrinum 1-7 ára í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar. Fólk sem upplýsi ekki kröfur um háskólanám getur tekið námskeiðið án eininga.

TÍMI OG VINNUMÁLAG
Námskeiðið er í fjárhámi. Kennsla fer fram á vef námskeiðsins, skyldumæting er á fjárhámi þar sem fara fram umræður og hópaðna. Fyrirlestrar verða teknar upp og settar á vef námskeiðsins sem nemendur hlusta á fyrir ferlið.

SKRÁNING, SKRÁNINGARGJALD OG EININGAR
30. nóv. Áhugasamir eru hvattir til að skrá sig í gegnum skráningarsíðu Starfsþelunnar MMLR 55.000 KR. Skráningargjald er 55.000 kr. (42.500 kr. án eininga). * Gjaldlagi er 6. janúar 2023. 10 ECTS. Námskeiðið gefur 10 ECTS á framhaldstigi.

Námskeiðsþýðing í háskólu: <https://bit.ly/3R0D0V9>
* Fólk óskil til þess að greiða samráðgjöf fyrir þetta námskeið. Námskeið er opið fyrir öllum námskeiðshólfum.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Talaðu við mig: Gæðamálörvun í leikskóla

Byggjum á forvitni og áhuga nemenda: Aukin tækifæri til virkrar málnotkunar

- **Miðja máls og læsis hefur unnið að því jafnt og þétt að endurskipuleggja verklag til að koma efni á markvissan hátt á framfæri til starfsfólks SFS og foreldra. Til þess notar miðjan:**
 - Heimasíðu <https://mml.reykjavik.is/>
 - Facebooksíðu <https://www.facebook.com/Midjamsoglaesis>

- Instagram #midjamalsoglaesis
- Fjölbreytta Padlet veggj s.s. eins og [allt um stöðumat nýkominna barna](#)
- **Unnið er að innleiðingu málstefna** á starfsstöðum SFS. Ráðgjafar MML hafa farið inn í verkefni með nokkrum starfsstöðum sem miða að því að setja málstefnu bæði með starfsfólki og nemendum. Gagnlegt efni til [stuðnings málstefnuvinnu er að finna á heimasíðu MML](#)
- **Unnið er að innleiðingu stöðumats** fyrir nýkomna nemendur af erlendum uppruna. Verkefnið er m.a. unnið í samstarfi við Menntamálastofnun. Tveir ráðgjafar MML hafa það hlutverk að styðja grunnskóla borgarinnar í að innleiða og nota Stöðumat fyrir nýkomna nemendur. Ráðgjafarnir sjá um að útbúa og [miðla stuðningsefni á vef MML](#), veita ráðgjöf og handleiðslu, og halda námskeið í notkun Stöðumatsins. Hvert námskeið er fjögur skipti þar sem farið er í matsefnið, þjálfað í fyrirlögn og veittur stuðningur við að gera kennsluáætlun. Námskeiðin eru haldin í öllum borgarhlutum tvisvar á vorönn og tvisvar á haustönn 2023. Í kjölfar námskeiða er boðið upp á ráðgjöf og eftirfylgni. Sjá dæmi um auglýsingu á myndinni hér við hliðina.
- **Orð eru ævintýri.** Verið er að leggja lokahönd á útgáfu á bók og vefefni sem byggir á íslenska grunnorðaforðanum og er ætlað að styrkja máltöku barna í samstarfi heimils og leikskóla. Efninu fylgja leiðbeiningar til foreldra og starfsfólks leikskóla. Efnið nýtist líka í íslenskukennslu barna af erlendum uppruna og fylgir gagnvirk efni og rafrænar kennsluleiðbeiningar með bókinni. Menntamálastofnun gefur út bókina í samvinnu við Miðju máls og læsis, leikskólana Laugasól og Blásali, Austurbæjarskóla og námsbraut í talmeinafræði við Háskóla Íslands. Markar þessi útgáfa þáttaskil þar sem þetta er fyrsta námsefnið sem gefur út fyrir leikskólastigið.. Efninu verður dreift til leikskóla og foreldra haustið 2023.
- **Frístundalæsi er verkefni** sem frístundahluti fagskrifstofu SFS hefur haldið utan um og stutt við frá árinu 2018. Opnaður hefur verið [vefurinn Frístundalæsi](#) en í gegnum það er lögð áhersla á reynslunám barna og að virkja þátttöku þeirra og áhuga í gegnum leik og samskipti. Fjöldmörg frístundaheimili byggja á aðferðum frístundalæsis og í gegnum Torgið, rafrænan fræðsluvettvang verður Frístundalæsi gert að skyldufræðslu fyrir alla nýliða.
- **Allir skólar nota Lesferil MMS en** ekki hefur tekist að kalla eftir gögnum til að vinna úr niðurstöðum.



3.6. Heilbrigði og vellíðan


Í almennri aðgerð um heilbrigði og aukna vellíðan í skóla- og frístundastarfi borgarinnar er meðal annars hugað að þáttum sem tengjast andlegri líðan og getu barna til að takast á við áföll og áskoranir í daglegu lífi. Lögð er áhersla á að bæta aðgengi barna og starfsfólks að stuðningi og ráðgjöf og einnig er áhersla lögð á forvarnir og fræðslu og gefið aukið svigrúm til fjölbreyttrar hreyfingar. Þá er lögð áhersla á heilbrigðar neysluvenjur, útivist og útínám.

- **Unnið er að því að starfsstaðir SFS verði heilsueflandi** en samkvæmt tölum frá Landlækni og upplýsingum úr spurningavagni 2021 er staðan vorið 2023 með þessum hætti:
 - 70% grunnskóla eru orðnir heilsueflandi skólar
 - 52% leikskóla eru skráðir sem heilsueflandi
 - 73% frístundaheimila nýta gátlista um heilsueflandi frístundaheimili

- 86% félagsmiðstöðva nýta gátlista um heilsueflandi félagsmiðstöðvar
- **Unnið er að því að tryggja fjölbreytta hreyfingu nemenda í 10. bekk sem kemur í stað sundkennslu.** Send var út spurningakönnun haustið 2022 til allra skóla þar sem kannað var hvort boðið væri upp á hreyfingu í stað sundtíma fyrir þau sem ljúka sundnámi í 9. bekk og ef svo er hverskonar hreyfingu er boðið upp á. Starfshópur um aukna hreyfingu í skóla- og frístundastarfi mun vinna úr niðurstöðum og kynna á málþingi sem er í undirbúningi og ætlað skólastjórnendum og íþrótt- og sundkennurum um möguleika til fjölbreyttrar hreyfingar.
- **Unnið var að því að efla gleði, hamingju og bjartsýni** meðal barna og starfsfólks hjá skóla- og frístundasviði á tímabilinu en í kjölfar heimsfaraldurs hefur vanlíðan aukist meðal barna og fullorðinna sem og einmanaleiki og depurð. Stofnaður var starfshópur og ráðinn starfsmaður í tímabundið verkefni til að heimsækja starfsstaði, fræða og innleiða gleði, hamingju og bjartsýni. Í undirbúningi fræðslunnar byggði verkefnastjórnin á niðurstöðum fjölbreyttra rannsókna sem sýnt hafa fram á leiðir og aðferðir sem auka gleði, hamingju og bjartsýni. Hægt er að fræðast um þessar leiðir [í stuttu myndbandi](#). Verkefnið stóð yfir frá hausti 2022 og þangað til í mars 2023. Á þeim tíma heimsótti verkefnastjórnin 15 leikskóla, 11 grunnskóla, 10 frístundaheimili, 7 félagsmiðstöðvar, hverfissamráð í Vesturmiðstöð, starfsfólk BBB í Suðurmiðstöð auk þess sem hann kynnti verkefnið á Menntavikunni Menntavísindasviði HÍ og hélt erindi fyrir sérkennslustjóra, skólastjóra, deildarstjóra og fagstjóra. Í spurningakönnun sem send var til þátttakenda í mars



2023 kom fram að langflestir töldu fræðsluna gagnast frekar eða mjög vel. Þá var spurt að hve miklu eða litlu leyti starfsstaðurinn væri að nýta þær leiðir sem kynntar voru í fræðslunni. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá að flestir starfsstaðir höfðu nýtt leiðirnar að einhverju leiti.



Í Laugarnesskóla hafði verkefnið þau áhrif að skipulögð var gleðivika í skólanum 17.-21. apríl 2023 með þátttöku barna og fullorðinna, sjá mynd hér við hliðina af skipulagi vikunnar. Á hverjum starfsstað var kosinn sendiherra gleðinnar en um 50 sendiherrar voru tilnefndir á því tímabili sem verkefnið stóð yfir. Stefnt er að því að setja saman lærdómssamfélag sendiherra haustið 2023.

Gleðivika í Laugarnesskóla 17.-21. apríl 2023				
Mánudagur 17.4.	Þriðjudagur 18.4.	Miðvikudagur 19.4.	Sumardagur fyrsti	Fimmtudagurinn 21.4.
Morgunöngur Ég er gleðsatt hundur í heimi	Morgunöngur Þar er gott að vera sem glefin býr	Sumarlegr dagur Morgunöngur Pálidagskrá	FÍÍ	Morgunöngur Gleðibankinn
Kynna verkefni vikunnar		Happy fyrir starfsfólk		
Verkefni dagsins: Brosdagur - brosa til 5 annarra	Verkefni dagsins: Brandaradagur	Verkefni dagsins: Hrósdagur		Verkefni dagsins: Blóm gleði - vörður
Allir gera litð blóm og skrifa á það hvað gerir þau glöð, svo er bönn til stór gleðiblómvöndur, hengdur upp á íberandi stað				
Vinna sem fer heim/heimavinna: Kort þar sem nemendur skrifa hugmynd að samveru með fjölskyldu sinni sem veitir þeim gleði				
Hugmyndir að blómvöndum				
				

Að velja sendiherra gleðinnar felur í sér að:

- Nemandi eða starfsmaður er tilnefndur sendiherra gleði, hamingju og bjartsýni og hefur umsjón með innleiðingu verkefnisins.
 - Sendiherrann aðstoðar við að skapa andrúmsloft gleði í bekknum eða frístundastarfinu.
 - Sendiherrann leitar leiða til að bæta bekkjarbraginn/staðarbraginn og kynnir niðurstöður sínar í byrjun eða lok dags.
 - Hlutverkið getur verið tímabundið (ein vika eða einn mánuður) og getur verið valið í það út frá tíma, hegðun eða öðrum hvata.
- **Í samstarfi við Embættis landlæknis og Betri svefn fór skóla- og frístundasvið í rannsóknarverkefni sem miðaði að því að bæta svefn nemenda í 10. bekk.** Verkefnið var styrkt af Lýðheilsusjóði og er jafnframt skilgreint sem aðgerð í [Lýðheilsustefnu borgarinnar](#). Byrjað var á forrannsókn í Víkurskóla og Foldaskóla til að skoða áhrif mismunandi skólabyrjunar að morgni en m.a. var horft til þeirrar þekkingar sem varð til í B-hluta [þróunar- og nýsköpunarverkefninu Betri Bústaðir](#). Vogaskóli tók þátt í sjálfri rannsókninni en samanburðarskólar voru Laugalækjarskóli og Ölduselsskóli. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að seinni skólabyrjun bætir svefn unglinga, færri sofa minna en sjö klukkustundir og betri svefn sýndi minni klukkupreytu. Viðhorfskönnun meðal nemenda og kennara sýndi að mikill meirihluti var ánægður með seinni skólabyrjun og um helmingi nemenda finnst svefninn vera betri. 85% kennara voru ánægð með breytinguna, töldu hana hafa haft jákvæð áhrif á skólastarfið og vildu flest halda seinkaðri byrjun skóladagsins áfram. Niðurstöðurnar hafa verið kynntar og áætlað er að haustið 2024 hafi allir skólar seinkað skólabyrjun hjá unglingum í borginni.
 - **Innleiðing matarstefnu borgarinnar heldur áfram** og var starf verkefnisstjóra matarstefnu tryggt áfram með aðkomu SFS (30%) og VEL (30%). Starfsdagur kokka í skólum borgarinnar var haldinn í ágúst 2022. Þá voru haldin námskeið fyrir kokka í leikskólum og grunnskólum í samstarfi við MK. Haldinn var fundur með forstöðumönnum frístundaheimila um síðdegishressingu og þótti hún vel heppnuð. Áframhaldandi vinna við útboð vegna eldhúsumsjónarkerfis er í gangi og markviss innleiðing fyrirhuguð í grunnskóla að útboði loknu. Mikilvægt er að fylgja innleiðingunni eftir og rýna kostnaðarliði en í undirbúningi er starfsdagur matráða á ágúst 2023.
 - Vitundarvakning um kynheilbrigði heldur áfram en hún felst meðal annars í að efla getu kennara á öllum skólastigum til að kenna kynfræðslu og fjalla um kynheilbrigði. Liður í þessari aðgerð er stækkun á Jafnréttisskólanum sjá nánar kafla 3.4. um menningarlegan margbreytileika.

Lærdómssamfélag grunnskólakennara um alhliða kynfræðslu var starfrækt skólaárið 2022-2023 og mun halda áfram. 24 kennarar frá 12 skólum auk áhugasamrar starfskonu úr félagsmiðstöð hafa tekið þátt. Áhugi er á að bjóða upp á sambærilegt samfélag fyrir félagsmiðstöðvastarfsfólk næsta vetur. Tilraunaverkefni um alhliða kynfræðslu er ekki lengur tilraunaverkefni heldur komið í fullan gang og eru nú sex skólar fullgildir þátttakendur í verkefninu. [Verkfærakista um kynfræðslu fyrir öll stig grunnskóla](#) er aðgengileg á heimasíðu Jafnréttisskólans. Mikil þátttaka var í Viku6 árið 2023 en allar félagsmiðstöðvar borgarinnar tóku þátt sem og allir grunnskólar fyrir utan tvo yngri barna skóla. Nemendur tóku þátt í að velja viðfangsefni vikunnar en þema vikunnar 2023 var Kynlíf og kynferðisleg hegðun. Unnið var að gerð [fræðslumyndbanda í samvinnu við UngRÚV](#), veitt fræðsla til foreldra, útbúin veggspjöld, fræðslubolir og smokkum dreift til allra nemenda í 10. bekk. Bætt var við fræðsluefni á heimasíðu jafnréttisskólans og á samfélagsmiðlum, instagram #Vika6 og facebook var ýmsum fróðleik komið á framfæri. Skólar í borginni tóku þátt í verkefninu Sexan stuttmyndakeppni og var [Selásskóli sigurvegari 2023](#). Fjölmíðlar sýndu Viku6 áhuga en líkt og undanfarin ár var RÚV sá fjölmiðill sem mest hefur fjallað um vikuna á jákvæðan og hvetjandi hátt.

- Unnið er að því að efla forvarnir og viðbrögð gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi.** Forvarnarteymi um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi hafa verið stofnuð í öllum grunnskólum borgarinnar í samræmi við reglugerð og verklag frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og boðið hefur verið upp á rafræna fræðslu fyrir fulltrúa teymanna auk þess sem haldið var málþing um börn og ofbeldi. Verkefnið [Opinskátt um ofbeldi](#) hefur verið kynnt fulltrúum auk þess sem það hefur verið gert aðgengilegt á vefnum [stoppofbeldi.is](#), [112.is](#) og á [menntastefna.is](#). Víða er áskorun að halda teyminum virkum en þau þurfa betra aðhald og skýrari upplýsingar um hlutverk sitt. Með stækkun jafnréttisskólans er ráðgert að styðja betur við forvarnarteymin í grunnskólum. Þá hafa verið stofnuð ráðgjafa/viðbragðsteymi með fulltrúum í hverri miðstöð en skólastjóri Jafnréttisskólans veitir teyminu sérhæfða ráðgjöf. Teyminu er ætlað að bregðast skjótt við málum sem koma upp í þeirra borgarhlutum. Í tengslum við aðgerðaráætlun forvarnarstefnu Reykjavíkur er unnið að því að stækka ráðgjafateymið fyrir árslok 2023 þannig að tveir fulltrúar hið minnsta úr hverri miðstöð sitji í teyminu. Þannig verði til a.m.k. tveggja manna teymi innan hvers miðstöðvar sem síðan nýtur stuðnings frá ráðgjafateymi sem starfar þvert á borgina með sérhæfðri ráðgjöf frá Jafnréttisskólanum. Stækkun ráðgjafateymisins eykur þekkingu fleiri aðila á vettvangi og möguleikana á því að í hverri miðstöð verði hægt að bregðast fljótt við málum sem upp koma.
- Meðal þess sem gert hefur verið til þess að efla hreyfingu og þrautseigju barna** er að bjóða þeim upp á skíðakennslu og tækifæri til að efla hjólaferni á skólatíma. Nánar er fjallað um þau verkefni í kafla 3.1.
- Samráðsfundir hafa verið haldnir með rannsakendum á högum og líðan ungs fólks.** Niðurstöður frá fyrirlögnum Íslenskra æskulýðsrannsókna og Rannsókna og greiningar frá vorönn 2023 hafa verið greindar niður á skóla og sendar stjórnendum viðkomandi grunnskóla og tilheyrandi frístunda- og félagsmiðstöðvastarfi. Búið var til svæði á vef Reykjavíkurborgar fyrir niðurstöður fyrir Reykjavík, sjá hér: <https://reykjavik.is/rannsoknir-og-kannanir>. Bréf voru

Vika6

Vika6 er sjötta vika hvers árs. Í þeirri viku er starfsfólk grunnskóla og félagsmiðstöðva borgarinnar hvatt til að setja kynheilbrigði í forgunn og bjóða upp á fjölbreytta kynfræðslu. Leikskólum, frístundaheimilum og öðrum sveitarfélögum er hjartanlega velkomið að taka þátt í Vika6 eftir því sem á við og hentar hverjum og einum.

Jafnréttisskóli Reykjavíkur stýrir Vika6 en unglingar borgarinnar kjósa þema á hverju ári. Unnið er gefra hugmyndum um alhliða kynfræðslu.

Kynfræðsla fyrir öll stig grunnskóla - Verkfærakistur

Kynfræðsla - yngsta stig	Kynfræðsla - miðstig	Kynfræðsla - unglingsstig	Kynfræðsla - efni fyrir starfsfólk
Hugmyndir að námsæfi, kvæðjum og kennsluáðbeiningum auk annars fróðleiks.	Hugmyndir að námsæfi, kvæðjum og kennsluáðbeiningum auk annars fróðleiks.	Hugmyndir að námsæfi, kvæðjum og kennsluáðbeiningum auk annars fróðleiks.	Hugmyndir að námsæfi, kvæðjum og kennsluáðbeiningum auk annars fróðleiks.

send frá lýðheilsu- og forvarnarteymi SFS fyrir sumarið til foreldra allra leik- og grunnskólabarna sem fól í sér hvatningu til foreldra til að tileinka sér uppeldishætti sem rannsóknir hafa sýnt að eru verndandi gagnvart áhættu hegðun.

- **Styrkur fékkst frá mennta- og barnamálaráðuneyti til að starfrækja Flotann, flakkandi félagsmiðstöð**, sem sinnir vettvangsstarfi í hverfum borgarinnar utan opnunartíma félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglinga.

3.7. Nýsköpun og framsækni í námi og leik

Undir þessari almennu aðgerð eru verkefni sem styðja við umhverfi nýsköpunar, lista og menningar með áherslu á samfélagslega nýsköpun og framsæknar lausnir í námi og starfi. Nýsköpunarmiðja menntamála gegnir lykilhlutverki í samstarfi við miðlæga skrifstofu, skóla- og frístundaskrifstofur í miðstöðvum og starfsstaði í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

- **Ein af þeim aðgerðum sem hér eru undirbyggjandi er samstarf við Háskóla Íslands um stofnun Nýsköpunarstofu menntunar** sem nánar er fjallað um í kafla um faglegt samstarf og starfsþróun. Nýsköpunarstofan hefur þegar tekið til starfa og heimasíða hennar verið opnuð <https://nyskopunarstofa.hi.is/is> og [viðburðir haldnir](#).
- **Aðferðafræði samfélagslegrar nýsköpunar** hefur það að markmiði að virkja sem flestar raddir til að greina áskoranir samtímans og hanna fjölbreyttar lausnir til að mæta þeim. Haldin var samfélagsleg nýsköpunarmiðja með öllum nemendum úr 7. bekk í Fellaskóla ásamt kennurum þeirra vorið 2022. Markmiðið var að virkja nemendur til að leita lausna á því hvernig hægt væri að gera draumaskólann Fellaskóla að enn betri skóla. Nemendur byggðu góðan stað til að vera á úr legókubbum, æfðu skapandi hugsun með því að finna og búa til ný orð og að lokum hönnuðu þau veggspjöld með hugmyndum sínum um það sem þau vilja breyta til að skólinn verði að betri skóla. Þá voru haldnar vinnusmiðjur með aðferðarfræði samfélagslegrar nýsköpunar fyrir alla starfsstaði SFS sem nánar er fjallað um í kafla 1.1.



- **Áhersla er á aukið val nemenda og skapandi skil í námi.** Sótt hefur verið um styrk til að halda námskeið á sumarsmiðjum 2023 um skapandi skil. Þá hefur verið fundað með teymi kennara í

Álftamýrarskóla sem eru sérfræðingar í skapandi skilum. Verða formaðar spurningakannanir í spurningavagn í framhaldi af því og sendar til skóla.


- **Menningartenglar verða virkjaðir í öllum skólum** en búið er að leggja fyrir kannanir um ýmislegt sem tengist listkennslu og ljóst að tækifæri barna til að taka þátt í list- og menningartengdum upplifunum eru misjöfn á milli skóla en finna þarf leiðir til að kortleggja þetta með nákvæmum hætti. Með því að efla tengiliðanet menningartengla er samhliða unnið markvisst að því að auka jafnræði milli barna í borginni þegar kemur að list- og menningarþátttöku en vísbendingar eru um að svo sé ekki.- Búið er að funda með deildarstjóra listkennslu í LHÍ og verkefnastjóra List fyrir alla um mögulegt fyrirkomulag menningartengla og gerð menningarnámskrár í Reykjavíkurborg.
- **Mikill kraftur er í safnfræðslu og vefurinn Uppspretta hefur nýst skólum og menningarstofnunum** í borginni einkar vel til að veita yfirsýn yfir menningar- og fræðslutilboð fyrir börn. Haustið 2022 var haldinn árlegur Uppsprettufundur á Kjarvalsstöðum þar sem fjölmargir kennarar og starfsmenn SFS komu og kynntu sér hvað er í boði. [Uppsprettuvefurinn](#) er vefur sem gefur starfsfólki í skóla- og frístundastarfi borgarinnar upplýsingar um fjölbreytt tækifæri og möguleika á að auðga menntun barna, mæta nýjum áskorunum og uppgötva nýja drauma.



- **Metnaður og margbreytileiki hefur einkennt þátttökusýningar og viðburði** sem m.a. tengjast Barnamenningarhátíð. Verkefnið [Listrænt ákall til náttúrunnar, LÁN](#), var með sýningar á átta stöðum, Leikskólasýning var haldin í Grafarvogi, Opunarviðburður í Hörpu, opnun sýningar Kvistaborgar á Kjarvalsstöðum og margt fleira.
- **Í tengslum við innleiðingu tónlistarstefnu SFS** var samþykkt að veita fjármagni til þess að stofna hverfiskóra í samstarfi við skólahljómsveitir. Ekki tókst að koma því verkefni í gang. Könnun var lögð fyrir alla stjórnendur þar sem spurt var út í tónlist og tónmenntakennslu og kórastarf. Greinilegt að margt þarf að bæta og hefur verið tekin ákvörðun um að nýta fjármagnið til tímabundins verkefnis *Syngjandi skóli*. Markmið verkefnisins *Syngjandi skóli* er að hvetja til almenns söngs og skoða með hvaða hætti best er hægt að styðja almenna kennara til þess að syngja daglega með nemendum.
- **Innleiðing tónlistarstefnu, verkefni um menningartengla í grunnskólastarfi og gerð menningarnámskrá Reykjavíkurborgar** eru verkefni sem eru í vinnslu og verða unnin í nánu samstarfi við verkefnastjóra barnamenningar, tónlistar og listfræðslu á Nýsköpunarmiðju menntamála.

3.8. Hagnýting stafrænnar tækni

Í þessari aðgerð er lögð áhersla á ábyrga, skapandi og framsækna notkun stafrænnar tækni í gróskufullu skóla- og frístundastarfi. Stutt verður við fjölbreyttar þarfir barna og starfsfólks og þeim veitt jöfn tækifæri til að nýta margvíslegan tæknibúnað, rækta hæfileika sína og blómstra í námi og starfi. Hlúð verður að heildstæðri notkun stafrænnar tækni með öflugum tæknilegum innviðum, þjónustu, ráðgjöf og fjölbreyttri starfsþróun með áherslu á þróun lærdómssamfélaga. Mikil gróska og tækifæri hafa skapast í borginni á undanförunum árum í tengslum við stafræna vegferð og árið 2022 sáust greinileg merki um að stefnumótun og umbótaverkefni síðustu ára væru byrjuð að skila sér í notkun stafrænnar tækni í starfi SFS.



Fjölgun námstækja frá 2021

	Chromebook	iPad	Samtals
	77%	23%	
Unglingastig	2,538	292	2,830
Miðstig	1,756	633	2,389
Fjölbreyttar þarfir og buffer	563	511	1,074
		6,293	6,293
Afstemming (blandaður búnaður)		1,194	1,194
	SAMTALS:		7,487

Hagstæð innkaup hafa búið til umtalsvert svigrúm sem nýtt er til að takast á við verkefni tengd persónuvernd og kennsluhugbúnaði

- **Þróunarverkefnið Mixið um færanlegar sköpunar- og tæknismiðjur, fjölbreytta vinnu og skapandi skil** hófst með undirbúningi vorið 2023. Þátttaka sex grunnskóla í verkefninu skólaárið 2023-2024 felur í sér að þeir fá afnot af veglegri, færanlegri sköpunar- og tæknismiðju með margvíslegum búnaði ásamt vönduðu og verðlaunuðu námsefni sem kallast *Maker's Red Box*, taka þátt í lærdómssamfélagi og fá kennslufræðilega leiðsögn frá Mixtúru.
- Verkefnið [stafræn Gróska](#) felur í sér innleiðingu á framsækinni og skapandi tækni með uppbyggingu tæknilegra innviða og þjónustu, starfsþróun og ráðgjöf, eflingu stafrænnar hæfni og markvissri, ábyrgri og framsækinni notkun tækni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Viðmið Gróskunnar er að allir nemendur í 5.-10. bekk fái einstaklingstæki, komið sé til móts fjölbreyttar þarfir yngri nemenda og miðað við að til séu námstæki fyrir hvern árgang sem samsvarar fjölda nemenda í stærsta árgangi á yngsta stigi hvers skóla. Þessari aðgerð er lokið og hefur tækjum fyrir nemendur fjölgað um 7500. Mikil ánægja er með verkefnið og sýnilegar breytingar á námsumhverfi nemenda. Það að nemendur hafi eigið tæki til afnota alla daga breytir forsendum þeirra í námi, jafnar aðstöðu þeirra til náms ásamt því að auka möguleika á margskonar stuðningi og fjölbreyttari verkefnavinnu.
- **Í Mixtúru er haldið utan um kennslufræðilegan stuðning við innleiðingu stafrænnar tækni.** Stafrænir náms- og kennsluhættir, stafræn miðlun, stafræn skólaþróun og framþróun á sviði upplýsingatækni eru áhersluþættir í starfseminni. Lögð er áhersla á að efla framboð á fjölbreyttri starfsþróun til að byggja upp og styðja við stafræna hæfni og tryggja markvissa, ábyrga og framsækna notkun tækni í skóla- og frístundastarfi. Fyrirfram skipulögð fræðsla, menntabúðir, tæknismiðjur og opið hús í Mixtúru eru fastir liðir í starfseminni. Eins er fræðsla

sérnsniðin að ósk og þörfum starfsstaða fyrir stærri og minni hópa. Fræðslan fer fram á neti, staðbundin í Mixtúru og með heimsóknum til starfsstaða.

- **Liður í starfsþróun og ráðgjöf Mixtúru eru fjölbreytt lærdómssamfélög og samstarf, innan hverfa og þvert á borgina, um heildstæða notkun stafrænnar tækni.** Til viðbótar við þetta víðtæka samstarf, samstarf við nema og kennara á MVS er samstarf við kennara af vettvangi svokallaða „Odda“, sem starfa í 20% hlutfalli í Mixtúru og taka þar þátt í framþróun og nýsköpun. Á Menntabúðum í mars 2023 var sýnileg uppskera þessa samstarfs á síðustu misserum þar sem starfsfólk miðlaði af eigin reynslu og aflaði sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum en nánar er sagt frá þeim í næsta kafla.
- **Unnin hefur verið viðamikil þýðing á alþjóðlegu efni og matstæki til þróunar stafrænnar hæfni í grunnskólum.** Verið er að undirbúa forþrófanir á matstækinu.
- **Fulltrúar Mixtúru hafa setið í tengslaneti um miðlalæsi en sérstök fræðsluvika** tileinkuð upplýsinga- og miðlalæsi var haldin í fyrsta skipti á Íslandi vikuna 13.-17. febrúar 2023. Markmiðið er að gera vikuna að árlegum viðburði þar sem lögð verður áhersla á vitundarvakningu um mikilvægi upplýsinga- og miðlalæsis ásamt því að bjóða upp á nýtt fræðsluefni með mismunandi þema milli ára. Fulltrúar SFS komu að því að útbúa efni sem síðan var miðlað til starfsstaða. Efnið er aðgengilegt á [heimasíðu fjölmiðlanefndar](#).
- **Skólaárið 2022-2023 var lögð áhersla á að tryggja örugga notkun *Google Workspace for Education*.** Bæði vegna úttektar Persónuverndar og niðurstöðu Persónuverndar í Seesaw málinu hefur hægt á innleiðingu nýrra stafrænna lausna. Gróskan hefur tekið það verkefni að meta stafrænar lausnir sem koma til skoðunar á þessu ári.
- **[Búnaðarbanki SFS](#) felur í sér nýjungar sem stuðla að framþróun náms- og kennsluhátta í gegnum tækni og sköpun.** Bankinn hefur byggst upp í krafti Stafrænu gróskunnar, útlán hafa vaxið jafnt og þétt á tímabilinu og nú er svo komið að borgin skarar framúr þegar kemur að aðgengi að fjölbreyttum búnaði. Efling Búnaðarbankans er þríþætt og felur í sér:
 - Viðbætur, nýjungar og sýniseintök af fjölbreyttum náms- og kennslugögnum
 - Fjölbreytt náms- og kennslugögn fyrir sérúrræði (einhverfudeildir og íslenskuver og úrræði)
 - Efling sköpunar og tæknismiðju í Mixtúru (e. Makerspace)
 - Búnaður fyrir færanleg sköpunar- og tækniver.
- **Vorið 2022 flutti Mixtúra í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð** og er þar með unnið enn markvissar að auknu samstarfi SFS og MVS eins og fjallað er um í næsta kafla. Árið 2022 komu kennsluráðgjafar Mixtúru að 160 fræðsluviðburðum um stafræna tækni fyrir um 2.300 þátttakendur. Þá eru ótaldir stórir viðburðir eins og Vísindavakan, Uppspretta, nýnemavika, Menntakvika o.fl. Erlendum gestum fjölgaði talsvert auk þess sem þjónusta við MVS, HÍ og önnur sveitarfélög hefur aukist.



Samstarfssamningur háskóla og borgar. Góður staður fyrir samstarf, samlegð, nýsköpun, framþróun og mikilvæga ímyndarsköpun borgarinnar

3.9. Faglegt samstarf og starfsþróun

Fjölbreytt samstarf og starfsþróun er sem fyrr mikilvæg undirstaða í innleiðingu menntastefnunnar. Samstarfi við menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur verið haldið áfram í gegnum gagnvirkan samstarfssamning og m.a. leitað til Listaháskóla Íslands varðandi aðkomu að námskeiðum fyrir kennara. Viðamikil starfsþróun, þróun á skóla- og frístundastarfinu og framsækin skóla- og frístundapjónusta fer fram í gegnum fjölbreytt verkefni og með aðkomu fjölmargra deilda sem falla undir fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Þessi verkefni eru á vegum Miðju máls og læsis, Mixtúru, Nýsköpunarmiðju menntamála, Miðstöðvar útikennslu og útináms, leikskóla- grunnskóla- og frístundaskrifstofu. Fjallað verður um það helsta í starfsþróun hér á eftir en einnig í þeim köflum undir almennum aðgerðum sem tengjast viðkomandi málaflokk. Á vef Menntastefnunnar undir [starfsþróun](#) er komið á framfæri þeim tilboðum sem eru í boði hverju sinni, þar eru tenglar inn á allar stoðdeildir s.s. eins og [MÚÚ](#), [MML](#), [Mixtúru](#) og [Nýsköpunarmiðju](#) og þar er ennfremur hægt að koma á framfæri [ábendingum um starfsþróun](#).

Sú starfsþróun sem boðið er upp á og stuðlað að á skóla- og frístundasviði felur í sér fjölbreyttar leiðir, stutt námskeið og fræðslufundi, lengri námskeið, lærdómssamfélög, ráðstefnur, menntabúðir og einingabær námskeið á menntavísindasviði. Þá eru árlega veitt námsleyfi hjá SFS til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi sem hafa það að markmiði að fjölga fagmenntuðu starfsfólki. Frá árinu 2018 hafa alls 75 námsleyfi verið veitt til starfsfólks í frístundastarfi.

2018-2019	12
2019-2020	17
2021-2022	21
2023-2024	28

Sérstök áhersla hefur verið á að efla fagmenntun leikskólastarfsfólks meðal annars með veitingu námsleyfa. Í töflunni hér fyrir neðan eru upplýsingar um heildarfjölda starfsfólks í leikskólum sem hefur fengið úthlutað námsleyfum frá árinu 2015. Sami starfsmaðurinn getur fengið úthlutað námsleyfi oft en einu sinni og sömuleiðis getur verið að starfsmaður fái úthlutað námsleyfi en fresti námi, hætti í námi eða hætti í starfi sem hefur áhrif á fjölda námsleyfa hverju sinni. Um 30 milljónir eru áætlaðar í verkefnið og hefur það nægt til þess að veita alls um 110 einstaklingum námsleyfi árlega.

Fjöldi starfsfólks í leikskólum sem hefur fengið úthlutað námsleyfum				
	B.Ed.	M.Ed./MT/Annað	Leikskólakennarar í viðbótarnámi	Samtals
2015-2016	11	34		45
2016-2017	17	21		38
2017-2018	17	27	9	53
2018-2019	24	35	9	68
2019-2020	23	38	9	70
2020-2021	37	54	16	107
2021-2022	32	37	9	78
2022-2023	42	60	10	112
Samtals	203	306	62	571

Sumarsmiðjur fyrir grunnskóla í Reykjavík

Sumarsmiðjur fyrir grunnskólakennara voru haldnar í ágúst 2022 í Háteigsskóla, á Menntavísindasviði HÍ við Stakkahlíð og víðar. Haldin voru 33 námskeið og voru skráningar um 800. Nánari upplýsingar um Sumarsmiðjur 2022 er að finna [hér](#).

33 námskeið og 800 skráningar á sumarsmiðjur 2022

Öskudagsráðstefnur grunnskóla í Reykjavík

Árlega eru haldnar ráðstefnur grunnskóla í Reykjavík á Öskudegi. Á þessum ráðstefnum eru haldin framsækin erindi um menntun, sagt er frá þróunar- og nýsköpunarverkefnum sem unnin hafa verið í skólastarfi, veitt hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs og minningarverðlaun Arthurs Morthens.

- „**Framtíðin er okkar**“ haldin 2. mars 2022. Aðalfyrirlesari var Ingvi Hrannar Jónsson en hann fjallaði um hvaða lærdóm mætti draga af heimsfaraldri og hvað við ætluðum að gera næst. Samkomutakmörkunum vegna kórónuveirufaraldursins hafði verið aflétt en þrátt fyrir það var mikið um smit og fjarverum í skólum borgarinnar. 350 þátttakendur sóttu ráðstefnuna á hótél Nordica en henni var jafnframt streymt og fylgdust á milli 400 og 500 með í streymi. Dagskrá ráðstefnunnar er að finna í [fylgiskjali nr. 2](#).
- „**Hvað viltu læra – hvernig og hvers vegna?**“ haldin 22. febrúar 2023. Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var Natalie Croome, sem hefur unnið að símenntun og starfsþróun kennara og skólustjórnenda um árabil. Hún fjallaði um skólann sem vettvang samstarfs þar sem öll tilheyra og leggja af mörkum. Um 320 þátttakendur sóttu ráðstefnuna en það hafði áhrif að kennarar í nokkrum skólum höfðu ákveðið styttingu vinnuvikunnar þennan eftirmiðdag sem ráðstefnan var haldin og ekki áttað sig á að þarna væri um skörun að ræða. Dagskrá ráðstefnunnar er að finna í [fylgiskjali nr. 3](#).

Höfuð í bleyti – árleg uppskeruhátíð frístundamiðstöðva í Reykjavík

Árlega er haldin uppskeruhátíð frístundamiðstöðva í Reykjavík þar sem eru kynningar á áhugaverðum þróunar- og nýsköpunarverkefnum í starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva auk þess sem flutt eru framsækin erindi um ýmis málefni og veitt hvatningaverðlaun skóla- og frístundaráðs. Með viðburðinum er skapaður vettvangur til að fræðast, tala saman, fá stuðning og vinna saman að þróun starfsins.

- „Hvernig hefjum við gleðina hátt á loft?“ var haldin 12. maí 2022 í Hinu Húsinu. Aðalerindi viðburðarins flutti Birna Dröfn Birgisdóttir, sköpunargleðifræðingur og bar erindið heitið „Látum draumana rætast með sköpunargleðinni“. 136 voru skráðir til þátttöku.
- „Fjölmening og inngilding í frístundastarfi“ var áhersla uppskeruhátíðarinnar sem haldin var 9. maí 2023 í Gerðubergi. Sema Erla Serdar aðjúnkt á Menntavísindasviði HÍ flutti aðalerindi dagsins um fjölmeningu og inngildingu. 148 voru skráðir til þátttöku.

Leikskólaráðstefna

Leikskólaráðstefna er yfirleitt haldin af skóla- og frístundasviði í kringum stóra leikskóladaginn 6. febrúar ár hvert. Vegna samkomutakmarkana og heimsfaraldurs var leikskólaráðstefnunni 2022 frestað til haustsins og ekki skipulögð önnur ráðstefna á árinu 2023.

- „Lof mér að leika, virkni yngstu barnanna í leikskólanum“ var haldin á Hilton Reykjavík, Nordica 22. september 2022. Þar voru fluttir fjórir fyrirlestrar sem allir miðuðu að starfinu með leikskólabörnunum. Þátttakendur voru í kringum 450 en ráðstefnan var tekin upp og myndböndin send til leikskóla og eru áhorf á þau 142.

Menntabúðir

Menntabúðir eru eitt form starfsþróunar en 20. mars 2023 voru haldnar Menntabúðir um stafræna tækni og sköpun. Menntabúðir er viðburður þar sem fólk kemur saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum. Samtal er í aðalhlutverki í menntabúðum. Öll geta boðið upp á kynningu en það er ekki skilyrði til þátttöku. Kynning efnis getur verið mismunandi (í stofu, “bás/borð” í miðrými, veggspjöld o.fl.) og ekki er nauðsynlegt að vera allan tímann. Menntabúðirnar voru haldnar í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð og undirbúnar í samstarfi skóla- og frístundasviðs, faghóps um skapandi leikskólastarf og menntavísindasvið HÍ. Fjölmargir sóttu Menntabúðirnar og Kastljós leit við í Menntabúðum til að sjá nýjustu tækni og vísindi í skólastarfi. Hægt er að skoða innslagið á [þessum hlekk](#).



Lærdómssamfélög og tengiliðahópar

Jafnt og þétt hefur verið unnið að því að efla og fjölga „[lærdómssamfélögum](#)“ en með þátttöku í lærdómssamfélagi fær starfsfólk í skóla- og frístundastarfi tækifæri til að tengjast, miðla þekkingu og reynslu ásamt því að byggja upp traust og samvinnu. Verkefnastjórar á skrifstofum og deildum SFS leiða hópana og sjá um utanumhald og skipulag en þátttakendur koma úr öllum borgarhlutum. Hátt í 400 þátttakendur frá leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi hafa verið þátttakendur í einhverskonar lærdómssamfélagshópum eða tengiliðahópum. Einhverjir hópar störfuðu 2021-2022 og aðrir komu inn 2022-2023. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir helstu hópana:

400 þátttakendur í lærdómssamfélagi eða tengiliðahópi

- Lærdómssamfélag leikskólastjóra
- Samráðsfundir deildarstjóra barna- og unglingsstarfs í frístundamiðstöðvum
- Samráðsfundir starfsfólks ungmennaráða, samráðsfundur forstöðumannaráðs félagsmiðstöðva
- Samráðsfundir ráðgjafarþroskajálfa í frístundastarfi
- Forstöðumannaráð frístundaheimila og félagsmiðstöðva
- Lærdómssamfélag sérkennslustjóra leikskóla
- Lærdómssamfélag deildarstjóra stoðþjónustu grunnskóla
- Grósku-tengiliðir grunnskóla
- Lærdómssamfélag þátttakenda í Mixinu
- Fjármálastjórar frístundamiðstöðva
- Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva
- Lærdómssamfélag um félagsfærni og sjálfseflingu (var haldið 2021-2022)
- Lærdómssamfélag um upplýsingatækni í leikskólastarfi
- Þekkingarskólar í leiðsagnarnámi
- Lærdómssamfélag um sjálfseflingu og félagsfærni
- Lærdómssamfélag um áhættuhegðun og vettvangsstarf
- Lærdómssamfélag um alhliða kynfræðslu (var haldið 2022-2023)
- Jafningjastuðningur fyrir móttöku nýrra nemenda í grunnskóla

Þróunar- og nýsköpunarsjóðurinn „Látum draumana rætast“.

Gert er ráð fyrir að áfram verði úthlutað styrkjum til þróunar- og nýsköpunarstarfs á grundvelli menntastefnunnar en skólaárið 2022-2023 gafst leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og skólahljómsveitum í Reykjavík tækifæri til að sækja um allt að 200 m.kr. Í hagræðingarskygni var haustið 2022 ákveðið að skera sjóðinn tímabundið niður um 100 m.kr. Í ljósi þess var ekki kallað eftir umsóknum vorið 2023 fyrir skólaárið 2023-2024. Þessi aðgerð hafði ekki áhrif á B-hluta verkefni skólaársins 2022-2023 en A-hluta verkefni sem hófust í upphafi skólaársins fengu lægri seinni greiðslu fyrir fjárhagsárið 2023. Líklegt er að endurskoða þurfi reglur um úthlutun fyrir árið 2024 ef styrkveitingar verða ekki hækkaðar að nýju. Forsenda styrkveitingar bæði í A og B hluta er að verkefni byggja á leiðarljósum, grundvallarþáttum og/eða framtíðarsýn menntastefnunnar „Látum draumana rætast“. Á árinu 2022 fengu 179 verkefni styrk í A-hluta og í B-hluta fengu 10 verkefni styrk.



A-hluti

Frá árinu 2019 hefur 150 milljónum verið úthlutað árlega til grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita úr A-hluta, byggt á einföldu og skýru umsóknarferli. Styrkupphæðir ráðast af reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfangs að frádregnum húsnæðiskostnaði. Á myndinni fyrir ofan má sjá hlutfall þeirra þátta menntastefnunnar sem settir voru í fyrsta sæti. Aðrar upplýsingar um það hvernig styrkirnir skiptast í A- hluta á starfsstöðum er að finna í [fylgiskjali 4.](#)

**179 verkefni
í A-Hluta**


B-hluti

50 milljónum er úthlutað til stærri samstarfsverkefna úr B-hluta að lágmarki 4 m.kr. og að hámarki 8 m.kr. Í stærri samstarfsverkefnum er gerð krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga, s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan sem utan hverfis. Auk þess er gerð krafa um að verkefni byggja á rannsóknum eða unnið sé í samvinnu við fræðasamfélagið. Ellefu verkefni fengu styrk skólaárið 2022-2023 en þar af eru átta unnin í samvinnu við fræðasamfélagið. Sjá yfirlit yfir styrkt verkefni á árinu í [fylgiskjali 5.](#)

**21 umsóknir og
11 styrkt verkefni
í B-hluta**

Sýnileiki verkefna Lögð hefur verið áhersla á að gögn um styrkina séu aðgengileg og sýnileg á [vef menntastefnunnar](#). Þar er að finna reglur um A-hluta og reglur um B-hluta, leiðbeiningar um A-hluta og


B-hluta, umsóknarform um A-hluta og B-hluta, skjalalón fyrir greinargerðir og skýrslur og upplýsingar um verkefni sem fengið hafa styrki. Undir [styrkt verkefni A-hluta](#) er hægt að finna hvaða starfsstaðir vinna að sambærilegum verkefnum með því að velja starfsstaði og grundvallarþættina.



Undir [styrkt verkefni B-hluta](#)

er hægt að finna upplýsingar um öll verkefni sem hlotið hafa styrk, auk þess sem þar er hægt að nálgast ítarefni og kynningar um styrkt verkefni, eftir því sem verkefninu vindur fram.

Könnun til starfsstaða Haustið 2022 var send út könnun til starfsstaða þar sem spurt var að því hvort stjórnendur teldu að verkefni sem hafa fengið styrk úr þróunar- og nýsköpunarsjóði hefðu leitt til jákvæðrar þróunar á starfsstaðnum. Góð svörun fékkst frá starfsstöðum en 66 af 67 leikskólum, 37 af 38 grunnskólum og 62 starfsstaðir af 63 í frístunda- og félagsmiðstöðvum svöruðu könnuninni. Heilt yfir virðist meirihluti stjórnenda líta svo á að verkefni sem hafi fengið styrk úr þróunar og nýsköpunarsjóði hafi að frekar miklu eða mjög miklu leyti leitt til jákvæðrar þróunar innan skólans.



Samstarf við Menntavísindasvið

Frá undirritun fyrsta [samstarfssamnings SFS við Menntavísindasvið Háskóla Íslands 2019](#) hefur verið unnið markvisst að auknu gagnvirku samstarfi SFS og MVS á grundvelli menntastefnunnar. Nýr samningur var undirritaður 11. mars 2022 og gildir hann til ársins 2025. Áhersla er lögð á að efla starfandi kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi með starfsþróun og ráðgjöf og fjölga fagmenntuðu starfsfólki. Samningurinn er gagnvirkur og lögð er áhersla á að gera starf Reykjavíkurborgar sýnilegra í starfi MVS, kennslu og viðburðum ásamt því að bjóða upp á aukna fræðslu og ráðgjöf frá kennurum og sérfræðingum á menntavísindasviði. Til viðbótar við það mun verða sett á laggirnar Vísindaráð, leitað leiða til að bjóða upp á starfsnám fyrir nemendur MVS á öllum

námsbrautum með það að markmiði að nemendur geti sinnt vettvangsnámi á starfsstöðvum SFS og skipulagt samstarf um stofnun og rekstur Nýsköpunarstofu Menntunar. Hér er hægt að nálgast [„Samning um samstarf Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsþróun, rannsóknir og nýsköpun“](#). Unnið er að öllum verkefnum með reglulegu samstarfi sem leitt er af [NýMennt](#) fyrir hönd MVS og Nýsköpunarmiðju fyrir hönd SFS. Eftir að Mixtúra flutti á MVS hefur samráðið verið víkkað út og sitja fulltrúar þaðan í samstarfshópnum. Þau verkefni sem enn hafa ekki komist af stað eru Vísindaráð og starfsnám fyrir nemendur MVS en unnið verður að þeim verkefnum á næsta skólaári. Gerð verður grein fyrir helstu verkefnum sem eru í gangi hér fyrir aftan.

Hlutverk [Nýsköpunarstofu menntunar](#) er að styðja við nýsköpun á sviði menntunar, þróun hugmynda og aðferða sem tengjast formlegu og óformlegu námsumhverfi, hæfnipróun, nýjum leiðum í námi og kennslu, stafrænu námsumhverfi og menntun til framtíðar. Hæfni og nýsköpun í menntakerfinu öllu er lykill að því að renna styrkari stoðum undir atvinnulíf og iðnað og efla þannig verðmætasköpun og samfélagslega farsæld í landinu. Þá verður áhersla á að styðja við verkefni sem tengjast Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun 2030, einkum gæðamenntun, jafnrétti og samvinnu um heimsmarkmiðin. Starfsemi stofunnar beinist einkum að eftirfarandi þáttum:

1. Leiða saman frumkvöðla úr menntakerfinu, fræðasamfélaginu og fyrirtækjum landsins.
2. Standa fyrir fræðslu, ráðgjöf og hröðlum á sviði nýsköpunar, menntunar, fræðslu og náms.
3. Skapa vettvang til að móta og þróa nýjar aðferðir á sviði náms og menntunar.
4. Þjóða upp á samstarfsmöguleika stofnana og frumkvöðla til að prófa og meta árangur af nýjum aðferðum á sviði menntunar.
5. Veita hagsmunaaðilum og sérfræðingum öflugt tengslanet og starfssamfélag sem hverfist um nýsköpun á sviði menntunar.
6. Hýsa og þróa framtíðartorg, stafrænan umræðuvettvang um framtíð menntunar og hæfnipróun.
7. Gerð námsefnis fyrir nemendur og kennara á sviði nýsköpunar- og frumkvöðlamenteitar.



[Stjórn stofunnar](#) var sett saman sumarið 2022 og var fyrsti viðburður á vegum stofunnar í september 2022. Lögð er áhersla á að tengja saman fulltrúa háskóla, vettvangs og atvinnulífs. Þá tók stofan þátt í [nýsköpunarvikunni í maí 2023](#)

Menntafléttan

Ein af stærstu nýjungunum á sviði starfsþróunar fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi er Menntafléttan, námskeið sem styðjast við hugmyndafræði leiðtoganáms og byggja að hluta á námskeiðum sótt í smiðju *Skolverket* í Svíþjóð. [Námskeið Menntafléttunnar](#) eru unnin í samstarfi Menntavísindasviðs HÍ, Háskólans á Akureyri og þátttakendur í Kennarasambands Íslands. Í gegnum samstarfssamning SFS og MVS hefur verið komið á framfæri óskum um mikilvægar áherslur í þróun menntafléttunámskeiða auk þess sem starfsfólk af miðlægri skrifstofu 2022-2023 borgarinnar hefur komið að kennslu á námskeiðunum í tengslum við sína sérhæfingu. Veturinn 2022-2023 voru um 270 Reykvískir þátttakendur úr skóla- og frístundastarfi borgarinnar í Menntafléttu. [Nýr vefur menntafléttu](#)

[hefur verið opnaður](#) þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um ný námskeið en einnig Opnu menntafléttuna sem felur í sér námskeiðstilboð sem hægt er að nálgast rafrænt á hvaða tíma sem er. Haldnir voru kynningarfundir fyrir starfsfólk SFS 2022 og 2023 um námskeiðin.

Leiðtogi framtíðarinnar er teymið

Leiðtogi framtíðarinnar er teymið er heitið á fimm lotu námskeiði fyrir stjórnendur í skóla- og frístundastarfi sem þróað var í samvinnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar/NýMið. Við þróun námskeiðsins var horft til óska og þarfa stjórnenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar og byggt á [tillögum starfshóps um faglega stöðu stjórnenda hjá SFS](#) þar sem lögð var áhersla á að efla starfsþróun fyrir stjórnendur með áherslu á þá sem faglega leiðtoga og farsæla stjórnendur. Einnig var byggt á niðurstöðum úr „Vegvísi fyrir stjórnendur“ rannsókn sem Sóley Kristjánsdóttir mannauðsráðgjafi gerði þar sem hún skoðaði hvað einkenni faglegt umhverfi leik- og grunnskóla sem skoruðu hátt í viðhorfskönnun borgarinnar. Þátttakendur á námskeiðinu voru stjórnendur úr skóla- og frístundastarfi borgarinnar, leikskólum, grunnskólum, frístundastarfi, Miðstöðvum og miðlægrri skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Leiðtogi framtíðarinnar er teymið

Á námskeiðinu verður fjallað um hlutverk stjórnenda sem faglegri leiðtoga í innviðingum „Látum draumana rættast“ og „Betri borg fyrir börn“ sem innviðar verður í öllum borgarhlutum næstu áramót. Markmið námskeiðsins er að efla og skapa vefang til samstarfs í borgarhlutum og þróa vefingur sem efla stjórnendur í að taka á við nýjar áskoranir. Námskeiðið er samstarf Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og var þróað með höndum af vefingum fyrir stjórnendur sem mótastur var á grunni þátta sem stjórnendur SFS teja einkenna farsælan stjórnendur. Námskeiðið byggir einnig á niðurstöðum skýrðu starfshóps um faglega stöðu stjórnenda í skóla- og frístundastarfi. Kjarnarúð námskeiðsins eru fjórar en fimmna þáttur byggir á vali milli díttra efnabarna.

MARKHÓPUR
Stjórnendur í skóla- og frístundastarfi borgarinnar

KEMISLUJÆTLUN (þítt með fyrirséru um breytingum)
Námskeiðið er haldin skólaárið 2021-2022 í 5 lotum, hver borgarhluti er **annað hvert fyrir eða seinna dag** hvern lotu. Á fyrsta námskeiði verður starfsfólk úr Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum (Bættir í Hagaskóli og Laugardal, Háskóli og Búskólium (Bættir í Háskólabólakúlu)

1. lota 28. október/1. nóvember
2. lota 29. nóvember/2. desember
3. lota 21. janúar/2. febrúar
4. og 5. lota innviðingur díttra árin

HASKÓLI ÍSLANDS

Um 160 þátttakendur sóttu námskeiðið skólaárið 2021-2022 þegar stærsti markhópurinn voru starfsstaðir sem tilheyra Vestur- og Norðurmiðstöð og um 180 þátttakendur sem tilheyra Austur- og Suðurmiðstöð voru skráðir á námskeiðið 2022-2023.

Kennarar frá Menntavísindasviði héldu utan um loturnar og skipulag þeirra en í samvinnu við SFS er unnið að því að stjórnandi frá Reykjavíkurborg komi inn í hverja lotu og tengi innihald hennar við sitt starf. Í umræðum er hópnum skipt upp í hverfi innan borgarhlutanna þar sem samstarf er fyrir hendi eða þyrfti að verða til. Þegar námskeiðið hófst var markmiðið að halda það sem staðbundið námskeið innan hvers borgarhluta en eftir að samkomutakmarkanir voru hertar var námskeiðið flutt yfir í fjarkennslu. Á námskeiðinu 2022-2023 var ákveðið að önnur hvor lota yrði fjarlotu á móti staðlotu. Í fimmtu lotu námskeiðsins var boðið upp á dýpkun á viðfangsefni einhverra hinna fjögurra lotanna. Í heildina skráðu mjög fáir sig á dýpkunarlotur sem leiddi til þess að fyrra árið voru einungis haldnar tvær dýpkunarlotur og seinna árið ein dýpkunarlotu.

Gerð var könnun bæði árin á upplifun og reynslu þátttakenda í námskeiðinu og um 180 einstaklingar af 340 þátttakendum sendu inn svör. Af niðurstöðum má ráða að upplifun þátttakenda er mjög ólík og spilar þar inn í reynsla, fyrri þekking, starfsvettvangur og staða samstarfs í hverfum. Niðurstöðurnar í heild sýna hversu flókið það er að skipuleggja starfsþróun fyrir fjölbreyttan hóp stjórnenda úr skóla- og frístundastarfinu og er lærdómurinn meðal annars sá að skoða þurfi vel hvenær hentar að blanda saman stjórnendum ólíkra stofnana leik, grunn og frí og hvenær árangursríkara sé að bjóða upp á sértæka starfsþróun og fræðslu fyrir hvern hóp. Þá er ljóst að ákveðin þreyta er komin í fjarfundafyrirkomulagið og mörg bentu á mikilvægi þess að geta hist staðbundið þó að á því væru líka skiptar skoðanir. Tæpur helmingur þátttakenda var á því að námskeiðið í heild hefði skapað vettvang til samstarfs í borgarhlutanum, um 38% töldu það hafa styrkt sig sem leiðtoga í innleiðingum menntastefnu og verkefnisins Betri borg fyrir börn og tæpur helmingur var sammála því að námskeiðið í heild hafi fært þeim verkfæri sem gagnast í nýjum áskorunum. Skoða má helstu niðurstöður könnunarinnar í [fylgiskjali nr. 6](#).

Örnámskeið MÚÚ í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ

Á tímabilinu hélt Miðstöð útivistar og útináms námskeið í samstarfi við MVS en þau eru hluti af samstarfi þeirra. Námskeiðin eru stutt þriggja tíma námskeið sem öll hafa tengingu í útivist eða útinám. Þetta er í fjórða skiptið sem námskeiðin eru haldin fyrir HÍ, en tekið var á móti um 140 nemendum á 11 námskeiðum. Námskeiðin gengu mjög vel og gert er ráð fyrir áframhaldandi samstarfi.

Samstarf við félög og stofnanir

Vorið 2023 var farið í öflugt samstarf við Heimili og skóla vegna fræðsluáttaks um hlutverk foreldra í skólagöngu barna sinna. Haldnir voru 5 fundir í borgarhlutunum þar sem foreldrar barna í leik- og grunnskólum tóku þátt í fræðslu og umræðu um foreldrastarf og farsældarsáttmála. Samstarf við RÚV heldur áfram en þar er um mjög mikilvægt samstarf að ræða og má í því sambandi nefna myndböndi Viku6, útsendingu á Skrekk og Móðurmál, sex þættir um fjöltyngda nemendur sem fengu nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs. Endurnýjaður var samningur við Móðurmál, samtök um tvítyngi til þriggja ára. Hann felur í sér að samtökin fá endurgjaldslaus afnot af húsnæði til móðurmálskennslu á laugardögum og styrk til að skrá bókakost bókasafns samtakanna í Gegni. Samningurinn er gagnvirkur og lögð er áhersla á að kynna vel starfsemi samtakanna fyrir fjöltyngdum börnum sem hefja skólagöngu í borginni.

Alþjóðasamstarf og styrkir

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur markað sér þá stefnu að vera leiðandi í þátttöku í alþjóðasamstarfi á sviði skóla- og frístundamála með því að styðja við virka þátttöku grunnskóla, leikskóla og frístundamiðstöðva í evrópskum samstarfsverkefnum. Verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja hjá Nýsköpunarmiðju menntamála á SFS hefur það hlutverk að styðja starfsstaði sviðsins við að taka þátt í alþjóðlegum verkefnum og sækja um styrki til slíkrar þátttöku. Skólaárið 2022-2023 var fyrsta skólaárið sem að alþjóðasamstarf var komið á fullt eftir Covid sem hafði lamandi áhrif á alþjóðasamstarf árin þar á undan. Staðan síðasta ár hefur verið sú að mikill fjöldi Erasmus+ verkefna frá árinu 2020 hefur verið í framkvæmd þar sem þau verkefni þurfa öll að vera búin í lok árs 2023. Þetta á bæði við verkefni sem stýrt er af verkefnastjóra alþjóðasamstarfs og styrkja auk verkefna sem stýrt er af starfsstöðum sviðsins. Alls hafa fengist um 264.577 mkr. í erlenda styrki frá árinu 2019.

Meira en 200 starfsmenn í skólum, leikskólum og frístundastarfi hafa verið á faraldsfæti til Evrópu með styrk frá Erasmus+ á skólaárinu. Þar hafa þau aflað sér þekkingar með námsheimsóknum, starfsspeglun og með því að sækja fagtengd námskeið. Auk fyrrgreindra Erasmus+ verkefna sem styrkt voru árið 2020 hefur framkvæmd við ferðir innan Erasmus+ aðildar skóla- og frístundasviðs verið í fullum gangi þetta skólaár með bæði ferðum starfsfólks leik- og grunnskóla auk starfsfólks félagsmiðstöðva og unglinga. Aðild að Erasmus+ tryggir skóla- og frístundasviði Reykjavíkur aðgang að Erasmus+ fjármagni fyrir fjölbreyttum ferðum starfsfólks og unglinga með minni umsýslu og fyrirhöfn en stakir verkefnastyrkir hafa skapað.


Skólaár	Aðild leik- og grunnskóla	Aðild í æskulýðshluta E+
2021-2022	€ 173.950	
2022-2023	€ 150.000	€ 50.000
2023-2024	€ 133.414	€ 87.520

Auk aðildar miðlægrar skrifstofu sem nýtist öllum starfsstöðum sviðsins hafa þrjár skólar innan borgarinnar, Vogaskóli, Víkurskóli og Ingunnarskóli sótt um eigin aðild að Erasmus+ sem tryggir þeim fjármagn til þátttöku í Erasmus+ ferðum fyrir nemendur og starfsfólk á komandi árum.


Undanfarið ár hefur einnig einkennst af mikilli virkni í framkvæmd verkefna sem sviðið tekur þátt í og styrkt er af Uppbyggingarsjóði EES. Þeirra á meðal eru verkefnið „Education is a relationship“ sem Vesturbæjarskóli og Dalskóli tóku þátt í með Lublin í Póllandi, verkefnið ATTEND sem stýrt er af CARNET í Króatíu og Klettaskóli tók þátt í og tvö verkefni sem unnin hafa verið með sveitarfélaginu Burgas í Búlgaríu, annað sem snýr að inngildingu í leikskólum í Búlgaríu og hitt sem snýr að samvinnu félagsmiðstöðva í Reykjavík og Burgas þar sem verið er að byggja stóra félagsmiðstöð fyrir styrkinn og byggja upp hugmyndafræði félagsmiðstöðvastarfs í samvinnu við félagsmiðstöðina Gleðibankann. Nánari upplýsingar um alþjóðasamstarf og styrki er að finna á [vef menntastefnunnar](#).

3.10. Húsnæði og búnaður


Í þessum hluta verður fjallað sérstaklega um þau verkefni á grunni almennra aðgerða sem tengjast viðhaldi og endurnýjun húsnæðis á skóla- og frístundasviði. Einnig því markmiði Reykjavíkurborgar að tryggja notendum öruggt og heilsusamlegt húsnæði sem fullnægir nútíma þörfum auk þess að viðhalda verðmæti fasteigna borgarinnar. Viðhaldsátakið er þáttur í þessari viðleitni. Þá er lögð áhersla á samnýtingu á húsnæði [og innleiðingu stefnu SFS um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf](#). Um búnaðarþáttinn verður fjallað undir aðgerðinni „Hagnýting stafrænnar tækni“.




Framkvæmdir umfang, markmið og stefna



Öryggi notanda eigna




Heilnæmt umhverfi góð innivist/hljóðvist




Aðgengi fyrir alla



Fyrirbyggjandi aðgerðir og hagkvæm nýting fjármuna



Umhverfisvænt efnisval og endurnýting



Bætt orkunýting

- Forgangsroðun um viðhaldsþörf er m.a. metin út frá ástandsskoðunum
- Samtal við notendur eigna
- Ef upp hefur komið sérstakt ástand í byggingu sem þarfnast skjótra lausna
- Áætlaðar breytingar á húsnæði
- Forgangsroðun viðbygginga fyrir skóla - og frístundastarf
- Möguleikar til að leysa húsnæðisþörf meðan á framkvæmdum stendur

- **Í kjölfar ástandsskoðunar á leik- og grunnskólum og frístundamiðstöðvum/ félagsmiðstöðvum/ frístundaheimilum** árin 2020-2021 kom í ljós uppsöfnuð viðhaldsþörf sem þarf að bregðast við. Borgarráð samþykkti á fundi sínum 4. nóvember 2021 að ráðast í sérstakt viðhaldsátak sem byggir m.a. á þessum ástandsskoðunum. Vinnuhópur frá skrifstofu framkvæmda og viðhalds (SFV), skóla- og frístundasviði (SFS) og eignaskrifstofu (ESR) hefur unnið greiningar út frá þessum ástandsskoðunum auk annarra ítarskoðana.

- Vinnuhópurinn hefur undir stjórn verkefnastofu USK forgangsraðað framkvæmdum og skoðað í samhengi við aðrar áætlaðar framkvæmdir s.s. endurgerð húsnæðis og/eða stækkun. Við forgangsröðun framkvæmda er haft samráð við stjórnendur og fulltrúa notenda og reynt að finna leiðir til að lágmarka rask meðan á framkvæmdum stendur. Forgangsröðun framkvæmda var samþykkt í borgarráði 2. mars 2023. Grænar lausnir eru hafðar að leiðarljósi við undirbúning og framkvæmdir og byggingarefni sem notuð eru eiga að vera umhverfisvottuð. Einnig er horft til orkunýtni og sparnaðaráhrifa aðgerða á rekstur húsnæðis til lengri tíma.
- Ef endurgerð eða viðbyggingarframkvæmdir eru áætlaðar eða í gangi eru átaksverkefni unnin samhliða þeim framkvæmdum. Þannig er nýting fjármuna háværkuð og rask í skólastarfi mögulega minna vegna samlegðaráhrifa.
- Viðhaldsátakið styður við sparnað í rekstri borgarinnar með framkvæmdum sem bæta m.a. orkunýtingu bygginga og með fyrirbyggjandi aðgerðum í viðhaldi til að koma í veg fyrir eða minnka líkur á kostnaðarsömu meiriháttar viðhaldi í framtíðinni.
- Með því að horfa til umhverfisins við framkvæmdir, velja umhverfsvæn byggingarefni og fara í orkusparandi aðgerðir styður viðhaldsátakið grænar lausnir og lágmarkar áhrif framkvæmda á umhverfið til lengri tíma litið. Yfirlit yfir framkvæmdir á árinu 2023 er að finna í [fylgiskjali 7](#).
- Lögð er áhersla á aukna samnýtingu á húsnæði, bæði í anda stefnu SFS um byggingar í skóla- og frístundastarfi og þess að þétting og betri nýting er að verða á mörgum stöðum og meiri skilningur á þörfinni fyrir að samnýta fermetra.
 - Skrifstofustjórar SFS eru í mikilli vegferð um að tala fyrir aukinni samnýtingu húsnæðis SFS.
 - Reglur um 1. og 2. notanda eru í lokayfirlestri.



4. Mælikvarðar og hugmyndafræðin á bakvið þróun þeirra


Mikilvægt er að hafa góða mælikvarða til að skerpa sýn á hver raunveruleg markmið menntastefnunnar eru. Áhrif af breytingum og gjörðum starfseminnar tengdum menntastefnunni verða þó ekki að öll leyti sýnileg fyrir en fram í sækir, jafnvel ekki fyrir en börnin hafa lokið sinni skólagöngu. Því er mikilvægt að horfa bæði á mælikvarða á því sem lagt er af mörkum og líklegt er að skili ávinningi sem og sjálfan ávinninginn sem við sjáum í aukinni hæfni og líðan barnanna.

Leiðarljós menntastefnunnar gefur góða innsýn í það sem þarf að leggja áherslu á til þess að uppskera framfarir í grundvallarþáttunum fimm og framtíðarsýninni um að láta drauma barna rætast.

Mælikvörðunum er skipt upp í tvo meginflokka með undirflokkum.

1. Það sem við leggjum af mörkum
 - Mannauður
 - Auðlindir
 - Vinnulag

2. Væntur ávinningur: Hæfni og líðan
 - Mannkostir og vellíðan
 - Námsárangur
 - Félagslegur árangur



Hver starfsstaður getur ákveðið að styðjast við mælikvarða sem lagðir eru fram fyrir alla borgina, eða þeir geta ákveðið að velja nokkra til að hafa í fyrirrúmi yfir ákveðið tímabil. Mælikvarðana er hægt að nálgast á vef [menntastefnunnar](#)

Á síðu menntastefnunnar undir flokknum gæðastarf geta starfsstaðir enn fremur nálgast upplýsingar um gagnleg verkfæri til að meta gæði í starfi leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Á síðunni er einnig hægt að nálgast allar upplýsingar um skóla- og frístundastarfið í tölum sem getur nýst stjórnendum og öðrum til að fylgjast með þróun starfsins.

[Gátlistar um menntstefnuna](#) gegna síðan því hlutverki að vera sjálfsmatstæki fyrir starfsstaði meðal annars varðandi það hvort unnið sé þannig með börnum og unglingum að það styðji við grundvallarþætti menntastefnunnar. Ítarlega er fjallað um [gátlistana á heimasíðu menntastefnunnar](#). Í undirbúningi er að endurmeta hversu vel gátlistarnir hafa nýst starfsstöðum við innleiðingu menntastefnunnar og hvað megi betur fara.

Hugleiðingar um mælikvarða

Ákveðið var frá upphafi að mikilvægt væri að vinna við mælikvarða menntastefnunnar væri ekki meitluð í stein heldur myndi þróist samhliða innleiðingu menntastefnunnar. Reynslan hefur svo leitt í ljós að margir mælikvarðanna sem valdir voru í upphafi hafa breyst, sem dæmi má nefna að skipt var út viðhorfskönnun starfsmanna borgarinnar fyrir könnunina Stofnun ársins. Mennta- og barnamálaráðuneytið gerði samning við Íslenskar æskulýðsrannsóknir í stað Rannsóknar og greiningar og munu nota það sem mælikvarða í mælaborði um farsæld barna. Samræmd próf menntamálastofnunnar voru lögð af og Pisa var frestað vegna Covid faraldurs og af sömu ástæðu var ekki hægt að leggja of mikið á starfsstaði við að svara spurningum um starfshætti sem endurspeglar menntastefnuna. Því er ljóst að leggja þarf í talsvert endurmat á þeim mælikvörðum sem lagt var upp með. Engu að síður má sjá þróun á völdum mælikvörðum sem liggja fyrir á síðu menntastefnunnar.

Flestir mælikvarðanna sem enn eru til staðar hafa farið niður á við, það á jafnt við í Reykjavík sem og á landinu öllu. Samfélagsbreytingar og Covid faraldurinn hafa haft einhver áhrif, en hversu mikil er óvíst. Af gefinni reynslu undanfarinna ára og í samtali við stjórnendur er ljóst að endurmeta þarf hvort fækka megi mælikvörðum, hvaða mælikvarða ber að horfa til í ljósi breytinganna og hvort sviðið beini sjónum að einhverjum ákveðnum mælikvörðum sem vilji er til að allir starfsstaðir vinni jöfnum höndum að. Horfa þarf til þess hvort mælikvarðarnir eru í raun að virka sem leiðarljós og styðja þarf frekar við starfsstaði við að nýta gögn við þróun umbótaáætlna. Jafnframt þarf að styðja fagstjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva í því að beina sjónum stjórnenda að þeim þáttum sem mikilvægastir eru. Í því samhengi mun teymi árangurs og gæðamats, sem hefur séð um að taka mælikvarðana saman, leggja til að það verði gert sem hluti af áherslum aðgerðaráætlunar vegna innleiðingar menntastefnu til næstu þriggja ára.

Fyrir utan mælikvarða menntastefnu, sem varpa ljósi á leiðarljós og megin markmið menntastefnunnar, þá hafa ýmsir mælikvarðar verið teknir saman, tengdir aðgerðunum í aðgerðaráætlun hvers tímabils. Gerð er grein fyrir þeim mælingum þar sem fjallað er um þær aðgerðir, m.a. í þessari skýrslu.

Yfirlit yfir fylgiskjöl:

Yfirlit yfir fylgiskjöl:	46
Fylgiskjal 1 - Öll í sama liði	47
Fylgiskjal 2 - Dagskrá Öskudagsráðstefnu 2022 - Framtíðin er okkar	50
Fylgiskjal 3 - Dagskrá Öskudagsráðstefnu 2023 – Hvað viltu læra	51
Fylgiskjal 4 – Upplýsingar um verkefni í A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs	52
Fylgiskjal 5 - Yfirlit yfir B- hluta styrki skólaárið 2022-2023	54
Fylgiskjal 6 - Niðurstöður könnunar um Leiðtogi framtíðarinnar er Teymið	56
Fylgiskjal 7 - Yfirlit yfir framkvæmdir	81

Fylgiskjal 1 - Öll í sama liði



27. september 2022

Öll í sama liði

Samstarf skóla- og frístundasviðs (SFS), íþrótt- og tómstundasviðs (ÍTR) og íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR)

Nú hafa hverfafundir undir nafninu *Öll í sama liði* farið fram í öllum hverfum borgarinnar. Fundaröðin var samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs, íþrótt- og tómstundasviðs og Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Umræða um óæskilega hegðun, kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi í íslensku samfélagi hefur verið hávær síðastliðið ár. Í framhaldi af samtali sviðsstjóra SFS, verkefnastýru Jafnréttisskólans og verkefnastjóra á frístundahluta fagskrifstofu var ákveðið að óska eftir samstarfi við ÍBR og ÍTR og útfæra nánar hugmynd um hverfafundi í Reykjavík undir nafninu *Öll í sama liði*. Vel var tekið í hugmyndina og ákvörðun tekin um að halda sex fundi í hverfum borgarinnar síðast liðinn vetur.

Markmið fundanna var að kalla saman fulltrúa frá ólíkum hagsmunaaðilum í hverfinu og ræða hvernig bregðast má við óæskilegri hegðun, ómenningu og áreitni meðal barna og unglinga í sameiningu. Hver fundur var um tvær klukkustundir, þátttakendur hlýddu á stutt fyrir fram upptekin fræðsluerindi í upphafi og svo fóru fram umræður í hópum.

Á fundina mættu fulltrúar frá foreldrafélögum, leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, ungmennaráðum, þjónustumiðstöðvum, sundlaugum, íþróttafélögum og fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Fundirnir fóru fram í öllum hverfum borgarinnar á tímabilinu 27. janúar til 9. maí 2022. Vegna samkomutakmarkana urðu fyrstu þrjú fundirnir að vera fjarfundir en síðustu þrjú var hægt að halda sem staðfundir. Þrátt fyrir ólíkt fundarform náðist virkilega gott og mikilvægt samtal í öllum hópum.

Tafla 1. Yfirlit yfir hverfafundina

Hverfi	Dagsetning	Fjarfundur/staðfundur
Laugardalshverfið	27. janúar 2022	Fjarfundur
Grafarvogur og Kjalarnes	3. febrúar 2022	Fjarfundur
Árbær, Grafarholt, Norðlingaholt og Úlfarsárdalur	10. febrúar 2022	Fjarfundur
Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	24. febrúar 2022	Staðfundur
Fossvogur, Bústaður og Háaleiti	17. mars 2022	Staðfundur
Breiðholtið	9. maí 2022	Staðfundur

Helstu niðurstöður hvers fundar voru sendar til þátttakenda í hverju hverfi fyrir sig og þátttakendum veittur aðgangur að rafrænum erindunum sem sýnd voru á fundunum til að vinna áfram með í sínu nærumhverfi. Erindin á fundunum voru frá Vöndu Sigurgeirsdóttur frá KSÍ, Sif Atladóttur landsliðskonu



og Þorsteini V. Einarssyni frá Karlmennskunni. Þátttakendur voru hvattir til að halda vinnunni áfram og taka samtalið með virkri þátttöku barna og ungmenna í þeirra hverfi og fá þau með í lið til að skapa enn betra hverfi og samfélag fyrir öll. Í sumum hverfum er þegar búið að halda fleiri fundi, mynda vinnuhópa og í a.m.k. einu hverfi er búið að leggja drög að stærra verkefni sem eflir samstarf milli aðila hverfisins hvað varðar jákvæð samskipti. Sem dæmi um það hafa frístundamiðstöðin Kringlumýri, Laugardalslaug, Laugalækjarskóli, Langholtsskóli, Laugarnesskóli, Vogaskóli, íþróttafélagið Ármann og íþróttafélagið Þróttur tekið höndum saman í verkefninu „Dalurinn okkar“ sem byggir á samráðsfundum *Öll í sama liði*. Hópurinn fékk styrk úr þróunarsjóði skóla- og frístundasviðs og er markmiðið að vera samstíga í að takast á við agavanda með sameiginlegum aðgerðum sem fyrst og fremst ganga út á að starfsfólk fái sömu fræðslu. Stefnan er að fá Háskóla Íslands til samstarfs til að leggja mat á árangur verkefnis og gerir tímalínan ráð fyrir að verkefnið standi yfir haust 2022 að hausti 2023.

Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður fundanna sem voru nýttar til að útbúa veggspjald sem dreift var í öll hverfi borgarinnar nú í haust.

Tafla 2. Helstu niðurstöður fundanna

Fræðsla	Jákvæð skilaboð	Samtal og samstarf	Virða mörk
Læra hvert af öðru	Jákvæðir leiðtogar	Reglulegt samtal milli aðila sem tengjast börnum	Stoppa ljóta orðræðu
Fræðsla fyrir foreldra	Alsstaðar sömu skilaboð/fullorðnir eru fyrirmyndir	Reglur um samskiptamiðla	Taka slaginn
Jafningjafræðsla	Samskiptasáttmáli	Samráðsvettvangur	Skapa öruggt rými
Fræðsla fyrir starfsfólk	Halda því jákvæða á lofti	Skapa vettvang fyrir raddir barna	Opíð samtal um mörk og virðingu
Safna góðum verkfærum	Fagna fjölbreytileikanum	Virkt foreldrasamstarf m.a. á milli skóla	Vera meðvituð um og setja sín eigin mörk
Aukin kynja- og kynfræðsla	Vinna með styrkleika	Skapa góða hverfismenningu	Virða mörk annarra

Mynd 1. Veggspjald „Öll í sama liði“





FRAMTÍÐIN ER OKKAR

Öskudagsráðstefna á Hilton hótél Nordica
miðvikudaginn 2. mars 2022 kl. 13:00-16:00

- **Setning**
Hanna Rún Eiríksdóttir, kennari í Klettaskóla
- **Gamanmál**
Hundur í óskilum
- **Hvað höfum við lært og hvað gerum við næst?**
Ingvi Hrannar Ómarsson, grunnskólakennari og frumkvöðull
- **Verðlaunaafhending**
Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs 2022
Minningarverðlaun Arthurs Morthens 2022
- **Kaffihlé**
- **Hugmyndaauðgin í skólastarfinu**
- *Austur – Vestur, sköpunarmiðjur* – verkefnastjórnarnir Guðbjörg Bjarnadóttir í Ingunnarskóla, Guðlaug Elísabet Finnsdóttir í Vesturbæjarskóla og Jónella Sigurjónsdóttir í Selásskóla
- *Starfendarannsóknir í Dalskóla* – Sigríður Schram kennari í Dalskóla
- **Laðaðu til þín það góða – Að tendra neistann eftir COVID**
Sirrý Arnardóttir, stjórnendabjálfi og kennari við Háskólann á Bifröst.
- **Samantekt og ráðstefnulok**
Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Ráðstefnustjóri: Soffía Vagnsdóttir



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Félag skólastjórna
í Reykjavík

Kennarafélag
Reykjavíkur

Nánari upplýsingar og dagskrá og
skráningu á www.skolarogfristund.is

ÖSKUDAGSRÁÐSTEFNAN 2023

Hótel Hilton Nordica miðvikudaginn 22. febrúar 2023 kl. 13 – 16.



HVAÐ VILTU LÆRA

- hvernig og hvers vegna?



Lifandi tónlist flutt af nemendum í Miðstöðinni tekur á móti ráðstefnugestum!

Dagskrá:

SETNING

Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri í Háteigsskóla og formaður félags skólastjórna í Reykjavík.

TÓNLISTARTRÍÐI

Nemendur frá Miðstöðinni í Grafarvogi flytja eigin tónlist undir stjórn Ólafs Eliassonar.

COLLABORATIVE SCHOOLS - WHERE EVERYONE BELONGS AND CONTRIBUTES

Natalie Croome, fyrirlesari og stjórnendaráðgjafi.

VERÐLAUNAAFHENDING

Hvatningaverðlaun skóla- og frístundaráðs.

KAFFIHLÉ

„MAKE LOVE NOT WAR“ - HUGLEIÐING UM SKÓLA, MENNTUN og MENNSKU

Runólfur Ágústson, frumkvöðull.

RADDIR NEMENDA UM EIGIN VELFARNAD Í SKÓLASTARFI

Eva Rún Klausen, kennari við Egilsstaðaskóla.

HEGÐUN OG HAMINGJA Á VINNUSTAÐ

Sigríður Indriðadóttir, stjórnendaráðgjafi.

SAMANTEKT OG RÁÐSTEFNULOK

Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu á skóla- og frístundasviði.



Um fyrirlesarana:

NATALIE CROOME er reyndur kennari og fyrirlesari sem hefur unnið að símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórna um árabil. Hún hefur m.a. haldið námskeið um starfskenningu kennara, síðfræði og fagmennsku í alþjóðlegri kennslufræði, um skólastjórnaendur og kennara sem læra, markþjálfun og fleira. Natalie er fædd í Tasmaníu en býr í Nice og starfar fyrir Europass Teacher Academy sem stendur fyrir yfir 20 Erasmus+ námskeiðum víða um Evrópu auk þess að reka sjálfstætt ráðgjafar fyrirtæki.

RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON er fyrrverandi rektor háskólans á Bifröst og einn af stofnendum og fyrsti framkvæmdastjóri Keilis. Hann stjórnarformaður hans Lýðskólans á Flateyri. Runólfur starfar nú sem verkefnastjóri Porpsins vistfélags.

ELVA RÚN KLAUSEN á að baki 24 ára feril sem grunnskólakennari, lengst af sem umsjónarkennari á yngsta stigi en einnig sem myndmenntakennari, velferðarkennari og sérkennari. Elva er með diplóma í jákvæðri sálfræði frá Endurmenntun HÍ og MA gráðu í jákvæðri sálfræði í uppeldi og menntun frá Menntavísindasviði HÍ. Elva er kennari við Egilsstaðaskóla.

SIGRÍÐUR INDRIDADÓTTIR er grunnskólakennari, með meistaraþráðu í mannauðsfræðum frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð og stjórnendamarkþjálfari frá Háskólanum í Reykjavík. Hún býr yfir áralangri reynslu og víðtækri þekkingu á sviði stjórnunar, mannauðsmála og rekstrar.

MÍÐSTÖÐIN er sameiginleg rythmadeild Tónlistarskóla Grafarvogs, Tónlistarskóla Reykjavíkur. Stjórnandi Miðstöðvarinnar er Ólafur Eliasson.



Láttu ekki einstakan viðburð fram hjá þér fara!


Skráning hér: <https://forms.gle/T7WVKiBnc9THEdfdA>

Ráðstefnustjóri: Soffía Vagnsdóttir




Fylgiskjal 4 - Ítarlegar upplýsingar um verkefni í A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs


Samanburður á fyrsta vali í menntastefnuþáttum á milli leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva úr A-hluta 2022-2023




Samanburður á milli ára á fyrsta vali í A-hluta – leikskólar



Samanburður á milli ára á fyrsta vali í A-hluta – grunnskólar



Samanburður á milli ára á fyrsta vali í A-hluta – frístundastarf



Fylgiskjal 5 - Yfirlit yfir B- hluta styrki skólaárið 2022-2023

Heiti verkefnis	Starfsstaðir og samstarfaðilar
"Vertu velkomin í hverfið okkar - Viltu tala íslensku við mig?"	Grunnskólar í Grafarvogi og Kjalarnesi, Háskóli Íslands og Íslenskuþorpið
"Öll sem eitt"	Frístundamiðstöðvar og félagsmiðstöðvar í Reykjavík, Samtökin 78, Þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra, og Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar
"Innra mat í leikskóla í Austri - Samtal og ígrundun"	Leikskólar í hverfum Austurmiðstöðvar og Háskóli Íslands
"Öll í sama liði"	Frístundamiðstöðin Kringlumýri, grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og leikskólar í Laugarnesi og skólahljómsveit Austurbæjar
"Þáttaka barna í leikskólastarfi"	Engjaborg, Funaborg, Hólaborg og Sunnufold og HÍ
Innleiðing á gagnvirka samstarfslíkaninu í grunnskólum Reykjavíkur	Grunnskólar í Breiðholti, skóla- og frístundaþjónusta í Breiðholti, MHÍ og Jigsaw Learning
"Heildræn fræðslunálgun í félagsmiðstöðvastarfi"	Félagsmiðstöðin Vígyn, Brúin, Fjörgyn, Sigyn, Fellið, Plútó, Fókus, Holtið, Ársel og Höllin, HÍ og foreldrafélag Víkurskóla
"Námsfélag starfsmanna leikskóla"	Grandaborg, Kvistaborg, Garðaborg, Austurborg og MHÍ
"Réttindi barna á Íslandi"	Ævintýraborg Eggertsgötu, Gullborg, Laugasól, Vinagerði, Ævintýraborg Nauthólsvegi, UNICEF og HÍ
"Saman komumst við lengra"	Austurmiðstöð
"Leikur, nám og gleði"	Grandaborg, Gullborg, Ægisborg og MHÍ

Þrjú þeirra verkefna sem fengu styrk 2022-2023 fengu einnig styrk 2021-2022. Þetta eru verkefnin:


- *Vertu velkomin í hverfið okkar – viltu tala íslensku við mig*
- *Flæði og samþætting – Þátttaka barna í leikskólastarfi*
- Öll sem eitt

Fylgiskjal 6- Niðurstöður könnunar um Leiðtogi framtíðarinnar er Teymið

Niðurstöður könnunar vor 2023

Leiðtogi framtíðarinnar er teymið 2022 - 2023

Hversu sammála eða ósammála ertu því að námskeiðið í heild hafi skapað vettvang til samstarfs í borgarhlutanum þínum?



Hvers vegna ertu sammála því að námskeiðið í heild hafi skapað vettvang til samstarfs í borgarhlutanum þínum? Getur þú nefnt dæmi?

T.d. bara það að fólk úr leik, grunn og frí hittist. Hægt að vísa í ákveðið efni til að hvetja til samstarfs.

Gott að hitta andlitin sem maður á oft í tölvupóst samskiptum við og minnir mann á samstarfið og að heyra í öðru fólki

Kynnast fólki og heyra fleiri sjónarmið

Það er alltaf gott að hitta kollega og spjalla saman

Gott að heyra umræður og tala við aðra sem taka þátt, betra þegar að við vorum á staðnum

Opnaði tengingar við aðra vinnustaði

Samtal við fólk úr ólíkum áttum í hópavinnu á netinu. Hefði mátt skipta betur upp þegar allir hittust í raunheimum.

Skólahljómsveitin sem ég stjórna náði að tengjast leikskólasamfélaginu.

Fólk í borgarhlutanum hittist, vinnur verkefni og kynnist - sem skapar frekar vettvang til samstarfs (ef fólk þekkist eitthvað).

Ahugahvetjandi og skapar vettvang til samstarfs/samræðna

gott að hitta aðra sem eru að gera það sama og kynnast, auðveldar manni að hafa samband við aðra

Tækifæri til að hitta fólk í hverfinu.

Það er mikilvægt að gefa sér tíma til að hitta þá sem eru í sömu stöðu og ræða fagleg málefni.

Hvers vegna ertu sammála því að námskeiðið í heild hafi skapað vettvang til samstarfs í borgarhlutanum þínum? Getur þú nefnt dæmi?

Stuðlað að samtali á milli aðila sem ekki hafa endilega vettvang til að ræða saman og miðla upplýsingum sín á milli.

Tel mig hafa kynnst einstaklingum sem vinna við aðra borgarhluta en ég sem ég hefði ekki vitað um.. Kynntirst fagfólki úr öðrum deildum og fékk innsýn í þá vinnu sem þeir sinna.

Samvinna með elsta hóp og milli leikskóla með elstu börn.

Gott að sjá fólk og kynnast þeim. Hefði verið alveg ótrúlega gaman að hitta fólk meira í raunheimum.

Mjög gott að hafa vettvant til að stilla saman strengi.

Gefuð okkur sem vinnum í sama hverfi tækifæri til að tala saman

Betri skilningur á milli sviða. Sviðin geta fundið betri samskipta leiðir á milli sviða.

Kynnast betur borgarahluta mínum betur. Auka víðsýni mína á honum og sjá meira.

Maður hitti fólk úr öðrum skólum sem maður geti verið í sambandi við.

Við náðum að sjá andlit og ræða við fólk innan okkar borgarhluta sem eru á einhvern hátt að vinna með samtengdan hóp. Við náðum að kynnast lítillega starfsemi áherslum og fá í leiðinni hugmyndir sem nýta má á milli kerfa eða skólastiga.

Samstarf og sameiginleg hugsun er alltaf jákvæð og styðjandi

T.d. með umræðuhópunum náðu skólar, frístund, leikskóli o.fl. að ræða saman um mismunandi málefni, kynnast betur, ræða möguleika og nýjar leiðir til samstarfs og hugmyndaskipta :)

Það að umræðuhóparnir séu hverfaskiptir styrkir tengsl leikskóla, grunnskóla, frístundar og félagsmiðstöðva með því að tengja saman fólkid sem vinnur á þessum stöðum.

Hvers vegna ertu sammála því að námskeiðið í heild hafi skapað vettvang til samstarfs í borgarhlutanum þínum? Getur þú nefnt dæmi?

Allir eru í sama bát og fá sameiginleg verkfæri til að vinna með.

Bara að kynnast fólki sem starfar á hinum ýmsu stöðum

Þegar um sameiginleg málefni er að ræða þá er kominn grundvöllur. Menttafléttan er gott dæmi um vettvang.

Höfum hist meira og getað á fagsamtal í skólum.

Það að hittast/sjá og tala við stjórnendur stofnanna í nágrenninu minnir okkur á hvort annað og það var fundur þar sem samstarfsmöguleikar voru ræddir sem var gagnlegt

Þekki fleiri andlit sem hægt er að vinna samstarfsverkefni með

Gaman að fá tækifæri að ígrunda fagleg málefni með öðrum sem koma að menntun og uppeldi barna

Gott að "hitta" þá sem starfa í sama hverfi. Þó hafi verið samstarf þá eflast tengslin meira

Þetta er að sameina starfsstaði og búa til samtal...

Hefur ekki gerst enn en gefur tækifæri á því, með umræðuhópunum heyrir maður t.d. hvernig starfsemi er og gefur tilefni til frekaráð samráðs eða jafnvel heimsóknir til að skoða og spjalla

Höfum fengið tækifæri til að kynnast aðeins og eiga faglegt samtal

Til dæmis að fá að sjá andlitin á bakvið nöfnin.

Hvers vegna ertu sammála því að námskeiðið í heild hafi skapað vettvang til samstarfs í borgarhlutanum þínum? Getur þú nefnt dæmi?

Fá tækifæri til þess að spjalla og heyra þær áherslur sem eru á næsta skólastigi fyrir ofan. Væri frábært að fá tækifæri til að halda því áfram

Tengir saman þá hópa sem eru að vinna með sömu einstaklingana, hvort heldur leikskóla -og grunnskóla sem taka við sömu nemendum - eða grunnskóla - frístundaheimili - félagsmiðstöðvar. Öll umræða milli þessara aðila er af hinu góða og mikilvægt að allir þekki alla.

Gott að hitta fólk. Spjalla saman og spegla sig við aðra. Erum öll að vinna að því sama.

Kynnast stjórnendum í hverfinu og þar með búa til tenginu og stytta bilið á milli skólanna. Miðla þekkingu sína á milli.

Það skapar grunn að nánara samstarfi

Fólk fær innsýn í starf hvers annars. Og break out roomin eru hjálpleg

fleiri tækifæri til samtalsins og stjórnendur sem hafa lítið átt í samstarfi vinna saman

Meira samtal á milli frístund, skóla og leikskóla

Hvers vegna ertu ósammála því að námskeiðið í heild hafi skapað vettvang til samstarfs í borgarhlutanum þínum? Getur þú nefnt dæmi?

Það var samstarf fyrir og þessir fundir hafa ekki verið nógu markvissir um málefni grunnskóla

Ég fann enga tengingu.

Samstarfið var mjög gott fyrir og lítið nýtt sem við lærðum þarna sem gagnaðist

Margir slappir fyrirlestrar.

Ekki nálgast með hvaða hætti á að byggja samstarfið á.

námskeiðið var á þeim tíma (eftir hádegi) þar sem er mjög erfit fyrir stjórnendur frístundaheimilia að mæta

Í staðlotum sat fólk saman sem vann á sama vinnustað eða hafði önnur tengsl.

Netloturnar, jú fólk talaði þar saman en það var aldrei gefinn tími fyrir annað en skipulagðar umræður.

Klárlega er þetta fyrir þau sem eru ekki eins langt komin í starfi eins og fólk sem sækir þetta námskeið

Það skapaðist ekki slíkur vettvangur. Okkur var ekki blandað saman, allir sátu í sínum hólfum þegar ég var. Þegar við vorum sett í hópa (á vefnum) þá tók enginn stjórnina, ólíkir hópar, ólík verkefni o.s.frv.

Hvers vegna ertu ósammála því að námskeiðið í heild hafi skapað vettvang til samstarfs í borgarhlutanum þínum? Getur þú nefnt dæmi?

Námskeiðin hafa oft fjallað um eitthvað sem kemur starfstaðnum mínum ekki við.

Fyrirlestrarform og skipan í sæti þannig að hver sat með sínu samstarfsfólki. Enda kannski ekki margt sem frístund og leikskólastarfsfólk á sameiginlegt varðandi starf og umhverfi svo dæmi sé tekið.

Mér fannst ég fá lítið út úr námskeiðunum, ekkert sem var nýtt, umræðahópa þynntust þegar leið á daginn. Samstarf innan míns borgarhluta er afar gott og þessi vettvangur breytti því ekki.

eg hef ekki fundið fyrir því að námskeiðið hafi orðið til aukins samstrfs

Ekki nógu góð innlegg sem nýtast öllum. Lítil tími til samtals um samstarf.

Hef ekki orðið vör við það að það auki samstarf. Þetta eru mjög ólíkar stofnanir með mjög mikið á sínum herðum. Við höfum ekki tímann til að leita mikið út fyrir þann rann sem við erum þegar að vinna í.

Skólastjórnendur mættu sjaldan og ekki t.d.

Það var ekki góð mæting frá grunnskólunum og samstarfið á milli okkar er nú þegar mjög gott.

Það var svo langt á milli lota. Það hefði mátt hafa þetta þéttar til að það myndi ná að þetta hópinn saman.

Það hefði líka þurft að hafa þetta allt á staðnum. Það er takmarkað hægt að tala um að þetta hópinn þegar hver er í sínu horni.

langt á milli skipta - of seint á daginn - ekki spennandi viðfangsefni - flest allt mjög óspennandi og fjarfundirnir alveg út úr korti til að efla samstarf.

Hvers vegna ertu ósammála því að námskeiðið í heild hafi skapað vettvang til samstarfs í borgarhlutanum þínum? Getur þú nefnt dæmi?

Það vantaði oftast marga og mér finnst fjarfundur ekki hentugur þegar það á að efla samstarf

námskeiðið kemur ekki til af áhuga innan hverfisins um samstarf, léleg mæting og óaðgengilegt námskeiðsform að hittast bara á tölvuskjánum

Fannst erindin mis áhugaverð og tengdi ekki við þetta

Þetta er of stórt námskeið og of stór borgarhluti til að maður finni sig sem einvern hluta af einhverri heild.

Mér finnst lítið gang í þessu þegar ákveðiniraðilar sem ættu að sita þetta námskeið mæta ekki. Til dæmis þegar forstöðumaður frístundar mætir en ekki skólastóri þess skóla, hvernig er þá hægt að bæta hlutina ef enn og aftur bara annar aðilinn er að leggja sig fram.

Tímasetningin er erfið og fólk hefur um allt annað að hugsa, er þreytt og á bóg með sína starfsstöð.


Mér fannst alveg gagnlegt að sjá fólk sem er að vinna í mínum borgarhluta. Samt sem áður fannst mér þetta kannski frekar stór vettvangur og ég get ekki sagt að ég upplifi breytingar varðandi samstarfs tækifæri eftir þetta námskeið. Af því sögðu fannst mér samt ýmislegt gagnlegt.

Hittumst lítið í raunheimi og maður er svo mikið að tala við sína eigin samstarfsmenn.

Hefur ekki skapað vettvang nema þá þegar námskeiðið stendur yfir. Við erum í samstarfi við leikskólala í grenndinni (takmarkað þó) en í miklu samstarfi við félagsmiðstöðina og frístundina.

Hefði verið betra ef við hefðum ekki verið á zoom - heldur hist í raunheimum :)

Hversu sammála eða ósammála ertu því að námskeiðið í heild hafi fært þér verkfæri sem gagnast þér í nýjum áskorunum, með áherslu á innleiðingu Betri borg fyrir börn?



Hvers vegna ertu sammála því að námskeiðið í heild hafi fært þér verkfæri sem gagnast þér í nýjum áskorunum, með áherslu á innleiðingu BBB? Getur þú nefnt dæmi?

Verkefni og verkferlar sem hægt er að nýta sér í starfinu

Skil betur uppbygginguna og hver á hvaða hlutverk

Maður lærir alltaf eitthvað nýtt á námskeiðum og styrkist í verkefnum sínum þar af leiðandi

Margar góðar kynningar sem gagnlegt er að styðjast við og nota í starfi til að ná meiri árangri við innleiðingu á.

kynnst fólki og átt samtöl við þau um praktísk dæmi. Sérstaklega samtöl um samstarf þvert á leik, grunn og frí.

Skýrari sýn á hvert er stefnt

Fyrirlestur Jóns Péturs Zimsen gaf mér hugmyndir um samstarf við foreldra og fyrirlesturinn frá BOFS útskýrði vel fyrir mér hvernig Farsældarlögin eru hugsuð. Annað hefur ekki nýst mér sérstaklega.

Gagnleg yfirsýn og upplýsingar - t.d. um farsældaráherslur, og starf lausnateymis.

Margar hugmyndir komu fram s.s. um nýja fundargerð í grunnskólum, starfendarannsóknir, ígrundun o.fl. Allar aðferðir færa okkur nær því að vinna með börnunum í hverfinu.

Hvers vegna ertu sammála því að námskeiðið í heild hafi fært þér verkfæri sem gagnast þér í nýjum áskorunum, með áherslu á innleiðingu BBB? Getur þú nefnt dæmi?

Hlutinn um málstefnuna á eftir að koma að góðum notum við að móta málstefnu á mínum vinnustað

Kynnst betur þeim leiðum sem BBB er að vinna með og þær boðleiðir sem breytingarnar hafa í för með sér.

Með því að fá upplýsingar og hugmyndir frá öðfrum starfsstöðvum og að ræða um mikilvægar nálganir í breyttum barnahópum fær maður alltaf hugmyndir og leiðir sem maður getur nýtt sér. Vegna þess að þetta var í gegnum fjarfund þá var auðveldara að mæta og þá skapaðist ekki eins mikið álag og oft gerist í svona fundarhöldum.

hugmyndin um hvernig við sækjum okkur það sem við þurfum, nýtum þá sem hafa þekkinguna. Samtalið um ólíka stjórnendur og hvernig við getum lært af hvort öðru. Einnig var starfendarannsókn og það að rýna í eigið starf mjög þörf umræða.

Mikilvægt að staldra við og hitta fólk af vettvangi - þannig verður til samstarf og sameiginleg hugsun.

Námskeiðið gefur mér innsýn inn í hvað BBB inniber og hverjir kostir þess geta verið. Einnig gaf námskeiðið borðpall fyrir vangaveltanir um hvað gæti verið áskorun og hvernig mögulega væri hægt að leysa það.

Hvers vegna ertu sammála því að námskeiðið í heild hafi fært þér verkfæri sem gagnast þér í nýjum áskorunum, með áherslu á innleiðingu BBB? Getur þú nefnt dæmi?

Fyrirlestrar og umræður hafa verið upplýsandi

Allir að fá dömufræðslu og auðvelda okkur í að setja okkur sömu gildin fyrir starfið

Fræðslan var áhugaverð og vakti mig til umhugsunar og jók áhuga minn á málefnum.

Með spjalli og innsýn sem hefur skapast milli aðila hefur skapast verkfæri. En það er einnig áskorun að sjá þann mismun sem er á milli stofnana hjá sama rekstraraðila. Mikill mismunur bitnar á bæði starfsmannahópnum og barnahópnum. Rými þarf að vera gott fyrir alla.

Stytttri boðleiðir - inn á þjónustumiðstöð í stað skrifstofu SFS. Meiri samvinna milli skólastiga og frístundar, þekkjum betur fólkið eftir þetta námskeið

auðveldara að nálgast stjórnendur í öðrum stofnunum þegar maður veit deili á þeim

Skiptast á hugmyndum og hlusta á aðra sem eru að vinna í sama skólahverfi

Fyrirlestrar og umræður hafa verið góðar til þess að ræða ýmis mál. Dæmi að bera saman aðstæður í skólum og ræða hvernig staðan er á leikskóla og skóla

Mér fannst ég fá ýmislegt til að huga að sem hefur eftir mig í minni trú varðandi hvað skiptir máli við menntun barna. Mér finnst mjög mikilvægt að það sé raunverulegt samtal á milli kerfa varðandi börnin okkar. Einnig fannst mér gagnlegt að huga að teymisvinnu og hvernig hún á að virka. Ég vona að þetta muni hafa raunverulegar breytingar í för með sér en því miður óttast ég að þetta verði eins og með annað, fallet á pappír en maður finni lítinn mun í praxís.

Hvers vegna ertu sammála því að námskeiðið í heild hafi fært þér verkfæri sem gagnast þér í nýjum áskorunum, með áherslu á innleiðingu BBB? Getur þú nefnt dæmi?

Þetta er að gefa alls kyns verkfæri og tengja saman staði. Hef ekki alveg dæmi eins og er...

Maður veltir verkefninu fyrir sér frá ýmsum sjónarhornum. Það koma punktar sem maður hafði kannski ekki hugsað út í. Maður fær líka sjónarhorn annarra

Kynning og umræður um ýmsar leiðir, sem maður hefði kannski ekki annars vitað um

Í upphafi var frábær kynning á BBB gott að fá upplýsingar um það hvort sem það var þá á þessum vettvangi eða á öðrum vettvangi.

Starfendarannsóknar þælingin var góð og ætti að vera notuð meira í leikskólastarfi til dæmis þegar rýnt er í starfið.

Það hefði verið frábært að fá að hittast aftur í raunheimum í dag. Skil ekki alveg af hverju þetta er á zoom

Vísa til þess hér að framan. Því meira sem við styrkjum samstarfið þeim mun betur tekst okkur að koma til móts við skjólstæðinga okkar - sama á hvaða starfsstað við erum.

Gott að fá innlegg frá öðrum og ræða svo efnið út frá okkur og hverfinu.

T.d erindin um samstarfið og teymisvinnuna

Góðir fyrirlestrar

gott að sjá fleiri andlit stjórnenda í borgarhlutanum

Hvers vegna ertu ósammála því að námskeiðið í heild hafi fært þér verkfæri sem gagnast þér í nýjum áskorunum, með áherslu á innleiðingu BBB? Getur þú nefnt dæmi?

Mér fannst ekkert nýtt koma fram.

Mjög lítið nýtt sem ég lærði og er á fjölda annara námskeiða, fyrirlestra og funda. Það þarf að forgangsraða því nóg af verkefnum sitja á hakanum á meðan.

Ég lærði ekkert nýtt.

Sama svar og áðan, lang mest af þessu eru hlutir sem við höfum séð ansi oft

Mér fannst fátt nýtt í boði nema helst það sem var í síðustu lotunni.

Mér fannst þetta frekar yfirborðskennt og get ekki séð að þetta sé að styðja við BBB

Mér fannst flest það sem um var rætt vera eins og grunn námskeið fyrir fólk sem er að taka sín fyrstu skref í að vinna með börnum og unglingum.

Það var svo langt á milli lota. Það er mikill ókostur. Það fennir yfir þetta fljótt þegar maður er ekki að nýta þetta meira en bara að hlusta á fyrirlestur eða eitthvað slíkt einu sinni. Það þyrfti að gera meira.

Þau verkfæri sem ég get nýtt mér hef ég fengið annarstaðar, þetta var algjör tímasóun í mínum huga

Hvers vegna ertu ósammála því að námskeiðið í heild hafi fært þér verkfæri sem gagnast þér í nýjum áskorunum, með áherslu á innleiðingu BBB? Getur þú nefnt dæmi?

Annað námskeið var haldið - kynning á BBB. Samt sem áður ágætis umræður en ég get ekki sagt að það hafi dýpkað viðfangsefnið. Reyndar missti ég af einni lotu 2 og það gæti skýrt þetta.

Það hefur ekki góð áhrif að vera skikkaður á námskeið, erfiður tími vegna veikinda og að mega ekki hittast gerir efnið óaðgengilegt, óáhugavert að sitja einn við tölvuna og hlusta. Stjórnendur í sama skóla máttu ekki vera saman, námskeiðið alltaf á leiðinlegum tíma (14-16.30) og mjög misáhugavert efni. Sumt gott annað minna gott

Námskeiðið er of skólamiðað.

Lítið nýtt sem þarna hefur komið fram.

Hefði verið betra að hittast á staðfundum - hentar mér ekki eins vel að vera á netinu


Þetta hefur verið sundurlaust og skilur lítið eftir.

Kerfin eru ekki enn að vinna saman velferðarsvið og svo skólasvið

Mér fannst fyrstu loturnar þrjár hafa lítið samhengi og þá sérstaklega fyrstu tvær loturnar. Lotan í dag er kannski best.

Þetta er nú mikið til gamalt vín á nýjum belgjum

Í námskeiðinu hefur verið fjallað um hlutverk stjórnenda sem leiðtoga í innleiðingu Látum draumana rætast og Betri borg fyrir börn. Hversu vel eða illa hefur námskeiðið styrkt þig sem leiðtoga í innleiðingu þessara tveggja verkefna?



Getur þú nefnt dæmi um hvernig námskeiðið hefur styrkt þig sem leiðtoga við innleiðingu þessara tveggja verkefna?

Veit meira um mitt hlutverk og annarra

Aukin fræðsla styrkir mann og kennir manni nýja hluti sem nýtast vel u starfi

Hlutverk mitt er skýrara

Aukinn skilningur á þýðingu verkefnanna

Hef orðið öruggari með mig við að leiðbeina öðrum

Gert mig aðeins færari í að taka ákvarðanir og útskýra fyrir aðra

Styrkt mig í regluverki borgarinnar og þeim mánnauðsmálum sem ég hef staðið frammi fyrir. Fá staðfestingu á hvernig tekist er á mánnauðsmálum innan borgarinnar og því regluverki sem þeim fylgir. Mánnauðsmál eru orðin svo stór hluti að starfi stjórnenda ásamt því að vera faglegur leiðtogi.

Það hefur auðveldað mér aðgengi að öðrum stjórnendum í hverfinu, bara með því að hafa unnið með þeim í umræðuhópum þá er það auðveldara að tala t.d. við það fólk í síma.

góð kynning á starfendarannsóknum sem nýtast manni í að rýna í vinnubrögð manns sjálfs og hvort þau séu til þess að virkja og efla starfsfólk í innleiðingu. Það að hlusta á starfsfólk sitt og vera hvetjandi. Sýna öðrum leiðir að markmiði og tengja við aðra sem geta veitt manni betri innsýn í það sem er verið að vinna að.

Getur þú nefnt dæmi um hvernig námskeiðið hefur styrkt þig sem leiðtoga við innleiðingu þessara tveggja verkefna?

aukin umræða okkar á milli og aukin vilji til að gera betur en lítið komið til framkvæmda milli leik, grunn og frístund

Samtal og fyrirmyndir

aukið skilning og umræða milli leikskóla og frístund

Efni fyrirlestra og umræður hafa verið upplýsandi.

Jákvæð nálgun og með námskeiðinu eru áherslurnar setta á mikilvægi stjórnunnar og hlutverk leiðtogans

Fræðslan og hvatningin hefur áhrif og styrkir

Aukin þekking gerir það að verkum að ég á auðveldara með að miðla viðeigandi upplýsingum til starfsfólksins, samstarfið á námskeiðinu hefur opnað möguleika á auknu samstarfi milli leik/grunnskóla og frístundar í mínu hverfi og aukið tengslanetið milli fagfólks


Allt samtal um hvernig hægt er að gera hlutina betur er gagnlegt

Maður veit mun betur út á hvað BBB og Látum draumana rætast.


Gefur mér meiri innsýn í þessi verkefni til að miðla áfram til samstarfsfólks

Maður fær staðfestingu á því sem maður er að gera og sér leiðir sem hægt er að fara og maður vill fara. Aftur er það líka svo að maður heyrir hvað aðrir eru að hugsa og gera sem nýtist manni í starfi

Hverjir af eftirtöldum þáttum telur þú að geti gagnast til að efla samstarf innan þess borgarhluta þar sem þú starfar? Þú getur hakað við fleiri en einn þátt.



Þátttakendum verður boðið upp á að velja viðfangsefni sem þau vilja dýpka sig í og getur hver þátttakandi skráð sig í eina dýpkunarlotu. Viðfangsefni þeirra verða þau sömu og í lotunum fjórum en farið dýpra í viðfangsefnið með meiri sjálfsvinnu fyrir þátttakendur. Boðið verður upp á vallaoturnar í maí og júní, dagsetningar auglýstar síðar. Vinsamlegast veldu eina af eftirfarandi dýpkunarlotum.



Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Þetta var of stór hópur með mjög ólíkar þarfir.

hafði ekki tök á að mæta nema í eitt skipti og þá fannst mér þetta vera of skólamiðað.

Nei

Væri líka gott að fá að hitta samstarfsfólk frá hinum skólunum sem starfa á sama stigi. T.d. þeir sem eru á yngsta stiginu hittist eða þeir sem vinna í hinum leikskólunum. Það væri þá tækifæri til að mynda fagleg tengsl þar sem rætt væri saman á faglegum nótum og þetta væri þá líka vettvangur til að styðja við hvert annað sem fagmenn í því krefjandi umhverfi sem við störfum við í dag.

Mjög slæmt að þetta var alltaf á frístundartíma. Alls ekki nógu nytsamleg fræðsla

Takk fyrir námskeiðið - margt gott sem borið var á borð fyrir okkur.


Ég tilheyri skrifstofunni í Borgartúnu og verð að viðurkenna að ég náði ekki að mæta í seinni staðlotuna og horfði með öðru auganu á fjarnámskeiðin. Fór í mesta lagi 2x inn á Canvas. Meira aðhald hefði vafalítið stutt við þátttöku mína.

Merkti við eitt viðfangsefni í dýpkunarlotu - en veit að ég næ mögulega ekki að taka þátt í maí/júní.


Þetta námskeið var alltaf haldið eftir hádegi. Það hefði mátt hafa tvö skipti fyrir hádegi og tvö skipti eftir hádegi til að koma til móts við fólk sem tekur á móti börnum eftir hádegi.

Mér þykir leiðinlegt að hafa verið svona neikvæður í garð þessa námskeiðs. En þar sem við stjórnendur þurfum að sitja mjög mörg námskeið og fleira finnst mér skipta miklu máli að tímanum sé vel varið.


Hvert er kyn þitt?



Úr hvaða borgarhluta kemur þú?



Hvert er starf þitt?



Fylgiskjal 7 – Yfirlit yfir framkvæmdir



SFS Framkvæmdir 2023

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



Framkvæmdir umfang, markmið og stefna

- Í kjölfar ástandsskoðunar á leik- og grunnskólum og frístundamiðstöðvum/frístunaheimilum árin 2020-2021 kom í ljós uppsöfnuð viðhaldspörf sem þarf að bregðast við. Borgarráð samþykkti á fundi sínum 4. nóvember 2021 að ráðast í sérstakt viðhaldsátak sem byggir m.a. á þessum ástandsskoðunum.
- Vinnuhópur frá skrifstofu framkvæmda og viðhalds (SFV), skóla- og frístundasviði (SFS) og eignaskrifstofu (ESR) hefur unnið greiningar út frá þessum ástandsskoðunum auk annarra ítarskoðana.
- Vinnuhópurinn hefur undir stjórn verkefnastofu USK forgangsráðað framkvæmdum og skoðað í samhengi við aðrar áætlaðar framkvæmdir s.s. endurgerð húsnæðis og/eða stækkun.
- Við forgangsröðun framkvæmda er haft samráð við stjórnendur og fulltrúa notenda og reynt að finna leiðir til að lágmarka rask meðan á framkvæmdum stendur. Forgangsröðun framkvæmda var samþykkt í borgarráði 2. mars 2023.
- Grænar lausnir eru hafðar að leiðarljósi við undirbúning og framkvæmdir og að byggingarefni sem notuð eru séu umhverfisvottuð. Einnig er horft til orkunýtni og sparnaðaráhrifa aðgerða á rekstur húsnæðis til lengri tíma.



Framkvæmdir umfang, markmið og stefna



Öryggi
notanda
eigna



Heilnæmt
umhverfi góð
innivist/hljóðvist



Aðgengi
fyrir alla



Fyrirbyggjandi aðgerðir
og hagkvæm nýting
fjármuna



Umhverfisvænt
efnisval og
endurnýting



Bætt
orkunýting

- Forgangsröðun um viðhaldspörf er m.a. metin út frá ástandsskoðunum
- Samtal við notendur eigna
- Ef upp hefur komið sérstakt ástand í byggingu sem þarfnast skjótra lausna
- Áætlaðar breytingar á húsnæði
- Forgangsröðun viðbygginga fyrir skóla- og frístundastarf
- Möguleikar til að leysa húsnæðispörf meðan á framkvæmdum stendur



Framkvæmdir umfang, markmið og stefna

- Markmið Reykjavíkurborgar er að tryggja notendum öruggt og heilsusamlegt húsnæði sem fullnægir nútíma þörfum auk þess að viðhalda verðmæti fasteigna borgarinnar. Viðhaldsátak þetta er þáttur í þessari viðleitni.
- Ef endurgerð eða viðbyggingarframkvæmdir eru áætlaðar eða í gangi eru átaksverkefni unnin samhliða þeim framkvæmdum. Þannig er nýting fjármuna háværkuð og rask í skólustarfi mögulega minna vegna samlegðaráhrifa.
- Viðhaldsátakið styður við sparnað í rekstri borgarinnar með framkvæmdum sem bæta m.a. orkunýtingu bygginga og með fyrirbyggjandi aðgerðum í viðhaldi til að koma í veg fyrir eða minnka líkur á kostnaðarsömu meiriháttar viðhaldi í framtíðinni.
- Með því að horfa til umhverfisins við framkvæmdir, velja umhverfisvæn byggingarefni og fara í orkusparandi aðgerðir styður viðhaldsátakið grænar lausnir og lágmarkar áhrif framkvæmda á umhverfið til lengri tíma litið.



Framkvæmdir í Grunnskólum 2023

	Fasteign	Viðfangsefni
Forgangur í viðhald og endurnýjun	Hagaskóli	Húsnæðið er tóm, heildarendurnýjun húsnæðisins er í framkvæmdafasa - hönnun viðbyggingar stendur yfir - niðursetning á færanlegum stofum stendur yfir
	Álftamýrarskóli	Mótvægisáðgerðum vegna raka- og mygluvandamála að ljúka í sumar. Hönnun vegna klæðningar, aðgengis, þaks og fleira í undirbúningi. Boðið verður út og hafist handa við framkvæmdir á næsta ári. Þær framkvæmdir munu kalla á tilfærslu einhvers hluta nemenda úr húsi.
	Langholtsskóli	Mótvægisáðgerðum vegna raka- og mygluvandamála verið sinnt í vetur og sumar og ákveðið vegna umfangs að endurnýja og uppfæra að stórum hluta eitt hús skólans (kjallari álmu C) og sinna viðgerðum á færanlegum stofum. Kennsla 9. og 10. bekkjar fer þá fram í Ármúla 28-30 til áramóta.
	Laugalækjaskóli	Mótvægisáðgerðum vegna raka- og mygluvandamála lokið en skólinn áfram í eftirfylgd. Gluggaskipti að hefjast í sumar og samhlíða hönnun á utanhússklæðningu. Verið að vinna við inngang og salerni í norðurhúsi og suðurhúsi. Suðurhúsið er úttekt.
	Laugarnesskóli	Mótvægisáðgerðir áframhaldandi í sumar og meðfram vetri. Verið að undirbúa hönnunargögn og bráðabirgðahúsnæði fyrir heildarendurnýjun. Búið er að bjóða út verk- og byggingarstjórnun á verkefninu. Færanlegu stofumar hafa verið í viðgerðum.
	Réttarholtsskóli	Heildar endurnýjun á Sérgreinahúsi, búið að koma fyrir kennslueiningum vegna endurgerðar B-álmú, vinna stendur yfir á endurnýjun á fjórum kennslustofum 2.hæð aðalbyggingar
	Vogaskóli	Vænst til að mótvægisáðgerðir vegna raka- og mygluvandamála klárast að fullu í sumar. Hefur staðið yfir gluggaendurnýjun í nýrri hluta skólans. Húsnæði Hjálpræðishersins og Ármúli 28-30 verið hagnýtt sem bráðabirgðahúsnæði í vetur en öll kennsla verður innan skólans frá skólasetningu. Nýtt rakavandamál að koma upp í gólf í kjallara.
	Norðlingaskóli	Mótvægisáðgerðum vegna raka- og mygluvandamála að mestu lokið. Gert verður við til bráðabirgða þangað til hægt er að fara í umfangsmeiri framkvæmdir á næsta ári. Hönnunargögn í vinnslu
	Breiðholtsskóli	Þarfagreining hafin. Mikil endurnýjun áætluð sem mun að öllum líkindum kalla á tilfærslu á skólasterfi úr húsi. Breytingar í sal og smíðastofu ásamt lagfæringum á þaki yfir sviðinu lokið
	Hólabrekkuskóli	Mikil endurnýjun hafin á tveimur hlutum skólans en í vetur stóðu þar yfir mótvægisáðgerðir vegna raka- og mygluvandamála. Byrjað er að tæma úr byggingunum og hefst svo endurnýjun á þaki og gluggum ásamt endurbótum á hljóð- og innivist. Búið er að bjóða út verk- og byggingarstjórnun á verkefninu. Kennsla verður að hluta til færð í Korpuskóla meðan framkvæmt verður.
	Rimaskóli	Mótvægisáðgerðum vegna raka- og mygluvandamála lokið. Búið er að bjóða út utanhússfrágang á áföngum 1-3 sem felur í sér endurnýjun á útveggjaklæðningu, einangrun, þakefni ásamt gluggum og útfihurðum. Kominn verktaki og byrjaðir að grafa frá sökklum, aðgerð lýkur næsta sumar. Allt utanhúsaðgerðir.
	Ingunnarskóli	Endurnýjun á utanhússklæðningu, verktaki gafst upp og unnið er að riftun verksamnings og fá annan til að klára.
	Melaskóli	Mótvægisáðgerðir vegna raka- og mygluvandamála hófust strax eftir skólaslit. Gert verður við til bráðabirgða svo kennsla geti haldið áfram í skólanum næsta vetur. Samhlíða er verið að endurhanna eldra hús skólans sem verður endurnýjað að stórum hluta. Sú framkvæmd mun kalla á tilfærslu nemenda úr skólanum. Búið er að bjóða út verk- og byggingarstjórnun á verkefninu.



Framkvæmdir í Grunnskólum 2023

Fasteign	Viðfangsefni
Hvassaleitisskóli	Talsverð endurnýjun staðið yfir að 2.hæð norðurálmú í vetur. Búið að gera útboðsgögn fyrir endurnýjun glugga og gert ráð fyrir að sú vinna hefjist í sumar. Endurgerð 2.hæð suðurálmú ráðgerð næsta sumar. Tekin stofa og stofa meðfram skólasterfi.
Fossvogsskóli	Vinna stendur yfir við endurgerð Meginlands ásamt því að unnið er að útfærslu á stækkun Meginlands.
Árbæjarskóli	Breytingar í kjallara
Foldaskóli	Mótvægisáðgerðir vegna raka- og mygluvandamála hafa staðið yfir í vetur og er að mestu lokið. Verið er að skoða útfærslu varðandi klæðningu á húsinu og í sumar verða talsverðar framkvæmdir sem fela í sér endurnýjun loftaklæðningar, dúka og loftljósa ásamt málningarvinnu.
Ártúnsskóli	Endurbætur á klæðningu og gluggum ásamt ýmsum lagfæringum innanhúss (framhald frá 2022)
Borgarskóli	Utanhúsklæðning ásamt ýmsum lagfæringum innanhúss
Breiðagerðisskóli	Endurnýjun á gluggum á skrifstofuhæð, utanhúsklæðning í undirbúningi. Framkvæmd að ljúka með nýtt dren, tröppur við suðurhlíð.
Hamraskóli	Ný loftræsing og kerfisloft, í vinnslu og nánast lokið. Unnið að einangrun og frágangi í risi. Steyptur upp hjólastjólarampur við kjallara.
Húsaskóli	Gluggaviðgerðir í gangi.
Klébergsskóli	Gluggaviðgerðir í gangi.
Vesturbæjarskóli	Mótvægisáðgerðir og bráðabirgðaviðgerðir vegna raka- og mygluvandamála standa yfir og halda áfram næsta vetur. Verið er að klára gögn fyrir þakendurnýjun sem er áætluð vorið 2024. Sú framkvæmd mun kalla á tilfærslu á skólasterfi að einhverju leyti
Brúarskóli Vesturhlíð Brúarskóli Dalbraut	Endurnýjun á þakklæðningu. Mótvægisáðgerðum lokið, fluttu yfir í næsta hús.
Lindargötuskóli	Utanhússviðgerðir
Grandaskóli	Endurnýjun neysluvatnslagna. Áfangi 1, álma C, í úttekt.
Tjarnaskóli	Mótvægisáðgerðir vegna raka- og mygluvandamála að hefjast í sumar. Samhliða þeim verða þakgluggar endurnýjaðir
Bjarkarhlíð	Heildarendurnýjun (framhald frá 2022)
Vörðuskóli	Endurnýjun á gluggum og þaki. Undirbúningur á viðgerðum á útveggjum stendur yfir.
Vogabyggð	Fyrsta áfanga hönnunarsamkeppni líkur á næstu misserum og fer verkefnið á næsta stig hönnunarsamkeppni í framhaldi



Framkvæmdir í Leikskólum 2023

	Fasteign	Viðfangsefni
Forgangur í viðhald og endurnýjun	Grandaborg	Lokað, húsnæði tóm. Heildarendurnýjun. Rif inni byrjuð. Byggingaáform í samþykktarferli hjá byggingafulltrúa. Hönnunarfasi stendur yfir og framkvæmdirnar verða boðnar út í einum áfanga í haust. Endurbæturarnar verða Svansvottaðar.
	Hlíð, Sóhlíð	Lokað, húsnæði tóm. Verið að sinna viðhaldi á útveggjum, lögnum, dreni og gluggum í samhengi við úrbætur vegna raka- og mygluvandamála. Starfsemi hefur verið færð í Ævintýraborg við Nauthólsveg. Stefnt á að ljúka framkvæmdum um mitt næsta ár
	Laugasól, Laugaborg	Mótvægisáðgerðum lokið og búið að opna fyrir útboð á gagngerum endurbótum og breytingum á niðurgrofnum kjallara í húsinu. Heildarendurnýjun á raf-, loftræsti- og lagnakerfum hússins. Áætlað að hefja framkvæmdir fyrir haust. Starfsemi verður færð í Safamýrarskóla meðan framkvæmt er.
	Laugasól, Lækjaborg	Mótvægisáðgerðum vegna raka- og mygluvandamála lokið en áfram í eftirfylgd. Verið að þarfa greina áður en hönnunarvinna fyrir heildarendurnýjun hússins fer af stað.
	Sunnuás	Lokað, húsnæði tóm, niðurríf í gangi. Heildarendurnýjun áætluð og hönnun vel á veg komin. Starfsemi skólans færð í Kringluna 1 og verður þar til hausts en þangað til er verið að útbúa Ævintýraborg á lóð Sunnuáss sem hýsa mun starfseminna þangað til skólinn hefur verið endurnýjaður að fullu.
	Garðaborg	Lokað, húsnæði tóm. Heildarendurnýjun á öllu húsinu. Búið er að hreinsa úr húsinu og færa starfsemi í Gömlu Brákarborg. Hönnun á lokametrum og vænst til þess að bjóða út með haustinu. Framkvæmdin verður Svansvottuð
	Hálsaskógur, Hálsaborg	Heildarendurnýjun á öllu húsinu. Búið er að hreinsa úr húsinu og færa starfsemi í Ævintýraborg í Vogabyggð. Hönnun á lokametrum og vænst til þess að bjóða út með haustinu. Framkvæmdin verður Svansvottuð
	Árborg	Húsið allt tekið til heildarendurnýjunar. Búið er að hreinsa úr húsinu og færa starfsemi inn í Selásskóla. Hönnun á lokametrum og vænst til þess að bjóða út með haustinu
	Fífuborg	Mótvægisáðgerðum vegna myglu- og rakavandamála lokið. Búið að opna fyrir útboð fyrir umfangsmikla endurnýjun og vænst til þess að framkvæmdir hefjist í haust. Þær framkvæmdir munu kalla á tilfærslu starfseminnar inn í Húsaskóla. Talsverður fjöldi leikskóla borgarinnar byggir á grunnmynd Fífuborgar og verður því hægt að samnýta hönnunarlausnir inn í fleiri skóla. Framkvæmdin verður Svansvottuð.
	Hlíð, Hlíðarborg	Mótvægisáðgerðum vegna raka- og mygluskemmda lokið. Endurhönnun langt komin sem kalla mun á tilfærslu á starfsemi úr húsinu á meðan framkvæmdatíma stendur. Húsið verður í eftirfylgd þangað til hægt er að hefja framkvæmdir
	Langholt, Sunnuborg, Holtaborg,	Mótvægisáðgerðir vegna raka- og mygluvandamála í fullum gangi í Sunnuborg og Holtaborg. Í kringum sumarlokun leikskólans er verið að endurnýja að innan- og utanverðu í færanlegu stofum skólans.
	Kvistaborg	Heildarendurnýjun áætluð og starfsemi í húsinu að mestu lokað vegna raka- og mygluvandamála. Starfsemi fer fram í bráðabirgðahúsnæði við lóð skólans og fer svo í annað bráðabirgðahúsnæði þegar skólinn verður tekinn til heildarendurnýjunar



Framkvæmdir í Leikskólum 2023

	Fasteign	Viðfangsefni
Forganur í viðhald og endurnýjun	Suðurborg	Endurgerð lóðarinnar
	Ártúnsskóli, Kvarnaborg	Þarfagreining hafin. Mikil endurnýjun áætluð sem kalla mun á tilfærslu á skólastarfi úr húsi
	Brekuborg	Í sumarlokun settur gólfhiti og flísað upp á nýtt (anddyri, forstofa, fataklefi)
	Sunnufold, Frosti	Þarfagreining vegna heildarendurnýjunar skólans að hefjast
	Safamýri 5	Nýttur sem bráðabirgðahúsnæði til hausts 2026. Verið að bæta hljóðvist, setja upp nýja lámpa, skipta um dúka o.fl.
	Nóaborg	Frágengið og nýppgert.
	Mariuborg	Mótvægisáðgerðum er lokið. Hönnunargögn nánast tilbúin fyrir ýmsar lagfæringar og uppfærslu en starfsemi þarf að flytja út á meðan, ótímasett aðgerð. (Sömu hönnunargögn fyrir aðra leikskóla Neshamrar o.fl.)
	Klettaborg	Gólfhiti kominn. Verður málað rautt að utan í sumar
	Brákarborg, Kleppsvegi	Lokið og húsnæðið komið í notkun
	Hulduheimar	Þéttingar á gluggum lokið.
	Nes-Hamar	Útíhurðaskipti og þéttingar á öllum gluggum er lokið. Í sumar og haust verður skipt um þakvæng í austur.
	Gullborg	Endurbætur á salernum stendur yfir
	Funaborg	Ekkert í gangi vegna fyrirhugaðrar stækkunar sem hefur verið frestað ár eftir ár. Þörf á heildarúrbótum innanhúss.
	Ósp	Mótvægisáðgerðir vegna raka- og mygluvandamála að hefjast í kringum sumarlokun leikskólans og tækifærið nýtt til talsverðrar endurnýjunar. Deilliskipulag vegna starfsmannaaðstöðu á lóð liggur fyrir og stefnt á uppsetningu á þessu ári
	Vesturborg	Mótvægisáðgerðir.
	Rauðhóll	Endurnýjun á mötuneyti stendur yfir ásamt breytingu á starfsmannaaðstöðu ?
Engjaborg	Í sumarlokun settur gólfhiti og flísað upp á nýtt (anddyri, forstofa, fataklefi)	



Framkvæmdir í Frístund & Félagsmiðst. 2023

	Fasteign	Viðfangsefni
Forganur í viðhald og endurnýjun	Hundarðellefu/Gerðuberg 1	Nánari ástandsskoðun
	Þrótheimar	Úttekt og kostnaðaráætlun í vinnslu
	Tónabær-Álftabær	Nánari ástandsskoðun
	Laugarsel	Nánari ástandsskoðun
	Ársel	Lagfæringar vegna innivistar
	Fólkvangur	Endurnýjun gólfefna ásamt gólfhita og endurnýjun vatnslagna.
	Undraland	Þakskipti í sumar



Endurgerð á Leik- og grunnskólalóðum 2023

Fasteign	Viðfangsefni
Hálsaskógur-Borg	2. áfangi
Klambrar	2. áfangi
Suðurborg	1. áfangi
Tjarnaborg-Tjörn	
Borgarskóli	1. áfangi



